DÍSA Í WORLD CLASS

Varði síðustu áramótum í hita og sól í Afríku

Áramót

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

FASTEIGNIR

Nýtískulegt funkishús

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

SVÖLUSTU STELPURNAR

Best klæddu stjörnur ársins 2007

42

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. desember 2007 — 355. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Níu ára í speglinum

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur er fimmtugur í dag.

TÍMAMÓT 22

Skaupið er frábært

Jón Gnarr segir að það sé ekki verið að breyta stjórnarskránni með Skaupinu.

FÓLK 62

Áramótaávörp formanna

Formenn íslensku stjórnmálaflokkanna gera upp árið. Allir eru þeir sammála um að árið hafi verið mjög viðburðaríkt í stjórnmálum.

SKOÐUN 10, 12 OG 16

Marel aftur til Breiðabliks

Knattspyrnukappinn Marel Baldvinsson gekk í raðir Breiðabliks á nýjan leik í gær þegar hann skrifaði undir þriggja ára samning við félagið.

ÍÞRÓTTIR 52

VEÐRIÐ Í DAG



HVESSIR VESTAN TIL Í KVÖLD

Í dag verður sunnan 10-18 m/s sunnan og vestan til, hvassast allra vestast, annars 8-15 m/s. Þurrt á Austurlandi, annars skúrir eða él. Hiti 0-5 stig að deginum.

SJÁ ÁRAMÓTASPÁNA Á BLS. 4



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Yfir 200 notaðir Range Rover bílar á bílasölum

Á síðustu þremur mánuðum hafa yfir 200 notaðir Range Rover bílar verið skráðir á sölu. Bílarnir kosta samanlagt tæpa tvo milljarða. Hálfur milljarður áhvílandi.

VERSLUN Yfir 200 notaðir Range Rover-bílar hafa verið settir á söluskrá á bílasölum landsins á síðustu þremur mánuðum. Samanlagt verðmæti bílanna er tæplega tveir milljarðar króna og á þeim hvíla skuldir upp á vel rúmlega hálfan milljarð, að því er úttekt Fréttablaðsins leiðir í ljós.

Bílarnir eru um 220. Þeir eru nær allir árgerð 2000 eða yngri. Þeir ódýrustu kosta um fimm milljónir en þeir dýrustu eru verðlagðir á sautján og hálfa milljón. Afborganir af tugum þessara bíla nema yfir hundrað þúsund krónum á mánuði, og sumum allt upp í 150 þúsund krónur.

Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins á hver skuldari enn eftir að greiða rúmar fimm milljónir að meðaltali af bíl sínum, en þess ber að geta að margir hafa greitt bíla sína að fullu.

Þrátt fyrir að svo margir Range Rover-eigendur reyni nú að selja dýra bíla sína án þess að hafa borgað af þeim er ekki mikið um vanskil af lúxusbílalánum, að sögn Péturs B. Magnússonar, forstöðumanns innheimtu- og lögfræðisviðs Lýsingar. „Við könnumst allavega ekkert við það hjá Lýsingu," segir hann. Auður Rafnsdóttir, yfirmaður innheimtudeildar hjá SP Fjármögnun, vildi ekki tjá sig um málið.

- sh

Róa hestana um áramótin:

Ný heyrúlla og traktor í gangi

HÚSAFELL **Ábúendur á Húsafelli beita brögðum til að halda ró yfir um 15 hrossum í girðingu í sprengjuregni um áramótin. Hrossin fá nýja heyrúllu á gamlárskvöld og traktor verður hafður í gangi til að hestarnir heyri kunnuglegt hljóð.**

„Það þarf ekki mikið til að hræða hrossin, sér í lagi þau sem ekki eru borgarbúar," segir Sigríður Snorradóttir, íbúi á Húsafelli.

Hún segir að þetta hafi gefist vel á undanförnum árum. Sífellt fleiri dvelji í orlofshúsum á svæðinu um áramót, og þó lætin séu ekkert í líkingu við það sem gerist í þéttbýli stressi sprengingarnar hrossin.

Í þéttbýli er algengt að hestaeigendur byrgi glugga í hesthúsum, hafi kveikt inni og útvarp í gangi.

- bj

Barnsfæðingar í Danmörku:

Stóraukin tíðni tæknifrjóvgana

DANMÖRK Brátt verður allt að því fimmta hvert barn sem fæðist í Danmörku „glasabarn", ef fram heldur sem horfir í fæðingamynstri kvenna í Danmörku og fleiri velmegunarlöndum.

Berlingske Tidende hefur eftir fæðingarlæknum og öðrum frjósemissérfræðingum frá ýmsum löndum að innan fárra ára séu horfur á að 15-20 prósent allra fæddra barna verði getin í tilraunaglasi. Nú mun þetta hlutfall í Danmörku vera rúmlega sjö prósent.

Eftirspurn eftir tæknifrjóvgunum hefur stóraukist í takt við hækkandi aldur kvenna er þær eignast sitt fyrsta barn.

- aa

SPURNING DAGSINS

Gunnar, er gott að hossast í Kópavogi?

„Það er auðvitað best að hossast þar."

Sviðsstjóri þjónustusviðs Strætó hefur farið þess á leit við yfirvöld í Kópavogi að hraðahindrunum þar verði fækkað. Vagnstjórar á ákveðnum leiðum í Kópavogi fari yfir 500 hraðahindranir á vakt.

Björgunarfólk stóð í ströngu í miklu vatnsveðri sem gekk yfir í gær:

Flæddi upp úr niðurföllum og klósettum

VEÐUR Mikið annríki var hjá björgunarsveitarmönnum, slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum sveitarfélaga í miklu vatnsveðri sem gekk yfir landið í gær. Yfir 320 björgunarsveitarmenn stóðu vaktina og fóru í yfir 220 útköll um land allt.

Ástandið var verst á höfuðborgarsvæðinu, þar sem vatnselgur flæddi um göturnar í asahláku og frárennsli fylltust. Björgunarsveitir fóru í um 120 útköll á höfuðborgarsvæðinu.

„Þetta hafa mest verið útköll vegna vatnstjóns og foks," segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Landsbjargar. Hún segir að ekki hafi heyrst af meiðslum á fólki, tjónið hafi fyrst og fremst verið á eignum fólks.

„Það hefur flætt mikið í Reykjavík og víðar, upp úr niðurföllum, klósettum og þess háttar," segir Ólöf. Vegna vatnsaga í holræsakerfi borgarinnar leituðu rottur upp á yfirborðið í borginni, einkum í eldri hverfum.

Björgunarsveitarmenn hafa undanfarna daga undirbúið flugeldasölu sveitanna fyrir áramótin, en vegna veðurs þurftu sumar sveitir að kalla til gamla félaga til að standa vaktina í flugeldasölum á meðan björgunarsveitarmenn fóru í útköll.

FLÓÐ Vatn flæddi um götur í Mosfellsbæ í gær þegar úrhellið bræddi snjó og niðurföll stífluðust. Lögregla þurfti að loka götum og borgarstarfsmenn unnu hörðum höndum að því að hreinsa úr niðurföllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við erum ávallt viðbúin," segir Ólöf, sem segir óveðrið varla koma niður á flugeldasölu. Líklegra sé að það minni landsmenn á mikilvægi björgunarsveitanna.

- bj

VATNSLEKI Björgunarsveitarmenn, slökkvilið og starfsmenn brugðust hratt við leka í Húsgagnahöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vatn lak víða í veðurofsanum:

Leki á lager og hjá Múlakaffi

VEÐUR Slökkvilið og björgunarsveitir fóru víða í gær til að bregðast við leka í fyrirtækjum og heimahúsum. Talsvert vatn hafði lekið upp úr niðurföllum í lager í kjallara Húsgagnahallarinnar við Bíldshöfða, en að sögn slökkviliðs virtist tjónið minna en óttast var.

Aðkoman var einnig slæm í Múlakaffi, þar sem vatn í kjallara náði um 90 sentimetra hæð þegar að var komið. Tjónið þar var einnig minna en búist var við.

Víða flæddi upp úr niðurföllum og inn í hús á höfuðborgarsvæðinu og ekki óalgengt að vatnshæðin væri 40 til 50 sentimetrar að sögn slökkviliðsins. **- bj**

SADDAM SYRGÐUR Íraki grætur við blómum þakta gröf Saddams Hussein í Tikrit í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öryggisráðstafanir í Tíkrit:

Ár liðið frá aftöku Saddams

ÍRAK, AP Ár er liðið síðan Saddam Hussein, fyrrum einræðisherra Íraks, var hengdur í Baghdad. Á dánardegi hans í gær söfnuðust hundruð manna saman við gröf hans í heimabæ hans, Tikrit.

Grafhýsi Saddams var þakið blómum, fánum Íraks og myndum af brosandi einræðisherranum. Sumir héldu þrumandi ræður meðan aðrir vottuðu virðingu sína í hljóði.

Öryggisráðstafanir voru í hámarki en í fyrra braust út alda óeirða eftir hengingu Saddams. Áttatíu manns létust í sprengingum og öðrum árásum þann dag.

- eá

LÖGREGLUFRÉTTIR

Mörg beinbrot í asahláku

Mikið álag var á slysa- og bráðamóttöku Landspítalans í mikilli asahláku í gærmorgun. Gert var að beinbrotum milli tíu og tuttugu einstaklinga, að sögn vakthafandi læknis. Algengustu brotin voru ökklabrot, úlnliðsbrot og axlarbrot.

Tíunda hlýjasta árið frá upphafi mælinga

Óvenjumikil úrkoma var á mestöllu Suður- og Vesturlandi á árinu sem er að líða og hitinn lítillega hærri en árið 2006. Fjórtánda til fimmtánda hlýjasta árið norðaustanlands. Hitinn í Reykjavík var 1,2 stigum fyrir ofan meðallag.

VEÐUR Árið sem nú er að líða telst það tíunda hlýjasta frá upphafi mælinga á velflestum veðurmælingastöðvum um sunnan- og vestanvert landið. Árið 2007 mælist í fjórtánda til fimmtánda sæti yfir hlýjustu árin Norðaustanlands.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var hitinn í Reykjavík 1,2 stigum fyrir ofan meðallag og er það lítillega hærra en árið 2006. Það er þó aðeins kaldara en árið 2004 og meira en hálfu stigi kaldara en meðalhiti ársins 2003 sem var metár í hitamælingum í Reykjavík.

TRAUSTI JÓNSSON Veðurfræðingur FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Árið 2007 var hlýtt og blautt," segir Trausti Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, en úrkoman var óvenjumikil á mestöllu Suður- og Vesturlandi. „Þetta er með blautustu árum hérna í Reykjavík," og telur Trausti að þar sem mikillar úrkomu sé spáð þessa síðustu helgi ársins sé trúlegt að úrkoman fari nálægt metum á einhverjum stöðvum. Er það ekki síst athyglisvert í ljósi þess að fádæma þurrt var langt fram eftir sumri á mestöllu landinu. Var úrkoman norðaustanlands hins vegar nær meðallagi þegar litið er á árið í heild.

Á Suður- og Vesturlandi hefur úrkomutíð staðið nær samfellt frá því í ágúst og hefur úrkoma síðustu fimm mánuði ársins aldrei mælst meiri í Stykkishólmi þar sem mælt hefur verið frá árinu 1857. Þá er úrkoman í Reykjavík mun meiri en nokkru sinni á sama tímabili ársins en í Reykjavík eru til samfelldar mælingar frá árinu 1921 auk mælinga á árunum 1885 til 1906. Sömuleiðis hefur úrkoma ekki mælst meiri frá ágúst til ársloka í Vestmannaeyjum þar sem samfelldar mælingar eru til frá árinu 1881.

Í Reykjavík var júlímánuður sá næsthlýjasti frá upphafi samfelldra mælinga og aðeins júlí 1991 var hlýrri.

Þótt haustið hafi verið nokkuð blautt norðanlands þornaði þegar leið á vetur og var nóvember til dæmis einn hinn þurrasti sem þekkist á Akureyri. Hefur hiti í vetur lengst af verið í ríflegu meðallagi en tíð verið rysjótt og sérlega stormasöm eftir 20. nóvember. Þá segir Trausti mjög snjólétt hafa verið það sem af er vetri.

„Þetta er svona svipað og verið hefur undanfarin ár," segir Trausti að lokum. **olav@frettabladid.is**

GOTT VEÐUR Í REYKJAVÍK Frá Austurvelli sumarið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flokksstjórn Þjóðarflokks Pakistans felur syni og ekkli Benazir Bhutto flokksforystuna:

Sniðganga ekki kosningarnar

PAKISTAN, AP Nítján ára gamall sonur Benazir Bhutto, Bilawal Zardari, var í gær valinn til að taka við formennsku í stærsta stjórnmálaflokki Pakistans.

Þar með er þeirri hefð viðhaldið að Bhutto-ættin haldi um stjórnartaumana í Þjóðarflokknum, sem afi Bilawals stofnaði fyrir 40 árum. Á fundi flokksstjórnarinnar í gær var þó jafnframt ákveðið, að ekkill Bhutto, Asif Ali Zardari, stýrði flokknum fyrst um sinn, fyrir hönd sonarins og sem meðformaður.

Enn fremur var ákveðið að flokkurinn myndi taka þátt í komandi þingkosningum, sem áformaðar eru 8. janúar. Hvatning flokkstjórnar Þjóðarflokksins til að staðið verði við þá dagsetningu virtist í gær eyða vangaveltum um frestun þeirra í kjölfar morðsins á Bhutto. Flokksstjórnin hvatti jafnframt hinn aðalstjórnarandstöðuflokkinn, sem fyrrverandi forsætisráðherrann Nawaz Sharif fer fyrir, til að taka líka þátt. Talsmenn hans sögðust í gærkvöld ætla að hlýða því kalli. Þar með virðist þeirri hættu bægt frá, að stjórnarandstaðan í heild sinni sniðgangi kosningarnar.

FEÐGAR Í FÓTSPOR BHUTTO Asif Ali Zardari, ekkill Benazir Bhutto, og sonur þeirra, Bilawal, á blaðamannafundi í Naudero við Larkana í Pakistan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Hin langa barátta flokksins fyrir lýðræði mun halda áfram af endurnýjuðum krafti," sagði Bilawal á blaðamannafundi. „Móðir mín sagði alltaf að lýðræði væri besta hefndin." **- aa**

ÓÁRENNILEGUR JÖKULLINN Varaformaður björgunarsveitarinnar Oks í Reykholtsdal segir veðrið á Langjökli í fyrrinótt hafa verið engu líkt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björgunarafrek í fárviðri:

Ellefu bjargað af Langjökli

BJÖRGUN „Ég hugsa nú að allir björgunarsveitarmennirnir sem tóku þátt í aðgerðunum upp á jökli hafi sofnað strax og heim var komið," sagði Björn Björnsson, varaformaður björgunarsveitarinnar Oks í Reykholtsdal, skömmu eftir að ellefu ferðalöngum hafði verið bjargað niður af Langjökli í gær.

Ferðalangarnir höfðu setið fastir í bílum sínum frá því í fyrrakvöld. Björn segir ferðalangana hafa verið vana og velútbúna. Bilanir í bílum og erfið færð hafi orðið til þess að það komst ekki niður af jöklinum áður en veðrið tók að versna.

Auk björgunarmanna frá björgunarsveitinni Oki komu menn frá björgunarsveitinni Heiðari frá Varmalandi fólkinu til hjálpar í fyrrinótt. „Veðrið á jöklinum var engu líkt, um og yfir 100 metra vindhraði á sekúndu," segir Björn um aðstæður en ferðalangar og björgunarsveitarmenn komu í ekki í Húsafell fyrr en um klukkan fjögur í gærdag. **- kdk**

JÓLAMARKAÐI LOKAÐ Í kvöld verður jólamarkaðnum lokað snemma í stað þess að vera opinn fram eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hryðjuverkaótti í Brussel:

Áramótafögnuði aflýst

BELGÍA, AP Ótti við hryðjuverk setur mark sitt á áramótafögnuð í Brussel. Meðal öryggisráðstafana í nafni hryðjuverkavarna hefur árvissri flugeldasýningu í miðborginni á gamlárskvöld verið aflýst og vinsælum jólamarkaði lokað.

Yfirvöld óttast hryðjuverkaárás eftir að lögregla handtók fjórtán manns í síðustu viku, grunaða um að áforma að frelsa al-Kaída-liðann Nizar Trabelsi úr belgísku fangelsi. Vegna skorts á sönnunum var hinum grunuðu sleppt sólarhring síðar. Yfirvöld telja sig hafa upplýsingar um ráðagerð þeirra um að frelsa fangann með sprengiefnum og öðrum vopnum. **- eá**

ÍSLENSKA/SÍA.IS/TOY 40166 12/07

Gleðilegt ár

Við færum landsmönnum öllum hugheilar óskir um farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptavinum ánægjuleg samskipti og traustið sem við höfum notið af þeirra hálfu á árinu sem er að líða.
Lifið heil á nýju ári.

Starfsfólk Toyota

GENGIÐ 28.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	61,87	62,17
Sterlingspund	123,69	124,29
Evra	90,93	91,43
Dönsk króna	12,192	12,264
Norsk króna	11,396	11,464
Sænsk króna	9,611	9,667
Japanskt jen	0,5483	0,5515
SDR	97,61	98,19

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,9007
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jón Gerald Sullenberger sendir fjölmiðlum tölvupósta og gögn úr Baugsmálinu:

Vill að fólk sjái hver sé að segja satt

BAUGSMÁL Jón Gerald Sullenberger, einn sakborninga úr Baugsmálinu, lét í gær senda tæplega 400 síður af gögnum málsins til fjölmiðla.

Þar á meðal er það sem lítur út eins og tölvupóstar til og frá sakborningunum þremur: Jóni Gerald, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Tryggva Jónssyni. Þar eru einnig bókhaldsgögn frá Baugi. „Þessi gögn koma upphaflega frá mér," staðfestir Jón Gerald. „Mér finnst það mjög áríðandi að almenningur sjái hvað er að gerast."

Hann segir enga sérstaka ástæðu fyrir því að hann sendi gögnin nú. Þó megi segja að þar sem enn sé langt í að Hæstiréttur fjalli um dóm héraðsdóms frá því í sumar verði seint hægt að saka hann um að reyna að hafa áhrif á dómstóla með því að birta gögnin.

„Í öllu þessu máli er ég búinn að koma hreint og beint fram, og segja sannleikann, en ekki þeir. Með þessum gögnum sér fólk það," segir Jón Gerald.

Hann segir að eitthvað af því sem fram kemur í gögnunum hafi komið fram áður, en til viðbótar sé margt sem ekki hafi komið fram.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, staðfesti í gær að hér væri um að ræða afrit af einni af 87 möppum með málsgögnum. Hann benti á að í málinu væru sannarlega fleiri tölvupóstar sem ekki væru í þessum gögnum. Aðspurður segir Sigurður Tómas að ekkert sem fram komi í skjölunum geti beinlínis skaðað málið, sakborningarnir hafi fengið gögnin, og þeim sé í sjálfsvald sett hvort þeir geri þau opinber. - bj

JÓN GERALD SULLENBERGER

SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON

HÓLF TÍGRISDÝRANNA Lögregla rannsakaði hvernig dýrinu tókst að sleppa úr hólfi sínu og ráðast á þrjá menn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Veggir lægri en viðmið segja:

Tígurinn stökk yfir lága veggi

BANDARÍKIN, AP **Yfirmaður dýragarðsins í San Francisco í Bandaríkjunum þar sem unglingur var drepinn af tígrisdýri á jóladag segir það verða æ ljósara að dýrið hafi stokkið eða klifrað út úr hólfi sínu. Búið er að útiloka að síberíutígurinn Tatjana, sem vó 160 kíló, hafi sloppið gegnum opið hlið.**

Samkvæmt viðmiðum Samtaka dýragarða og sædýrasafna eiga veggir kringum hólf tígrisdýra að vera minnst fimm metra háir. Veggirnir kringum Tatjönu voru hins vegar aðeins 3,8 metrar. - sdg

VEÐUROFSI

Rafmagn fór af á Vesturlandi

Rafmagn fór af Mýrarlínu í Borgarfirði á tíunda tímanum í gær. Vinnuflokkur frá RARIK í Borgarnesi fann bilunina og lagfærði við afar erfiðar aðstæður. Mikið hvassviðri var undir Hafnarfjalli sem torveldaði viðgerð.

Ferðir Herjólfs felldar niður

Báðar ferðir Herjólfs til og frá Vestmannaeyjum voru felldar niður í gær vegna veðurs, sem og ferðir ferjunnar Baldurs. Þá var öllu innanlandsflugi aflýst og millilandaflug lá niðri fram eftir degi.

Kaffihús Frakklands reyklaus á nýju ári

Frönsk veitinga- og kaffihús bætast eftir áramótin í raðir þeirra opinberu staða þar sem reykingar verða framvegis bannaðar. Hið herta reykingabann í Frakklandi er nýjasti stóri áfanginn í tóbaksvarnaaðgerðum í heiminum.

FRAKKLAND, AP Eitt síðasta vígið í huga þeirra sem telja það mannréttindi að fá að reykja hvar og hvenær sem er fellur núna um áramótin þegar ekki verður lengur leyfilegt að kveikja sér í sígarettu á frönskum kaffihúsum.

Veitingahús, hótel, spilavíti, skemmtistaðir og krár eru einnig staðir sem reykingabann í Frakklandi nær nú til frá og með 1. janúar. Er þetta áfangi í hertum lögum um reykingabann sem tóku gildi febrúar síðastliðinn á flestum vinnustöðum, skólum, flugvöllum, sjúkrahúsum og öðrum opinberum stöðum innandyra á borð við lestarstöðvar.

Hér eftir verður bannað að reykja nánast alls staðar innandyra í Frakklandi nema á heimilum, í hótelherbergjum og þéttlokuðum og loftræstum reykherbergjum.

„Frönsk menning tengd reykingum er 20. aldar fyrirbæri, en við munum ekki gleyma reynslunni," sagði Parísarbúinn og fyrrverandi reykingamaðurinn Lisa Zane. „Að reykja virðist galið núna, við verðum að aðlagast."

Franska heilbrigðisráðuneytið segir annan hvern reykingamann látast vegna kvilla sem rekja má til reykinga. Og um 5.000 manns deyi árlega af völdum óbeinna reykinga. Um fjórðungur hinna nær 60 milljóna íbúa Frakklands reykir.

Tíu þúsund mótmælendur, aðallega tóbakssalar, gengu um götur Parísar í nóvember í tilraun til að fá yfirvöld til að hafa nýju reglurnar sveigjanlegri. Tilraunin tókst ekki en sú málamiðlun sem yfirvöld buðu var að horfa í gegnum fingur sér með reykingar á þessum stöðum fram til 2. janúar. Þau hafa líka sagt að reykingamenn geti fagnað nýju ári án þess að eiga sektir yfir höfði sér. Eftir það verður sekt fyrir reykingar á bannsvæði að andvirði allt að 41.000 krónum.

sdg@frettabladid.is

Reykingabann víða um heim

Kaffihúsaeigendur í Frakklandi eru þungbúnir þessi áramót þegar ný hertari lög um reykingabann taka gildi. Reykingar hafa verið bannaðar í opinberum rýmum – á borð við sjúkrahús, skóla og skrifstofur – síðan í febrúar síðastliðnum. Skemmtistaðir, veitingastaðir, kaffihús og fleiri staðir fengu aukinn tíma til að aðlagast reglunum.

Hong Kong: Innanhúss í opinberum byggingum. Barir, næturklúbbar og Mahjong-spilastofur undanskildar til ársins 2009.

Portúgal: Nánast allar opinberar byggingar.

Dúbaí: Stjórnvaldsbyggingar, skólar, framhaldsskólar.

Finnland, Eistland og Bretland: Allar opinberar byggingar.

Ísland: Allar opinberar byggingar, veitingastaðir og skemmtistaðir.

Ástralía: Krár og klúbbar í tveimur fjölmennustu fylkjunum – Nýja Suður-Wales og Viktoríu.

Þýskaland: Allar opinberar byggingar í þremur löndum. Önnur lönd fylgja 2008.

Danmörk: Veitingastaðir, barir, klúbbar, opinber samgöngutæki og vinnustaðir. Litlir barir (undir 40 fermetrum) eru undanskildir.

© GRAPHIC NEWS

SÓR EMBÆTTISEIÐ Mwai Kibaki forseti kveðst hafa náð endurkjöri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakjör í Kenía:

Ólga er Kibaki lýsir yfir sigri

KENÍA, AP Mwai Kibaki sór í gær embættiseið öðru sinni sem forseti Kenía, eftir að formaður kjörstjórnar lýsti yfir að hann hefði haft betur en keppinauturinn Raila Odinga. Munurinn hefði verið 231.728 atkvæði.

Um leið og þessi úrslit voru tilkynnt fór allt í bál og brand í fátækrahverfum Naíróbí, þar sem Odinga nýtur mests stuðnings. Þúsundir manna hrópuðu „Kibaki verður að víkja" og sökuðu stjórnvöld um svindl. Áður hafði Odinga hvatt Kibaki til að játa sig sigraðan og fór fram á endurtalningu atkvæða. Framan af talningunni var Odinga með nokkurt forskot á Kibaki. - aa

Ófarir skemmtiferðaskips:

Norskt skip sigldi á ísjaka

ARGENTÍNA, AP **Enginn slasaðist og lítið tjón varð á norsku skemmtiferðaskipi með um 300 manns innanborðs þegar það rakst á ísjaka.**

Skipið var á siglingu nærri Suðurskautslandinu þegar rafmagnstruflanir ollu því að vélar skipsins stöðvuðust. Skipið skall á ísjaka, en var ekki á mikilli ferð og tjónið því lítið. Skipið var vélarvana í 40 til 50 mínútur, og rakst ítrekað utan í jakann. - bj

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐRIÐ Á MIÐNÆTTI Í KVÖLD

Vindurinn dúrar heldur um miðjan dag en fer vaxandi á ný í kvöld og þá einkum allra vestast á landinu. En um miðnætti verður sunnan og suðaustan 13-20 m/s á landinu sunnan- og vestanverðu, hvassast allra vestast og á miðhálendinu. Annars staðar 8-15 m/s. Yfirleitt rigning fremur en slydda á suðurhelmingi landsins og eitthvað norður með Vesturlandinu. Skúrir eða él á Vestfjörðum og norðvestan til. Léttir heldur til á Norðausturlandi en skýjað og úrkomulítið fyrir austan.

VEÐURSPÁ

Áramótaveðrið - um miðnætti í kvöld



1. janúar 2008, nýársdagur



8-15 m/s. Kólnar smám saman, fyrst vestan til.

Miðvikudagur, 2. janúar 2008



3-10 m/s, hvassast syðst. Úrkomulítið.

Um hádegi í dag

Kaupmannahöfn	4°C hálfskýjað	London	8°C hálfskýjað	Friedrichshafen	-1°C snjóél
Billund	4°C heiðskírt	París	7°C hálfskýjað	Lúxemborg	4°C rigning
Osló	-4°C hálfskýjað	Amsterdam	5°C hálfskýjað	Alicante	16°C heiðskírt
Stokkhólmur	2°C skúrir	Frankfurt	3°C hálfskýjað	Róm	11°C hálfskýjað
Gautaborg	3°C léttskýjað	Berlín	2°C hálfskýjað	Las Palmas	20°C heiðskírt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Nýtt ár bíður út við sjóndeildarhring. Framundan eru spennandi tímar, ný ferðaævintýri, nýir áfangastaðir, bætt þjónusta, meiri þægindi fyrir farþega í nýjum sætum og fjölbreyttari afþreying. Við hlökkum til að njóta þessa alls með ykkur.

Starfsfólk Icelandair óskar landsmönnum gleðilegs árs og þakkar fyrir samferðina á árinu sem er að líða.

WWW.ICELANDAIR.IS

KJÖRKASSINN

Hefur þú prófað ólögleg fikniefni?

Já	26,9%
Nei	73,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Keyptir þú flugelda fyrir gamlárskvöld?

Segðu þína skoðun á visir.is

Skortur á hvíldarrýmum fyrir eldri borgara gerði fólki erfitt fyrir um jólin:

Hátíðir í uppnámi vegna skorts á rýmum

HEILBRIGÐISMÁL Júlíus Rafnsson, framkvæmdastjóri hjúkrunar- og dvalarheimilisins Grundar, segir mikinn fjölda fólks hafa leitað eftir hvíldarrými fyrir aldraða ættingja sína um jólin.

„Það er vöntun á hvíldarrýmum og þegar fólk á ættingja sem eru ekki það veikir að þeir þurfi að vera á spítala en ekki það frískir að þeir geti verið einir heima geta ýmis vandamál komið upp," segir Júlíus og nefnir að honum hafi heyrst að margir sem leituðu til hans hafa gert áætlanir um að dvelja erlendis um jólin. Að því væri þó ekki hlaupið ef amman eða afinn væri of veikur til að vera einn heima á meðan.

Deild heilabilaðra á Landakoti verður lokað 1. mars á næsta ári og sjúklingar færðir á eina deild auk þess sem tíu hvíldarpláss á spítalanum verða nýtt fyrir heilabilaða. Heilbrigðisráðuneytið bauð þó fyrir skömmu út tuttugu hvíldarpláss og vonast Júlíus til þess að þau verði komin í gagnið sem allra fyrst.

Alla jafna hafa verið um þrjátíu til fjörutíu manns á biðlista eftir hvíldarplássi á Landakoti og segir Júlíus að þörfin fyrir þessi pláss hafi verið mjög vanmetin. „Mér sýnist samt á öllu að heilbrigðisráðherra sé að vinna að lausn þessa vanda," segir hann en bendir á að jólaösin hafi sýnt sér svart á hvítu hve mikil þörf sé eftir hvíldarplássum í samfélaginu.

- kdk

JÓLAÖSIN OG ALDRAÐIR Framkvæmdastjóri Grundar segir að mikill fjöldi fólks hafi leitað eftir því að koma öldruðum ættingjum sínum í hvíldarpláss um jólin.
FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR

Maóistar í stjórn í Nepal:

Þjóðstjórn lýðveldissinna

NEPAL, AP Fimm fulltrúar uppreisnarhreyfingar maóista voru í gær skipaðir ráðherrar í ríkisstjórn Nepals og þar með efnt fyrirheit um myndun þjóðstjórnar lýðveldissinna. Ákveðið hefur verið að afnema hið aldagamla konungsveldi eftir kosningar í apríl og gera landið að lýðveldi.

GYENENDRA KONUNGUR

Nýju ráðherrarnir úr röðum maóísta munu meðal annars taka við hinu áhrifamikla ráðuneyti upplýsinga- og fjarskipamála, sem fjölmiðlar landsins heyra undir.

Nepalþing samþykkti afnám konungdæmisins í jólavikunni í samræmi við samkomulag sem helstu stjórnmálaflokkarnir höfðu áður náð.

Á síðasta ári lauk áratugarlangri uppreisn kommúnista sem lagði yfir 13.000 manns í valinn.

- eá/aa

GJAFIR Bjarni Sighvatsson og fjölskylda færðu sjúkrahúsinu gjafirnar í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Sjúkrahús fékk góðar gjafir:

Búnaður fyrir 38 milljónir

HEILBRIGÐISMÁL Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum fékk góðar gjafir í fyrradag þegar velunnarar gáfu sjúkrarúm og tæki að andvirði um 38 milljóna króna.

Bjarni Sighvatsson athafnamaðurinn hafði veg og vanda að gjöfinni, en hann gekk á fund fyrirtækja og fékk þau í lið með sér við að styrkja spítalann. Auk þess kom kvenfélagið Líkn að gjöfinni, en félagskonur hafa gefið sjúkrahúsinu tæki á hverju ári.

Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri sjúkrahússins, sagði gjafirnar koma sér vel, árlega fengi sjúkrahúsið um tvær milljónir til tækjakaupa og því munaði miklu um góðar gjafir. - bj

Hækka mun meira en aðrir starfsmenn

Grunnlaun seðlabankastjóra hafa hækkað helmingi meira en laun forsætisráðherra á síðustu þremur árum. Mánaðarlaun aðalbankastjóra Seðlabankans hafa hækkað um 400 þúsund krónur frá því Davíð Oddsson tók við árið 2005.

KJARAMÁL Laun Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra munu hækka um 6,6 prósent um áramót, og laun annarra seðlabankastjóra um 7 prósent. Um áramótin munu laun forsætisráðherra hækka um 2 prósent, og laun almennra opinberra starfsmenn um 2 til 3 prósent.

Laun seðlabankastjóra hafa hækkað um tæplega 30 prósent frá ársbyrjun 2005 til komandi áramóta. Á sama þriggja ára tímabili hafa laun forsætisráðherra hækkað um tæp 18 prósent.

Grunnlaun seðlabankastjóra hækka um 100 þúsund krónur þann 1. janúar næstkomandi. Það er í samræmi við ákvörðun bankaráðs frá 31. maí síðastliðnum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í júní var ákveðið að hækka grunnlaun seðlabankastjóra um 100 þúsund krónur frá 1. maí, og aftur um sömu upphæð 1. janúar 2008. Ástæðan var sögð sú að halda þyrfti launabili milli æðstu stjórnenda og millistjórnenda, sem hefðu hækkað vegna samkeppni um starfsfólk.

Grunnlaun seðlabankastjóra voru um 1.097 þúsund krónur á mánuði þann 1. janúar 2005, en verða eftir hækkunina 1. janúar næstkomandi 1.410 þúsund krónur. Hækkun á grunnlaununum nemur því um 28,5 prósentum.

Á sama tímabili hafa laun forsætisráðherra hækkað um 17,8 prósent, úr 915 þúsundum króna í 1.078 þúsund.

Við grunnlaun seðlabankastjóra bætist bankaráðsþóknun. Hún er í dag 110 þúsund krónur á mánuði, en var 78 þúsund árið 2005. Aðalbankastjórinn er með hærri greiðslur, en hinir tveir bankastjórarnir hafa því hækkað í launum úr 1.175 þúsundum 1. janúar 2005 í 1.520 þúsund 1. janúar 2008, eða um 29 prósent.

Aðalbankastjóri Seðlabankans, Davíð Oddsson, hefur átta prósenta álag ofan á grunnlaun seðlabankastjóra, og að auki tvöfalda bankaráðsþóknun. Laun Davíðs hafa hækkað um 401 þúsund frá því hann tók við starfinu 20. október 2005.

Mánaðarlaun aðalbankastjórans voru 1.341 þúsund krónur 1. janúar 2005 en verða 1.742 þúsund krónur 1. janúar næstkomandi. Hækkunin er um 30 prósent.

Á morgun verður aðalbankastjóri Seðlabankans með 62 prósentum hærri laun en forsætisráðherra. Fyrir þremur árum var munurinn tæp 47 prósent, og aukningin því um 15 prósentustig.

brjann@frettabladid.is



GEIR H. HAARDE

DAVÍÐ ODDSSON

Afgreiðslutímar yfir hátíðirnar

Slysa og bráðamóttaka Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi er opin allan sólarhringinn. Aðalsímanúmer er 543 1000. Beint innval á bráðamóttöku við Hringbraut er 543 2050 og beint innval á slysadeild Landspítala í Fossvogi er 543 2000.

LÆKNAVAKT HEILSUGÆSLUNNAR
Vitjanasíminn 1770 er opinn allan sólarhringinn.
Læknavaktin er opin yfir hátíðirnar frá klukkan 9 til 23. 30.

NEYÐARLÍNAN
Neyðarlínan er opin allan sólarhringinn í númeri 112 og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

RAUÐI KROSSINN
1717 er sími Vinalínunnar og Rauða krossins og er svarað í því númeri hvenær sólarhrings sem er yfir hátíðirnar.

STÍGAMÓT
Stígamót eru lokuð yfir hátíðirnar. Hægt er að leita til Neyðarmóttökunnar.

SÁÁ
Skrifstofur SÁÁ og Bráðamóttakan á Vogi verða lokuð á gamlárs- og nýársdag. Bent er á slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi alvarleg tilfelli upp.

KVENNAATHVARFIÐ
Kvennaathvarfið er opið allan sólarhringinn á gamlárs- og nýársdag. Síminn er 561 1205 eða 869 7225.

SAMGÖNGUR STRÆTÓ BS.

Gamlársdagur
Ekið á öllum leiðum samkvæmt áætlun laugardaga en akstri lýkur um það bil klukkan 14.

Nýársdagur
Enginn akstur

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA

Sendum landsmönnum öllum
bestu óskir um

Gleðilegt nýtt ár

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða



Ljós heimsins skína skært og boða vonandi hverjum og einum gæfu á því ári sem nú fer í hönd

EIMSKIP

skoðun

greinar@frettabladid.is

Baráttan er á byrjunarreit.

Handhafar sannleikans

JÓN KALDAL SKRIFAR

Árinu sem nú er að baki komst hlýnun jarðar af manna völdum á hvers manns varir og öðlaðist almenna viðurkenningu. Þeir sem hafna kenningunni eru nú álitnir kverúlantar en heimsendaspámennirnir handhafar sannleikans.

Í upphafi ársins fékk heimildarmynd Al Gore „Óþægilegur sannleikur“ Óskarsverðlaun, en hún fjallar á ógnvænlegan hátt um afleiðingar loftslagsbreytinganna. Og þegar leið að hausti fékk varaforsetinn fyrrverandi svo öllu veigameiri viðurkenningu þegar hann hlaut friðarverðlaun Nóbels, ásamt Loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Á árinu lýsti hver stjórnmálamaðurinn á fætur öðrum yfir stuðningi við sjónarmið sem áður tilheyrðu aðeins áhugafólki um umhverfisverndarmál. Þeirra á meðal var Tony Blair sem sagði um svipað leyti og hann yfirgaf stól forsætisráðherra að barátta núverandi kynslóða gegn loftslagsbreytingum væri jafn mikilvæg og barátta fyrri kynslóða gegn kommúnisma og fasisima. Stjórnmálamenn af hægri vængnum létu heldur ekki sitt eftir liggja. Ríkisstjóri Kaliforníu og repúblikaninn Arnold Schwarzenegger var þeirra allra athafnasamastur og foringi Íhaldsflokksins í Bretlandi David Cameron, gekk svo langt að boða nýja skatta á farþegaflug til verndar umhverfinu. í sönnum anda hægrimanna er þetta staðfesting á því að ekkert er ókeypis í lífinu, ekki einu sinni loftið sem við öndum að okkur, ef það á að vera sæmilega ómengað.

Nú í desember náðu þjóðir heimsins samkomulagi um samdrátt í losun gróðurhúsaloftegunda á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Það þótti kaldhæðnislegt að færri gátu lent á einkaþotum sínum við fundarstaðinn en vildu. Vaxandi flugumferð á heimsvísu þykir einmitt vera stór hluti af umhverfissóðaskapnum.

Við hér á Íslandi lögðum okkar af mörkum á báðar vogarskálarnar. Ríkisstjórnin á þær réttu með stefnumörkun um að draga saman losun gróðurhúsalofttegunda, en auðmenn og almenningur á þær röngu. Þeir fyrrnefndu með stóraukinni einkaþotuumferð og fólkið í landinu með sínum gegndarlausa einkabílisma. Ekki er nóg með að hér séu um 640 bílar á hverja þúsund íbúa, sem er með því hæsta í heiminum, heldur eru óvíða fleiri eyðslufrekir bílar í flotanum. Jeppar, risavaxnir pallbílar og fleiri eldsneytishákar fara hér um í stóru hjörðum og inni í hverjum bíl situr gjarnan ein manneskja.

Borgarstjórn Reykjavíkur hóf metnaðarfulla tilraun til að snúa af þessari braut með því að bjóða námsmönnum frítt í strætó. Það er til mikils að vinna að ef tekst að sannfæra ungu kynslóðina um að hægt er að komast á milli staða á annan hátt en undir stýri á eigin bíl. Næsta skref fyrir stjórnendur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gæti verið að taka frá á álagstímum vinstri akreinar fjögurra akreina gatna og stærri, fyrir bíla með tveimur eða fleiri farþegum, eins og hefur til dæmis tíðkast um árabil í Bandaríkjunum.

Baráttan gegn hlýnun jarðar útheimtir að allir leggist á eitt. Og það góða er að fyrir þá sem enn efast, beinist baráttan ekki síður gegn bruðli með verðmæti og virðingarleysi gagnvart náttúrunni.

2007 var ár orða. Látum það sem er framundan verða ár athafna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Smáskilaboð ársins

Smáskilaboðin „Til í allt án Villa“ sem Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, á að hafa sent Svandísi Svavarsdóttur, borgarfulltrúa Vinstri grænna, í REI-fárinu eru líklega þekktustu skilaboð sem send hafa verið á landinu. Í gær upplýsti Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, í Silfri Egils að allir flokkar hefðu verið að bera í víurnar hver við annan á þessum tíma. Einhverjum þótti undarlegt að jafnvel þótt Hanna Birna hefði verið upplýst um þreifingar á milli flokka segist henni aldrei hafa dottið í hug að málið yrði til þess að sprengja meirihlutann. Sennilega var það ekki að ástæðulausu að nær allir álitsgjafar Egils tilnefndu borgarstjórnarmeirihluta Sjálfstæðisflokksins sem skussa ársins.

Koss ársins

Völva Vikunnar spáir því að enginn friður muni ríkja í ríkisstjórninni á næsta ári. Sjaldan hefur hamingjan þar á bæ virst jafn mikil og nú. Össur Skarphéðinsson og Þorgerður Katrín lýsa því óspart yfir að mikil fjölskyldustemning hafi verið við lýði í ríkisstjórninni allt frá því að Geir smellti kossi á Ingibjörgu á Þingvöllum í vor. Þrátt fyrir alla gleðina er sagt að hrollur fari um einhverja nú. Völvan reyndist nefnilega æði sannspá í fyrra eins og Valgerður Sverrisdóttir, hefur bent á heimasíðu sinni en þar segir meðal annars. „Ég sé læti í kringum Davíð Oddsson og tengi það tilraun Björns Bjarnasonar til að koma manni Davíðs inn í héraðsdóm, jafnvel syni Davíðs.“

Nýársávarpið

En að öðrum spádómum. Áramótaávarp forsetans er á næsta leiti en talið er að þá muni Ólafur upplýsa þjóðina um hvort hann ætli að sitja lengur á forsetastóli eða róa á önnur mið. Líklega hefur fólk sjaldan beðið með jafn mikilli eftirvæntingu eftir að fá að heyra hvað forsetinn hefur fram að færa yfir áramót og nú.

karen@frettabladid.is

Nú árið er fokið

Það er svo mikið rok þessa dagana að engu er líkara en að maður sé staddur á lokasíðu Hundrað ára einsemdar eftir Marquez. Árið fýkur burt. Því er þeytt í eitthvert svartholið í Miklahvelli þar sem fram fer endurvinnsla á pörtum þess sem birtast okkur svo aftur í nýrri mynd...

Dagur reiði? Nei nei. En maður má hafa sig allan við að standa í lappirnar, og öfugt við þá niðja Búendía-ættarinnar sem vitraðist allt á lokasíðunni þá sér maður ósköp fátt þegar tíðindi ársins þjóta hjá manni í velktum blöðum – aðallega þvæld rifrildi...

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Árið

Hundur í óskilum

Sumt er ys og þys út af engu: dagleg skýrsla um bandarískar barnastjörnur á glapstigum með kornflögunum – og einhvern Peter Doherty með hattkúf sem maður er kominn með ævilanga óbeit á og svo var það hundurinn Lúkas...

Með fullri virðingu fyrir tónmenntakennurunum snjöllu, Hjörleifi og Eiríki, þá er Lúkas hundur í óskilum ársins. Hann hvarf á Akureyri og það barst frá bloggi til bloggs að tiltekinn maður að sunnan hefði sett hann í poka og sparkað honum sem fótbolta væri hingað og þangað af fúlmennsku sinni. Þetta hefði sést og hlaut að vera satt því ekki lýgur bloggið. Nú upphófst mikil múgsefjun og piltkorninu bárust hroðalegar hótanir, allt þar til hundurinn fannst undir Hlíðarfjalli og þurfti að lokka hann heim með sérstöku hundanammi. Málið hefur verið haft til marks um takmarkanir bloggsins: þar geta allir bullað að vild, en aðstæðurnar sem fólkið skrifar við eru þess eðlis að það gerir sér ekki grein fyrir því að það er í rauninni að tjá sig á opinberum vettvangi um lifandi fólk með raunverulegt líf.

Má vera. En æsingurinn – þetta deyfða raunveruleikaskyn – var líka birtingarmynd ákveðins hugarástands, einhvers konar vímu, sem DV hafði espað upp með þjóðinni um langa hríð áður en það lagði upp laupana í þáverandi mynd. Guðni Elísson lýsti þessu annarlega ástandi skilmerkilega í tveimur Skírnisgreinum og kenndi við gotneska heimsmynd ritstjóranna sem gerðu einmitt mjög eindregið tilkall til að teljast raunsæir sannleiksboðberar þótt nú viðurkenni Mikael Torfason að hafa iðulega þurft að bæta einu núlli við glæpina úr hversdagsgrámanum.

„Geiflaðir hrækjaftar jöpluðu á tuggunni siðferði,“ orti Sigfús Daðason fyrir mörgum árum um slíka blaðamennsku en samt kann blaðið þrátt fyrir allt að hafa haft viss jákvæð áhrif á íslenskt þjóðlíf með öllum hroðanum og ýkjunum, því það vakti máls – á sinn brútala hátt – á ýmsum meinum sem legið hafa í þagnargildi um árabil: einkum kynferðismisnotkun og illri meðferð á börnum.

Ár hinna forsmáðu barna

Eftir að öldurnar lægði og hávaðinn hjaðnaði fórum við smám saman að greina raddir úr þjóðardjúpinu sem höfðu að segja sögur sem við þurftum að heyra.

Þetta var umfram allt ár krakkanna af vistheimilum hér og þar upp úr miðri tuttugustu öld. Börnin sem voru í rauninni eins konar niðursetningar sögðu nú sögu sína eftir öll þessi ár: fyrstir komu strákarnir úr Breiðavík í ógleymanlegum Kastljósþáttum – strákar á aldri við mig sem höfðu verið teknir burt frá foreldrum sínum og sendir í þessa andstyggilegu vist, og síðan hafa aðrar hetjur stigið fram ein af annarri og deilt með okkur sárum minningum sínum. Þá er hollt að minnast þess að sérhver á rétt á sínum minningum, og til lítils að þrátta við fólk um sannleiksgildi þeirra, en við verðum líka að muna hitt, að sannleikurinn á sér aldrei bara eina vídd, hvað þá bara eina hlið.

Kannski var þetta merkisár á sinn hátt: kannski árið þegar hinn viti borni maður fer fyrir alvöru að beina hugarorku sinni að því að draga raunverulega úr mengun andrúmsloftsins í stað þess að spila Svarta-Pétur á ráðstefnum. Hér heima eignuðumst við hálfa vinstri stjórn sem kannski er betri en engin – en þó verri en heil, eins og ráðningarmál hins nýja héraðsdómara vottar. Slík stjórn komst til valda í Reykjavík eftir hina furðulegu atburðarás í kjölfar REI-málsins: fyndnasta mótbára við útrás íslenskra orkufyrirtækja var óneitanlega sú að í fyrirhuguðum samstarfslöndum væri svo ótryggt stjórnarfar að ekki væri á samninga treystandi: þetta var sagt nokkrum vikum áður en forráðamenn REI urðu að gjalti vegna þess að þeir höfðu ekki tryggt sér pólitískan stuðning við fyrirætlanir sínar.

Kannski var þetta ágætt ár. Og vonandi verður það næsta öllum gott. Gleðilegt ár!

Feðranna frægð

UMRÆÐAN

Stjórnmál

GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

Við áramót tíðkast að líta um öxl og spyrja líkt og skáldið. Höfum við gengið til góðs?

Í lok þinghalds í desember lagði þingflokkur VG fram metnaðarfullar og ígrundaðar tillögur til breytinga á fjárlögum, til þess gerðar að bæta stöðu þeirra sem höllum standa fæti í samfélaginu, styrkja heilsuvernd, efla menningarlíf, stuðla að kvenfrelsi og jafnrétti, standa vörð um náttúruna. Þar var lögð fram sýn til sóknar í heilbrigðismálum þjóðarinnar, stórefling heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og uppbygging Landspítala. Auk þess var lögð til uppbygging almennrar löggæslu í stað óheyrilegra útgjalda til heræfinga og hernaðarþátttöku.

Allar tillögur minnihlutans á Alþingi voru felldar af meirihlutanum. Færibandaverksmiðjan virkar. Það er enda við hæfi því að síðasta verkið var að rjúfa þá hefð að sátt sé um þingsköp.

Ferlið við þetta síðasta þingmál ársins, þingskapafrumvarpið, segir meira en mörg orð um allt það sem er að á Alþingi. Hroðvirkni, flýtimeðferð, kaup kaups, eru orðin sem helst koma upp í hugann. Alþingi á að vera staður ígrundaðrar og vandaðrar lagasetningar en margir virðast vanir því að svo sé ekki.

Hvernig þeim tókst að láta alla trúa því að þetta frumvarp væri til þess gert að styrkja lýðræði og Alþingi, og hvernig þjóðmálaumræðan horfði gagnrýnislaus á kaupin, er mér enn nokkuð tilefni heilabrota. Hvers vegna vinnuferlið varð ekki að hneyksli heldur að „framfaramáli“ sem „færir Alþingi til nútímans“ segir kannski mest um þann nútíma. Við lifum á tímum fyrirsagna en ekki ígrundaðrar umræðu, Alþingi víkur fyrir Morfískenndum upphrópunum. Það eru fyrirsagnirnar sem gilda, annað er aukaatriði. Það sem sýnist það er.

Svo er nú feðranna frægð.

En nú árið er liðið í aldanna skaut og aldrei það kemur til baka. Handan við hornið gæti verið miklu betra ár með blóm í haga fyrir alla en ekki bara suma. Ef ríkisstjórnin sér sóma sinn í að bjarga Þjórsá á nýja árinu og byggir upp alvöru velferðarsamfélag á Íslandi þá mun ég ákaft fagna með þjóð minni og hitt fellur í gleymsku og dá.

Gleðilegt ár.

Höfundur er varaþingmaður VG.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

MJÓLKURSAMSALAN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Hugsjónabarátta eða leið hinna værukæru?

UMRÆÐAN
Áramótaávarp

Þau tímamót urðu í íslenskum stjórnmálum sl. vor að 12 ára ríkisstjórnarsamstarfi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks lauk. Það sem lagði grunninn að stjórnarskiptum var stórsigur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs þó svo að það dygði ekki til að tryggja þau gagngeru umskipti í stjórnmálum landsins sem við höfðum barist fyrir. Réði þar sú ákvörðun Samfylkingarinnar að ganga til liðs við Sjálfstæðisflokkinn og framlengja valdatíma hans sem þegar hafði varað í 16 ár. Samfylkingin er þarna trú uppruna sínum því það var helsti forveri hennar, Alþýðuflokkurinn sálugi, sem leiddi þá þangað inn 1991. Fyrrverandi sjálfskipaður „höfuðandstæðingur“ Sjálfstæðisflokksins er nú kominn þar í húsmennsku og hefur þegar gefið upp á bátinn mörg af sínum stærstu loforðum úr nýliðinni kosningabaráttu. Það er þyngra en tárum taki að sumar mikilvægustu velferðarstofnanir okkar samfélags, t.d. sjálfur Landspítalinn, sjá fram á áframhaldandi fjársvelti, en nú í boði Samfylkingarinnar.

Nýtt hlutverk, nýjar skyldur

Vinstrihreyfingin – grænt framboð er nú ekki aðeins þriðji stærsti flokkurinn heldur einnig forustuflokkur stjórnarandstöðunnar, sumir segja eina stjórnarandstaðan. Þessi staða leggur okkur nýjar skyldur á herðar. Við munum gera okkar besta til að standa undir þeim með þeim vopnum sem enn hafa ekki verið frá okkur tekin. Rétt fyrir jól sameinuðust stjórnarflokkarnir og bandamenn þeirra í Framsókn og Frjálslyndum um breytingar á þingskapalögum sem að mati okkar í VG veikja stöðu stjórnarandstöðunnar og þar með þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, veikja þingræðið og lýðræðið.

Glataður stöðugleiki

Miklir óvissutímar eru uppi í þjóðmálum. Ber þar hæst efnahagslegan óstöðugleika og átakanlegt ráðleysi ríkisstjórnarinnar á sviði hagstjórnar. Góðærinu svokallaða er harla misskipt en auk þess snýr óvissan að sjálfu hagkerfinu, hinu ofþanda stóriðju- og útrásarhagkerfi. Miklir veikleikar blasa við á verðbréfamarkaði og spurningar hafa vaknað um stöðu sumra stærstu fyrirtækjanna sem þanist hafa út með ódýru lánsfé og með áhættusömum fjárfestingum erlendis. Alvarlegast er þó, að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og efnahagslífinu er hvergi í sjónmáli: Verðbólga er enn alltof mikil, viðskiptahalli stóralvarlegur og erlendar skuldir hlaðast upp. Vaxtakostnaður er óheyrilegur og sligandi fyrir skuldsett heimili og minni fyrirtæki sem ekki eiga þess kost að fjármagna sig erlendis. Þyngst bitna aðstæðurnar á dreifbýlinu og landsbyggðinni almennt, sem hefur í litlu sem engu notið þenslunnar á suðvesturhorninu en fer ekki varhluta af óhagstæðum skilyrðum og fær nú brest í þorskveiðum ofan í kaupið.

Vonir um að bregða myndi til hins betra á sviði hagstjórnar eftir stjórnarskipti í vor eru löngu kulnaðar. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hefur reynst með endemum daufgerð og slöpp á þessu sviði eins og fleirum. Formenn beggja stjórnarflokkanna hafa dregið í efa, að ákvarðanir og tæki Seðlabankans virki og formaður Samfylkingarinnar beinlínis sakað Seðlabankann um að horfa eingöngu í baksýnisspegilinn. Eini aðilinn sem virðist ímynda sér að allt geti bara flotið áfram er ríkisstjórnin. Svo eru auðvitað ýmsir sem hugsa „flýtur á meðan ekki sekkur“, þeir sem sérstaklega njóta góðs af og beinlínis græða á verðbólgu- og þensluástandinu.

Framundan eru afdrifaríkir kjarasamningar. Forsendur félagslegs stöðugleika og friðar á vinnumarkaði eru stórbætt kjör lægst launuðu hópanna og almenns launafólks með hækkun fastra umsaminna launa fyrir hóflega vinnuviku. Samhliða þarf að tryggja kaupmátt þeirra launa með hækkun skattleysismarka og gera hliðarráðstafanir gagnvart barnafólki vegna stóraukins húsnæðiskostnaðar o.fl. Þá bókstaflega „verða“ burðarásar hagstjórnar í landinu að finna taktinn. Það er lífsnauðsyn að endurheimta ásættanlegan stöðugleika í þjóðarbúskapnum, stöðugleika sem er að glatast og þar með ávinningar þjóðarsáttarinnar á sínum tíma. Hinn kosturinn er harkalegur og sársaukafullur samdráttur eða hrun þó eitthvað síðar verði.

Stóriðjuhraðlestin á fullri ferð

Þó margt hafi gengið okkur Íslendingum í haginn undanfarin ár er engu að síður ærin ástæða til að hafa áhyggjur af ýmsum þáttum samfélagsþróunarinnar. Gjáin breikkar hratt milli ríkra og fátækra, allt of margir verða misnotkun áfengis og vímuefna að bráð. Meðferð okkar á landinu, lífríki og náttúru er þannig, að valdið hefur harðvítugum deilum hér innanlands á síðustu árum. Raunverulega sjálfbær þróun er enn aðeins falleg draumsýn. Á sviði umhverfismála er því slegið upp sem stórtíðindum að við dröttumst á síðustu stundu með öðrum Evrópuþjóðum hvað framtíðarmarkmið alþjóðasamninga snertir. Heima fyrir situr allt við hið sama, stóriðjuhraðlestin enn á fullri ferð og öðrum ætlað að taka á sig allar byrðar í þágu þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Vinstrihreyfingin – grænt framboð sýndi það og sannaði í síðustu kosningum, að hún er komin til að vera í íslenskum stjórnmálum sem stór og breið hreyfing félagshyggju, umhverfisverndar, kvenfrelsis og félagslegrar alþjóðahyggju. Hin værukæru miðju- og hægriöfl íslenskra stjórnmála sameinast gjarnan um það í skjóli af meira og minna gagnrýnislausri fjölmiðlun að atyrða okkur sem nöldurseggi, „á móti“-flokk eða eitthvað þaðan af verra. Slíkir órökstuddir sleggjudómar frá varðhundum óbreytts ástands, fulltrúum hinnar hugmyndafræðilegu leti og gagnrýnislausrar vestrænnar sjálfselsku, staðfesta hversu gríðarlega mikilvægu hlutverki við í VG gegnum í íslenskum stjórnmálum, fyrir umhverfið, lýðræðið, velferðarsamfélagið, framtíðina, fyrir allt og alla nema hina blauðu sérgæsku.

Ég óska landsmönnum öllum farsæls nýs árs og þakka samfylgdina og veittan stuðning á liðnu ári.

Höfundur er formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Við áramót

UMRÆÐAN
Áramótaávarp

Vonir voru bundnar við að viðræður leiðtoga Ísraela og Palestínumanna yrðu grunnur að varanlegum friði þó langt sé í land. Leiðtogar þjóða sjá eftir áratuga átök, að friður milli þjóða, þjóðfélagshópa og trúarbragða verður ekki með stríðsátökum og morðum. Öfgafullir leiðtogar þurfa að víkja úr forystuhlutverki og þjóðarleiðtogar vinni að friði og betri framtíð fólks.

Morðið á Benazir Bhutto nú í lok árs veikir vonir um frið og lýðræði. Lýðræðisþróun á ekki greiða leið í þessum heimshluta, þar sem íslamstrúin ræður ferð og hugsun. Biðjum fyrir friði í Pakistan um leið og við vottum fólki þar samúð. Við Íslendingar búum í friðsömu landi, en ógnir steðja að.

Mesta vá okkar er aukið smygl fíkniefna. Erlendir menn koma oftar að þeim málum og ljóst að tugum kílóa fíkniefna er komið til landsins með skipum eins og upplýst varð við rannsókn á seglskútu á Fáskrúðsfirði og mikið magn fíkniefna á Keflavíkurflugvelli. Efla verður toll- og löggæslu við komu fólks til landsins. Skipulögð glæpastarfsemi virðist í sölu og dreifingu á Íslandi. Er útvíkkun Schengen-svæðisins til góðs varðandi eftirlit gegn fíkniefnum og glæpastarfsemi? Auka verður fræðslu og forvarnastarf meðal barna og ungmenna.

„Uppbyggingarstarf“ þorskstofnsins er árangurslaust

Minnisstætt er að Frjálslyndi flokkurinn hélt fylgi sínu og þingmannafjölda þrátt fyrir átök innbyrðis í aðdraganda kosningabaráttunnar. Vissulega nokkur sigur eins og staðan var. Viðburðirnir í Reykjavík þegar meirihlutinn sprakk í borginni á orkumálum var merkilegur.

Þjóðin sá sameignarrétt sinn til auðlindanna í skýrara ljósi og vakti marga til vitundar um að útfærsla kvótakerfis með frjálsu framsali er rán á þjóðareign. Þjóðin á að hafa eignarrétt á auðlindum sínum. Aðrir geta fengið takmarkaðan nýtingarrétt.

Landsbyggðin verður fyrir atvinnubresti á næsta ári vegna niðurskurðar á þorskafla sem allflestir í fiskveiðum töldu óþarfa og verri tíð framundan. Fólki í sjávarbyggðum fækkar stöðugt og vegið er að sjávarbyggðum með offorsi forystumanna ríkisstjórnar.

Árangurslaust „uppbyggingarstarf“ þorskstofnsins með kvótakerfi í tvo áratugi er staðreynd. Fyrrum þingmenn virðast ganga í sérstakt trúfélag sem sjávarútvegsráðherrar og sjálfstæður vilji hverfur. Allt annað viðhorf mátti sjá í skrifum núverandi ráðherra þegar hann var þingmaður haustið 2002, enda kosningar á næsta leiti. Brottkast mun aukast við fiskveiðar. Það er fylgifiskur þess að reyna að lifa við 130 þúsund tonna heildarveiði þorsks og okurverð á leigukvótum. Forskrift laga um stjórn fiskveiða að „tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu“ með kvótakerfi og frjálsu framsali er öfugmæli.

Hækka þarf persónuafslátt og skattleysismörk

Kjarasamningar eru framundan, hækka þarf raunlaun þeirra sem minnst hafa. Sérstaklega þarf að huga að kjörum öryrkja og eldra fólks. Skerðingarreglur bóta Tryggingastofnunar til aldraðra og öryrkja eru mjög óréttlátar t.d. skerðingar vegna tekna maka, vegna atvinnutekna öryrkja og fólks 67-70 ára og skerðingar vegna lífeyristekna.

Þingmenn Frjálslynda flokksins hafa flutt sérstakt frumvarp um afnám þessara skerðinga og sérstakan hærri persónuafslátt fyrir fólk með lægri tekjur. Skattleysismörk verði 150 þúsund krónur fyrir fólk sem er með 150 þúsund krónur eða minna á mánuði. Þessi viðbótar persónuafsláttur lækki síðan með hækkandi tekjum. Hækka raunlaun fólks með 150 þúsund krónur um 22 þúsund krónur á mánuði eftir skatta. Ríkið getur liðkað fyrir gerð nýrra kjarasamninga með hækkun persónuafsláttar og skattleysismarka.

Bættar samgöngur eru forsenda velmegunar

Við höfum lifað við hátt framkvæmdastig og mikla atvinnu. Fólki frá nýrri ríkjum Evrópusambandsins, hefur fjölgað mjög á vinnumarkaði og sest hér að. Þensla og

GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON

fólksfjölgun er mismikil eftir landsvæðum, mest fjölgar á suðvesturhorni landsins. Góðar samgöngur frá Reykjavík með Hvalfjarðargöngum, tvöföldun Reykjanesbrautar og bættum þjóðvegi yfir Hellisheiði bæta mjög búsetuskilyrði á suðvesturhorninu.

Frjálslyndi flokkurinn hefur árum saman flutt tillögur á Alþingi um að forgangsverkefni í varanlegri vegagerð á Íslandi verði gerð jarðganga og þverun fjarða til að tryggja öruggar samgöngur og betri búsetuskilyrði fólks á landsbyggðinni. Samgöngubótum fylgir lækkun flutningskostnaðar, auðveldari atvinnu- og menntasókn milli byggða. Ferðaþjónustan á landsbyggðinni verður ekki öflug heilsársatvinnugrein nema með bættum samgöngum. Óvissuferð eða vetrarferð út á land má ekki hefjast á því að ferðamenn verði fastir í skafli á næsta fjallvegi.

Auðveld atvinnusókn er til og frá Reykjavík og þar vaxa heildartekjur sveitarfélaga mest. Auknar tekjur ríkissjóðs á liðnum árum hafa því komið til vegna þenslunnar þar, virkjunar og álversframkvæmda á Miðausturlandi.

Tekjum og þenslu er misskipt eftir landsvæðum. Birtist sumstaðar eins og tálsýn eða vonarglæta, á öðrum svæðum verður hennar ekki vart. Ráðherrar fyrri ríkisstjórnar trúðu því að draga mætti úr þenslunni með því að skera niður samgöngubætur á Vestfjörðum og Norðausturlandi, þar sem engin þensla var. Sú ákvörðun var furðuverk.

Ég óska landsmönnum velfarnaðar á nýju ári og þakka stuðning við Frjálslynda flokkinn árið 2007.

Höfundur er formaður Frjálslynda flokksins

Gleðilegt nýtt ár

Björgunarfólk á Íslandi vinnur oft við erfiðar og hættulegar aðstæður við að bjarga fólki og verðmætum. Sjóvá er stolt af því að vera aðalbakhjarl Slysavarnafélagsins Landsbjargar því starf þess eykur öryggi og lífsgæði okkar allra.

SJÓVÁ

Sjálfstæðisstefnan áfram leiðandi afl

UMRÆÐAN
Áramótaávarp

Árið sem nú er senn á enda hefur verið tíðindamikið í íslenskum stjórnmálum og að mörgu leyti markað tímamót. Sá viðburður sem stendur upp að mínu mati eru kosningarnar til Alþingis í maí en Sjálfstæðisflokkurinn kom afar sterkur út úr þeim kosningum og bætti við sig umtalsverðu fylgi og þremur þingmönnum miðað við síðustu kosningar. Ennfremur er flokkurinn nú í þeirri stöðu að eiga fyrsta þingmann í öllum kjördæmum landsins. Þessi árangur er ekki síst eftirtektarverður í ljósi þeirrar staðreyndar að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í forystuhlutverki í ríkisstjórn í sextán ár.

Ný ríkisstjórn mynduð

Í kosningunum í maí var ekki síst tekist á um verk ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem hafði starfað saman í tólf ár og hélt sú stjórn þingmeirihluta sínum. Því var eðlilegt að þessir flokkar byrjuðu á að ræða saman eftir kosningarnar en fljótlega kom í ljós að skiptar skoðanir voru meðal framsóknarmanna um áframhaldandi samstarf þessara flokka. Niðurstaðan varð því sú að stjórnarmyndunarviðræður hófust milli Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og mynduð var ríkisstjórn þessara tveggja flokka undir forystu Sjálfstæðisflokksins.

Myndun þessarar nýju stjórnar markaði eðlilega nokkur tímamót í íslenskum stjórnmálum enda leiða þar saman hesta sína flokkar sem hafa undanfarin ár verið höfuðandstæðingar í íslenskum stjórnmálum. Stjórnarmyndunarviðræðurnar gengu hins vegar vel og báðir flokkar gátu afar vel við stjórnarsáttmálann unað enda er þar kveðið á um mörg framfaramál.

Árangur í málefnum aldraðra

Nú þegar hefur talsvert áunnist, sérstaklega í málefnum aldraðra en í sumar voru gerðar lagabreytingar sem gerðu þeim sem eru 70 ára og eldri kleift að vinna án þess að atvinnutekjur skertu bætur. Í desember kynnti ríkisstjórnin áform sín um enn frekari umbætur í þessum málaflokki, sem snúa m.a. að því að afnema skerðingu bóta vegna tekna maka. Þessi skref koma til viðbótar þeim aðgerðum sem síðasta ríkisstjórn beitti sér fyrir í upphafi árs og miðuðu einnig að því að draga úr skerðingum og hækka lífeyri en þær byggðu m.a. á samkomulagi við samtök eldri borgara frá því um sumarið 2006. Ég tel því að nokkuð vel hafi verið

GEIR H. HAARDE

að verki staðið í þessum málaflokki að undanförnu.

Öflugra heilbrigðis- og velferðarkerfi

Miklar væntingar eru gerðar til hinnar nýju stjórnar og hún hefur sterkan meirihluta á þingi. Ég og aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar kvíðum þó ekki þeim væntingum heldur erum þvert á móti full tilhlökkunar að takast á við þau verkefni sem bíða. Mörg þessara verkefna, eins og t.d. að tryggja hagfellda umgjörð efnahagslífsins og viðhalda samkeppnishæfni atvinnulífsins, eru þess eðlis að við stöndum afar vel þótt brýnt sé að áfram verði vel haldið á spöðunum.

Önnur verkefni eru þannig að gera þarf stærri breytingar. Þar horfi ég ekki síst til heilbrigðis- og velferðarmála, þar sem ríkisstjórnin hefur þegar hafist handa með tilfærslu verkefna milli heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytisins.

Mikil og góð sátt ríkir um það innan ríkisstjórnarinnar, eins og raunar meðal þjóðarinnar, að meginreglan varðandi heilbrigðisþjónustu sé sú að ríkið greiði fyrir þjónustuna. Að sama skapi er samstaða um að bjóða upp á fjölbreyttari rekstrarform í heilbrigðisþjónustu og þá hugmyndafræði að þótt ríkið greiði fyrir þjónustuna þurfi það ekki í öllum tilvikum að veita hana sjálft.

Byggjum á góðum árangri

Sjálfstæðisflokkurinn hélt inn í kosningar á þessu ári undir slagorðinu „Nýir tímar – á traustum grunni“. Það rammar að mínu mati vel inn þá stöðu sem nú er uppi í íslensku þjóðfélagi og stjórnmálunum.

Við höfum náð gríðarlega miklum árangri undanfarin undir forystu stefnu okkar sjálfstæðismanna um að gefa einstaklingunum svigrúm ásamt því að tryggja að íbúar þessa lands búi við traust öryggisnet.

Ánægjuleg vísbending um þennan árangur okkar barst á þessu ári þegar Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna kynnti þá niðurstöðu sína að lífskjör og skilyrði til þroska væru best á Íslandi af þeim 177 þjóðum sem bornar voru saman í könnun stofnunarinnar.

Við megum hins vegar ekki gleyma því að þótt grunnurinn sé traustur og margt hafi áunnist eru verkefnin mýmörg. Styrkur Sjálfstæðisflokksins hefur hins vegar ávallt verið sá að hann er ekki hræddur við breytingar og undir því leiðarljósi eigum við að ganga inn í nýtt ár, full bjartsýni og tilhlökkunar.

Ég þakka landsmönnum samfylgdina á liðnum árum og óska lesendum velfarnaðar á nýju ári.

Höfundur er forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins

Við áramót

UMRÆÐAN
Áramótaávarp

Við þessi áramót er staða Íslendinga mjög góð og hefur raunar verið það undanfarin ár en nú eru blikur á lofti sem ekki hafa sést lengi.

Ytri aðstæður hafa verið okkur hagstæðar nokkuð lengi en það sem meira er um vert er að ríkisvaldið hélt skynsamlega á ávinningi sem hlaust af einkavæðingu, virkjunum og annarri uppbyggingu, sem átti sér stað með markvissum hætti á vegum fyrri ríkisstjórnar.

Róið í sitt hvora áttina

Núverandi ríkisstjórn virðist ekki sjá hætturnar framundan þrátt fyrir fjölmörg varnaðarorð en flýtur þess í stað sofandi að feigðarósi. Báðir stjórnarflokkarnir höfðu uppi mikil orð um ábyrgð í ríkisfjármálum fyrir kosningar en þær yfirlýsingar eru nú týndar og tröllum gefnar, líkt og svo margt annað sem frá forystumönnum þessara flokka kom. Upp undir 20% hækkun á útgjaldalið fjárlaga 2008 frá því sem var í fjárlögum fyrir árið 2007 er ávísun á harða stýrivaxtastefnu Seðlabankans. Afleiðingar þessa skorts á samstillingu milli stefnunnar í ríkisfjármálum og peningamálastefnu Seðlabankans kunna að vera þær að lífskjör almennings í landinu fari versnandi á næstu árum vegna hækkandi vaxtaálags, gengisfalls og verðbólgu. Glannaleg meðferð ríkisfjármála á tímum mikillar óvissu á mörkuðum getur reynst íslensku fjármálalífi mjög erfið og víst er að ríkisstjórnin er harðlega gagnrýnd fyrir lausatökin.

Framsóknarmenn hurfu úr ríkisstjórn eftir slæma útreið í kosningunum í vor, sem okkur fannst óverðskuldað, en verðum þó að taka mark á og draga lærdóm af. Sjálfstæðisflokknum tókst að eigna sér ávinninginn af flestum góðum málum fyrri stjórnar, en skildu okkur eftir eina í vörn í erfiðum málum og drenglyndið var ekki meira en svo að þeir byrjuðu þreifingar um stjórnarmyndun við Samfylkingu og Vinstri græna, áður en að kosningum kom.

Þetta hafa ekki síst viðbrögð Vinstri grænna staðfest, enda kom berlega í ljós eftir kosningar að þeir töldu sig vera að setjast í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum.

Skortur á prinsippum

Ríkisstjórnin hélt velli í kosningunum, en Sjálfstæðisflokkurinn kaus að binda enda á farsælt stjórnarsamstarf og leggja grunn að nýju pólitísku landslagi í landinu, sem ef til vill verður allt annað en arkitektar Sjálfstæðisflokksins höfðu á teikniborðinu.

Prinsippleysið varð áberandi við meirihlutaslitin í Reykjavík, þegar sexmenningar réðust til atlögu við Vilhjálm fyrrverandi borgarstjóra með það að yfirvarpi að ekki mætti markaðsvæða útrásarmöguleika orkufyrirtækjanna. Fáum mánuðum seinna stóðu sjálfstæðismenn fyrir svipuðum hlutum hjá Landsvirkjun og áður höfðu verið fordæmdir, en að vísu voru þá fundnir velþóknanlegir samstarfsaðilar.

Festa og ábyrgð í stað ósamlyndis og átaka

Við félaga mína í Framsóknarflokknum vil ég segja að við höfum fyrr lent í erfiðleikum og mótbyr. Það hafa í raun allir stjórnmálaflokkar gert en nú er mikilvægt að við framsóknarmenn höfum kraft og einurð til að vinna okkur út úr þessari erfiðu stöðu. Ég sem formaður flokksins og við í forystu hans heitum á ykkur að hefja baráttu um allt land við að endurreisa fyrri styrk og við munum leggja nótt við dag við að skipuleggja og leiða þá baráttu. Við munum skerpa á stefnumálum og baráttuaðferðum og við skulum stefna að því að ná glæstum árangri í næstu sveitarstjórnarkosningum. Sá árangur verður síðan grunnur að fyrri styrk í landsmálum.

Við framsóknarmenn munum veita þessari ríkisstjórn aðhald, ráð og drengilega stjórnarandstöðu. Ég finn það að þjóðin er þegar farin að sakna þeirrar festu og ábyrgðar sem einkenndi stjórn landsins í okkar tíð.

Landsmenn kunna lítt að meta lausatök daufgerðrar ríkisstjórnar við stjórn efnahagsmála. Allir finna að ósamlyndi, átök og ágreiningur hefur aldrei boðað lukku í samstarfi tveggja flokka og ég finn það glöggt að slík vinnubrögð eru almenningi ekki að skapi.

Landsmönnum öllum óska ég árs og friðar.

Höfundur er formaður Framsóknarflokksins

GUÐNI ÁGÚSTSSON

Gleðilega hátíð!

Við óskum viðskiptavinum okkar og öðrum landsmönnum **gleðilegrar jólahátíðar** með von um gæfu og gott gengi á komandi ári.

Bestu þakkir fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Starfsfólk SPRON

75 ára | spron

07-0946 - argus

GOTT FÓLK / Myndskreyting: Halldór Baldursson

Óskum landsmönnum gæfu, gleði og hamingju á nýju ári.

Landsbankinn

Réttlæti, raunsæi og jöfnuður

UMRÆÐAN
Áramótaávarp

I

Þau tímamót urðu í íslenskum stjórnmálum á árinu að mynduð var ríkisstjórn með þátttöku Samfylkingarinnar. Sú frjálslynda umbótastjórn hefur einsett sér að vinna að kraftmiklu efnahagslífi, öflugri velferðarþjónustu, bættum hag heimilanna og aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins.

II

Við ríkisstjórninni blasti þegar erfitt verkefni: Að bregðast við minnkandi fiskistofnum með þriðjungs niðurskurði þorskkvótans á næsta fiskveiðiári. Þetta var sársaukafull ákvörðun, en það er til marks um styrk íslensks efnahagslífs að þessi ótíðindi kölluðu ekki fram kreppu í þjóðarbúskapnum eins og gerst hefði á árum áður.

Áhrif samdráttarins á einstök byggðalög eru engu að síður umtalsverð. Því ákvað ríkisstjórnin að bregðast við af festu með mótvægisaðgerðum sem geta treyst undirstöður byggðar í landinu þegar til framtíðar er litið.

Ríkisstjórnin hefur nú þegar hrint í framkvæmd áætlunum um viðamiklar samgöngubætur, markvissa sókn í menntamálum og uppbyggingu fjarskiptaþjónustu. Þetta er grunnþjónusta sem landsbyggðinni er nauðsynleg til að takast á við framtíðina.

III

Framundan eru fleiri krefjandi verkefni, ekki síst að tryggja jafnvægi í efnahagsmálum.

Almenn samstaða er í þjóðfélaginu um markmiðið um jafnvægi og áframhaldandi hagsæld. Atvinnulífið og verkalýðshreyfingin gera sér grein fyrir að verðbólga og viðvarandi spenna í efnahags- og atvinnulífi eru engum til góðs. Málflutningur forystumanna samningsaðila við gerð komandi kjarasamninga gefur fyrirheit um að þar verði þessi sjónarmið höfð að leiðarljósi, en einnig leitað leiða til að leiðrétta kjör þeirra sem minnst hafa borið úr býtum á undanförnum árum.

Ríkisstjórnin hefur sýnt vilja sinn í verki með ábyrgum fjárlögum og aðrir hafa sýnt vilja til samstarfs á sömu braut. Það er sameiginlegt viðfangsefni aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar að hér skapist aðstæður til þess að fara megi saman efnahagslegt jafnvægi, velmegun og aukinn jöfnuður.

IV

Þess sjást glögg merki víða í samfélaginu að Samfylkingin er orðin burðarstoð í íslenskum stjórnmálum, sem svo margir Íslendingar líta til um framsýna forystu á komandi árum. Flokkurinn situr í ríkisstjórn og er í meirihluta, einn eða með öðrum, í mörgum stærstu sveitarfélögum landsins.

Samfylkingin gerir sér grein fyrir ábyrgðinni sem þessu fylgir og mun fylgja orðum eftir með verkum. En flokkurinn tekur ekki við völdum til að viðhalda óbreyttu óstandi.

Ráðherrar Samfylkingarinnar hafa ekki setið auðum höndum. Í utanríkisráðuneytinu er unnið að gagngerri stefnumörkun sem breytt heimsmynd kallar á. Þar verður áfram byggt á traustu samstarfi við lýðræðisþjóðir í nágrenni okkar, en stóraukin áhersla lögð á mannréttindi og þróunarsamvinnu enda löngu kominn tími til að Íslendingar verði ábyrgir gerendur fremur en óvirkir þiggjendur í alþjóðasamstarfi.

Samfylkingin hefur lagt megináherslu á velferðarmálin og þá einkum umtalsverðar kjarabætur fyrir lífeyrisþega og öryrkja, aðgerðir í þágu barna og sókn í jafnréttismálum. Þá er hafin löngu tímabær vinna við heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins. Á næstum mánuðum verður einnig gripið til aðgerða til að tryggja félagsleg úrræði í húsnæðismálum, þar sem staðan er algerlega óviðunandi fyrir ungt fólk og lágtekjuhópa.

Í viðskiptaráðuneytinu eru neytenda- og samkeppnismál nú í forgangi og má vænta tillagna frá viðskiptaráðherra um aðgerðir til að auka neytendavernd, samkeppni, gegnsæi og réttlátar leikreglur á markaði.

Ábyrgð Íslendinga í umhverfismálum er mikil, bæði innan lands og utan, sem vörslumanna ómetanlegrar náttúru og ábyrgra þátttakenda í alþjóðasamstarfi. Loftslagsmál og vernd verðmætra náttúrusvæða eru mikilvæg verkefni ríkisstjórnarinnar og er afar brýnt að standa þar vörð um hagsmuni komandi kynslóða.

Unnið er að stefnumörkun í orkumálum sem byggist á þeirri meginreglu að auðlindir þjóðarinnar skuli vera í almannaeigu og nýtingarréttur einungis framseljanlegur eftir skýrum reglum.

Það fellur í hlut samgönguráðherra að hrinda í framkvæmd forgangsverkefnum í samgöngubótum og fjarskiptavæðingu. Þessa mun sjá stað víða um land á næstu misserum enda um að ræða einhver brýnustu viðfangsefni okkar sem einnar þjóðar í einu landi.

V

Mikill meirihluti þeirra verkefna sem getið er um í stjórnarsáttmálanum er þegar kominn á góðan rekspöl. Framundan eru kjarasamningar og verkefni eins og skilgreining á eignarhaldi náttúruauðlinda, mótun aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, endurskoðun landbúnaðarkerfis, úttekt á kvótakerfinu – allt mikilvæg viðfangsefni sem munu hafa afgerandi þýðingu fyrir Ísland framtíðarinnar. En þessi ríkisstjórn var mynduð til að takast á við stór verkefni og ætlar sér að leiða þau til farsællar niðurstöðu. Ríkisstjórnin hefur þegar sýnt styrk sinn í verki og mun ekki víkja sér undan vandasömum verkum.

Ég óska landsmönnum öllum farsældar á nýju ári og þakka samfylgd og stuðning á árinu sem nú er á enda.

Höfundur er utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálku.

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is



Óskum landsmönnum gleðilegs árs og þökkum viðskiptin á árinu.

ENNEMM / SÍA / NM31453

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2007

Er veislan búin?

Miklar sviptingar urðu á fjármálamarkaði á árinu. Allt leit vel út fyrstu mánuði ársins, þegar úrvalsvísitalan hækkaði bara og hækkaði. En þegar leið á árið hríðféll vísitalan og nú í lok árs eru hækkanir fyrri mánaða gufaðar upp. ***Friðrik Már Baldursson*** veltir fyrir sér hvort fjármálaveislunni sé lokið, eða hvort ástæða sé til að horfa bjartsýnum augum til nýs árs.

Góða veislu gjöra skal“ segir í gömlu jólalagi og Íslendingar hafa löngum kunnað að efna til fagnaðar. En það er erfitt að ímynda sér veislu sem aldrei lýkur. Það væri þá helst hjá Óðni í Valhöll, en þar settust Einherjar að drykkju á hverju kvöldi eftir að hafa barist daglangt á Iðavöllum – líka hinir föllnu.

Það er jafn erfitt að ímynda sér markað þar sem aldrei slær í bakseglin og veislu sem aldrei lýkur. Um mitt þetta ár virtist samt sem þetta væri viðhorfið; að flestra mati lá leiðin aðeins upp á við. Samt var aðeins rétt rúmt ár liðið frá „litlu kreppunni“ vorið 2006 þegar íslensku bankarnir lentu í verulegum vandræðum með fjármögnun og hlutabréfaverð og gengi krónunnar lækkaði um fjórðung. Nú virðist hins vegar sem væntingarnar hafi snúist við og hlé verði á fögnuðinum.

Sviptingarnar sem urðu á íslenskum fjármálamarkaði á fyrri hluta árs 2006 gengu yfir á nokkrum mánuðum og höfðu takmörkuð áhrif á almenna efnahagsþróun. Hvers vegna ætti það skeið, sem virðist í þann mund að hefjast, að vara lengur og hafa víðtækari áhrif? Verður ekki allt komið á fulla ferð eftir hálft ár eða svo?

Það er ekki hægt að útiloka að það verði reyndin. En líklegra er að samdrátturinn nú vari lengur og að hjólin snúist aðeins hægar um sinn. Ástæðan er að vandræðin 2006 voru að mestu heimasmíðuð en nú koma þau að verulegu leyti að utan og eru líkleg til að vara um hríð.

JÓN ÁSGEIR, HANNES SMÁRASON, MAGNÚS ÁRMANN OG JÓN SIGURÐSSON Á NÆTURFUNDI Breytingar á FL Group nú á árinu eru kannski helst lýsandi fyrir kreppuna sem varð á fjármálamarkaði þar sem úrvalsvísitalan lækkaði bara og lækkaði þegar að líða tók á árið.

Kreppa á fjármálamörkuðum

Matsfyrirtæki og aðrir erlendir greinendur gagnrýndu íslenska banka og önnur fjármálafyrirtæki í byrjun árs 2006, meðal annars fyrir of lítil innlán á móti útlánum og fyrir víxltengt eignarhald, ógegnsæi og slælega upplýsingagjöf. Þessum hlutum var hægt að kippa í lag og það var gert með glans í dæmigerðu íslensku átaki. Til dæmis hefur Landsbankinn náð því marki að fjármagna útlán sín að þremur fjórðu með innlánum sem er mjög hátt hlutfall, til dæmis miðað við viðskiptabanka á Norðurlöndunum.

Glitnir og Kaupþing hafa einnig náð góðum árangri í því að auka innlán þótt það hafi ekki gengið eins hratt og hjá Landsbankanum. Víxleignarhaldi hefur verið nær útrýmt og gegnsæi og upplýsingagjöf hefur verið bætt. Þetta skilaði verulegum árangri og aðgangur bankanna að erlendu fé, sem snarversnaði vorið 2006, varð mun greiðari og batnaði jafnt og þétt fram eftir þessu ári.

En í Bandaríkjunum var kreppa í uppsiglingu. Þar hafði fólki verið lánað fyrir kaupum á húsnæði sem það hafði ekki efni á. Þessum lánum var síðan pakkað saman í „þróaðar fjármálavörur“, og þeim vörum stundum áfram í enn þróaðri og flóknari pakka. Matsfyrirtæki á borð við Standard & Poor‘s og Moody‘s gáfu mörgum af þessum pappírum toppeinkunnir svo fjárfestar töldu sig geta keypt þá með góðri samvisku án þess að vita hvað stæði á bak við í raun og veru. Þetta bar feigðina í sér: Lán til fólks sem ekki getur borgað verða ekki betri við að vera pakkað í fínar umbúðir. Það eru einmitt þessar fínu en ógegnsæju pakkningar sem valda vandræðunum; umfang vandans er ekki þekkt, upplýsingar vantar og traust milli aðila á fjármálamarkaði hverfur þannig að bankar eru hræddir við að lána hverjir öðrum. Þetta er sambærilegt við það hvernig traust erlendra aðila á íslenskum bönkum veiktist vorið 2006, munurinn er að nú eru allir í sömu stöðu; vandinn er alþjóðlegur en ekki bundinn við Ísland.

Það sér enn ekki fyrir endann á þessari þróun; það berast stöðugt fréttir af stórum og virtum alþjóðlegum bönkum sem upplýsa um að þeir neyðist til að afskrifa eignir. Það verður ekki fyrr en búið er að hreinsa óþverrann úr kerfinu sem það kemst í samt lag á ný. Það mun líklega taka töluverðan tíma að byggja upp traust á alþjóðlegum fjármálamörkuðum að nýju. Og eins og Íslendingar komust að vorið 2006 skiptir traust öllu í bankastarfsemi.

> Það verður ekki fyrr en búið er að hreinsa óþverrann úr kerfinu sem það kemst í samt lag á ný. Það mun líklega taka töluverðan tíma að byggja upp traust á alþjóðlegum fjármálamörkuðum að nýju.

Áhrif á íslenska banka

Þessi vandræði munu sennilega hafa áhrif á íslenska banka. Vöxtur þeirra á undanförnum árum er ævintýralegur: Eignir bankanna samsvöruðu um einni landsframleiðslu í árslok 2000 en voru áttföld landsframleiðsla sex árum síðar.

En þessi hraði vöxtur byggðist á góðum aðgangi að erlendum mörkuðum fyrir lánsfé sem var í boði á lágum vöxtum. Staðan er breytt, ekki aðeins hjá íslenskum bönkum heldur hjá öllum. Þetta lýsir sér til dæmis í því að kjör alþjóðlegra banka í viðskiptum sín á milli hafa snarversnað. Þetta hlýtur að segja til sín í lakari aðgangi að fjármagni hjá íslenskum bönkum eins og öðrum. Það þýðir hægari vöxt og meira aðhald í útlánum og mun ekki aðeins hafa áhrif á íslensk fyrirtæki í útrás, sem hafa í töluverðum mæli reitt sig á bankana, heldur einnig á innanlandsmarkað – jafnt fyrirtæki sem einstaklinga.

En þau eru líka tækifæri í stöðunni. Miklar lækkanir á mörkuðum þýða að einhver félög verða of lágt verðlögð og það myndast færi á kaupum og sameiningum fyrirtækja sem árðnir fjárfestar geta nýtt sér ef fjármagn fæst. Íslenskir bankar eru að mörgu leyti vel í stakk búnir til að taka þátt í þeim slag eftir átakið sem farið var í eftir atburðina 2006. Þeir eru vel reknir og hafa um sinn nægt lausafé. Og þeir hafa að mestu forðast hinar þróuðu fjármálavörur sem hafa valdið vandræðunum á erlendum mörkuðum. Þetta er ótvíræður styrkur.

Eins og kemur fram í nýlegri skýrslu Viðskiptaráðs um íslenska fjármálageirann þá virðast bankarnir hins vegar hafa goldið fyrir það ójafnvægi sem er í íslenskum þjóðarbúskap. Að sumu leyti er þetta á misskilningi byggt, því starfsemi þeirra er í sífellt meira mæli á erlendum mörkuðum. En ef óræk merki birtast um að efnahagsmál hér séu á leið í jafnvægi þá ættu áhyggjur erlendra aðila af þessu atriði að minnka. Íslensku bankarnir hafa því möguleika á að halda áfram að vaxa og styðja um leið við íslensk útrásarfyrirtæki þótt sennilega hægi eitthvað á miðað við síðustu ár.

Það þarf ekki að vera svo slæmt; brýningu jólalagsins um að stíga fastar á fjöl hefur kannski verið fullvel fylgt á síðustu misserum. Að takturinn hægist aðeins um sinn þannig að hægt sé að huga vel að því að festa í sessi þann árangur sem náðst hefur er sennilega af hinu góða fyrir bankana og fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Það munu koma ný tækifæri til sóknar þegar þessi niðursveifla er gengin yfir.

Friðrik Már Baldursson er prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík og framkvæmdastjóri Rannsóknarstofnunar í fjármálum við HR.

Innlendir vendipunktar 2007
Fréttablaðið gerir nú upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir landskunna Íslendinga. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu, sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist eða breytingar sem hafa áhrif til frambúðar.

2002

2003

2001

2004

2000

1990

1989

1991

2005

1992

1999

1987

1988

1993

1998

1994

1996

1995

1997

2006

2008

2007

Bakkavör Group óskar hluthöfum og landsmönnum öllum heilla á komandi ári og þakkar samfylgdina á liðnum árum.

BAKKAVÖR

www.bakkavor.com

[01]

FJÖLBREYTT EIGNASAFN

FJÁRMÁL OG TRYGGINGAR 60%

Tveir þriðju hlutar eignasafns FL Group samanstanda af eignarhlutum í fjármála- og tryggingafyrirtækjum. Félagið er kjölfestufjárfestir í **Glitni banka** og lauk nýverið kaupum á 99% hlut í **Tryggingamiðstöðinni**. Glitnir banki er í örum vexti með starfsemi í 11 löndum og um 2.300 starfsmenn. Tryggingamiðstöðin hefur lengi verið í hópi stærstu tryggingafyrirtækja landsins og hefur auk þess haslað sér völl í Noregi. FL Group á einnig hluti í ýmsum fjármálafyrirtækjum í Evrópu.

FASTEIGNIR 15%

FL Group lauk nýlega kaupum á fasteignafélaginu **Landic Property**, einu stærsta fasteignafélagi á Norðurlöndunum. Með kaupunum styrkir FL Group enn frekar eignasafn sitt og mun í samstarfi við stjórnendur félaganna leita tækifæra til frekari vaxtar. Eignir Landic eru um 450 milljarðar króna og félagið rekur yfir 500 fasteignir í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi. Að auki á FL Group eignarhluti í **Bayrock, Þyrpingu** og **Fasteignafélagi Íslands**. Eignir félaganna á Íslandi eru m.a. Smáralind, Kringlan, 101 Skuggahverfi og Hilton Nordica.

Öflugt alþjóðlegt

Senn er lokið viðburðaríku ári hjá FL Group. Samsetning eignasafns hefur tekið miklum stakkaskiptum á árinu, félagið hefur nú að stóru leyti selt eignir sínar í félögum tengdum flugrekstri og lagt áherslu á kaup í öflugum félögum á sviði fjármála, trygginga og fasteigna. Fjárhagsstyrkur FL Group er mikill og félagið vel í stakk búið til að skoða áhugaverð tækifæri á markaði á næstu misserum, auk þess að halda áfram að styðja við sínar lykilfjárfestingar.

[03]

MANNAUÐUR

Hjá FL Group starfa um 40 manns í Reykjavík og Lundúnum. Menntun, reynsla og þekking starfsmanna er á mörgum sviðum en saman mynda þeir öfluga liðsheild. Starfsfólk félagsins starfar í hröðu og krefjandi umhverfi og nýtur svigrúms til að vera skapandi, leiðandi og framsækið í vinnu sinni.

FL GROUP

Upplýsingar um eignasafn og efnahag miðast við desember 2007.

Fl on/SÍA Fl024307

AÐRAR FJÁRFESTINGAR **25%**

Til viðbótar við kjarnafjárfestingar FL Group á sviði fjármála, trygginga og fasteigna, fjárfestir félagið í ýmsum öðrum félögum víðs vegar um Evrópu. Í þeim fjárfestingum er lögð áhersla á kaup í félögum með öflugt sjóðstreymi, góða stjórnendur og mikla vaxtarmöguleika. FL Group er m.a. kjölfestufjárfestir í **Refresco**, einum stærsta drykkjarvöru-framleiðanda í Evrópu og leiðandi fjárfestir í **Geysir Green Energy**, ört vaxandi félagi á sviði jarðvarmaorku. Einnig má nefna eignarhluti í **House of Fraser**, einu þekktasta tískuvöruhúsi Bretlands og hlutdeild í félögum í ferðaiðnaði.

HEILDAREIGNIR **100%**
440 MILLJARÐAR

STERK FJÁRHAGSSTAÐA

[02]

Fjárhagslegur styrkur FL Group hefur aldrei verið meiri og félagið er vel í stakk búið til að takast á við ný verkefni og að halda áfram að styðja við sínar lykilfjárfestingar. Heildareignir félagsins eru um 440 milljarðar króna og eiginfjárhlutfallið um 40%.

fjárfestingafélag

Með samstíga hópi starfsmanna félagsins mun FL Group takast á við áskoranir nýs árs.
Starfsfólk FL Group þakkar þeim sem komu að starfsemi félagsins á árinu fyrir sam-skiptin og óskar landsmönnum öllum farsæls komandi árs.

Stuðningur við Lífið kallar, eftir-meðferð á vegum BUGL

Styrktaraðili og einn stofnenda Mænuskaða-stofnunar Íslands

Kostun til lækkunar miðaverðs fyrir tónleikagesti á tónleikum Norah Jones í Laugardalshöll

FL Group er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands

FL Group er bakhjarl Garðars Thórs Cortes

unicef Uppbygging skóla og varnir gegn malaríu í Gíneu-Bissá

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

[04]

Samhliða miklum vexti félagsins undanfarin ár hefur FL Group lagt sig fram um að rækta hlutverk sitt sem ábyrgur þátttakandi í samfélaginu. Þessi stefna birtist m.a. í þátttöku félagsins í margvíslegum samfélagsverkefnum, einkum á sviði menningar og mannúðar. FL Group er m.a. styrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands, BUGL, UNICEF og Mænuskaðastofnunar Íslands.

ÓLAFUR THORS FORSÆTISRÁÐHERRA ANDAÐIST Á GAMLÁRSDAG ÁRIÐ 1964, 72 ÁRA AÐ ALDRI.

„Ef við kunnum okkur ekki hóf snýst velgengni og velsæld í vesæld og vansæmd.“

Ólafur Thors var framkvæmdastjóri togarafélagsins Kveldúlfs í Reykjavík, alþingismaður og stjórnmálaforingi fyrir Íhaldsflokk og síðar Sjálfstæðisflokk. Var ráðherra dómsmála, atvinnumála, utanríkismála, félagsmála, sjávarútvegs og iðnaðar á sínum ferli og fimm sinnum forsætisráðherra.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 31. DESEMBER 2005

Flugeldasala í ljósum logum

ELDUR Reykur, neistaflug og sprengingar. MYND/KIDDI RÓT.

Eldur varð laus í flugeldageymslu Hjálparsveitar skáta að Austurmörk 9 í Hveragerði þennan dag árið 2005. Hann olli tugmilljónatjóni en þrátt fyrir að um 20 manns væri í húsinu þegar hann gaus upp urðu engin alvarleg slys á fólki. Hjálparsveitarmaður var að leggja lokahönd á 200 kílóa flugeldapakka í herbergi inn af afgreiðslunni og er talið að neisti úr handknúinni heftibyssu hafi orsakað eldinn. Gífurlegar sprengingar urðu og neistaflug í kjölfarið.
Hús skátanna stóð í miðjum bænum og slökkviliðið í Hveragerði var fljótt á vettvang. Einnig komu liðsmenn Brunavarna Árnessýslu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og þó eldurinn hafi byrjað með látum voru slökkviliðsmenn tiltölulega fljótir að ná tökum á honum. Milt veður var, austan 2 m á sekúndu og auðveldaði það slökkvistarf. Auk mikilla skemmda á húsi hjálparsveitarinnar brann björgunarbúnaður hennar nema hvað tveir bílar sluppu. Um tíma var óttast um dvalarheimili aldraða er stóð skammt frá skátaheimilinu en ekki kom til þess að það yrði rýmt.

MERKISATBURÐIR

1791 Skólapiltar í Hólavallaskóla halda fyrstu áramótabrennu sem vitað er um með vissu á Íslandi.
1857 Viktoría Bretadrottning velur Ottawa sem höfuðborg Kanada.
1871 Fyrsta blysför er farin í Reykjavík og á Tjörninni er álfadansleikur þar sem kvæðið Máninn hátt á himni skín er frumflutt.
1944 Ungverjaland segir Þýskalandi stríð á hendur.
1990 Rússinn Garrí Kasparov ver titil sinn í heimsmeistaraeinvígi í skák með sigri á Anatolí Karpov.
1991 Sovétríkin leysast upp.
1999 Boris Jeltsín segir af sér sem forseti Rússlands og Vladimír Pútín er settur forseti í hans stað.

AFMÆLI

ANTHONY HOPKINS LEIKARI er sjötugur í dag.

BEN KINGSLEY LEIKARI er sextíu og fjögurra ára í dag.

ALEX FERGUSON KNATTSPYRNUSTJÓRI er sextíu og sex ára í dag.

EDDA ERLENDSDÓTTIR PÍANÓLEIKARI er fimmtíu og sjö ára í dag.

DONNA SUMMER SÖNGKONA er fimmtíu og níu ára í dag.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR UTANRÍKISRÁÐHERRA er fimmtíu og þriggja ára.



GUÐMUNDUR ANDRI „Finnst ég alltaf vera níu ára.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON RITHÖFUNDUR: FIMMTUGUR Í DAG

Er alltaf sá sami í speglinum

„Ég hef aldrei skynjað aldurinn og læt mér líka algerlega á sama standa um hann. Er ævinlega sá sami þegar ég lít í spegilinn. Alltaf níu ára. Það er besti aldurinn því þá er maður í réttum hlutföllum!“ Þannig svarar Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur spurningunni hvernig honum finnist að verða fimmtugur í dag. Hann kveðst ekki ætla að halda upp á afmælið. Ekki núna. „Ég verð að heiman eins og það er kallað,“ segir hann. „Sem þýðir að ég verð í faðmi fjölskyldunnar heima hjá bróður mínum og ætla að láta hann stjana við mig allt kvöldið. Mun bara sjálfur sitja í stól og heimta gos og nammi!“

Hvort hans var vænst akkúrat á gamlársdag fyrir fimmtíu árum veit Guðmundur Andri ekki. „Mamma sagði mér einhvern tíma hvernig fæðingu mína bar að en ég get ekki endursagt það. Hins vegar á ég minningabrot úr skírninni sem var nokkru síðar á Bergstaðastrætinu hjá afa og ömmu, Guðmundi og Kristínu en eftir það kemur löng gloppa í minninu.“

Guðmundur Andri ólst upp í Vogahverfinu þegar það var að byggjast upp og þar búa foreldrar hans enn. „Vogarnir eru sérstakir að því leyti að þar mættist fólk úr öllum stéttum og mikil orka varð til fyrir vikið. Þar var sérlega gott að vera sem barn og lesa má um það í íslenskum bókmenntum. Þó hafa rithöfundarnir varla náð að túlka til fulls hversu frábært það var. Þarna voru margir krakkar og mikil víðátta, bæði leikvellir og móar. Í götunni hjá okkur var álfasteinn sem því miður var sprengdur til að rýma fyrir fótboltavelli. Á þeim velli þreifst samt aldrei neinn leikur. Allir sem reyndu að keppa þar duttu og meiddu sig af því bústaður álfanna hafði verið eyðilagður. Í götunni minni var líka fjós og hlaða. Við hliðina á honum Eika Hauks. Þetta er allt ævintýralegt í minningunni. Mig dreymdi meira að segja í nótt að ég væri fluttur aftur í Karfavoginn ásamt allri minni fjölskyldu. Hafði dregið vinafólk mitt þangað líka og talið því trú um að þar væri allt svo sérstakt.“

Enda þó Guðmundur Andri sé enn í draumum sínum inni í Vogum er verulegur annar því eftir nokkurra ára viðdvöl í Vesturbæ Reykjavíkur flutti hann búferlum á Álftanesið. Kveðst lítið verða var við forsetann þrátt fyrir að taka sér oft göngutúra í grennd við hið tigna heimili hans. „Ég sé Ólaf Ragnar aldrei. Held hann sé voða lítið heima,“ segir hann.

Ekki vill Guðmundur Andri viðurkenna að vindasamt sé á Álftanesi, að minnsta kosti ekki um of. „Margir Reykvíkingar halda að alltaf sé rok hér á nesinu en það er rangt. Í fyrsta lagi er ekki eins og Reykjavík sé einhver Flórída. Það gustar nú bærilega um Vesturbæinn að ekki sé talað um miðbæinn. „Hrollurinn niður Bankastræti er allri ísöld verri,“ orti Dagur Sigurðarson minnir mig. Þetta með rokið á Álftanesi er hins vegar mjög lífseig trú. Sennilega af því að fólk sér alltaf fyrir sér hárið á Steingrími Hermannssyni við Bessastaði. Það er einhver mynd úr sjónvarpinu. Eða af öðru fólki við Bessastaði að hemja hárið. Forsetasetrið er á miklum berangri og þaðan kemur, held ég, hugmyndin um rokið.“ **gun@frettabladid.is**

Hlaut Palm Art verðlaunin

Guðmundur Rúnar Lúðvíksson myndlistarmaður í Reykjanesbæ hlaut nýlega hin virtu Palm Art myndlistarverðlaun, fyrstur Íslendinga. Þau voru afhent í Leipzig í Þýskalandi eins og siður er á ári hverju. Áður en að því kom voru haldnar átta sýningar með verkum 90 valinna listamanna frá ýmsum löndum. Þar má nefna Þýskaland, Austurríki, Holland, Danmörku, Bretland, Svíþjóð, Noreg og Japan.

Guðmundi Rúnari var boðin þátttaka í áttundu og síðustu sýningunni sem var haldin í nóvember. Hann fékk mikið lof fyrir verk sín. Þó er haft eftir honum að verðlaunin hafi komið þægilega á óvart. „Þetta þýðir að einhverju leyti meiri athygli og hugsanlega fleiri tækifæri í framhaldinu, svo sem sýningar og fleira,“ segir hann. **Heimild/Víkurfréttir**

LISTAMAÐURINN Guðmundur Rúnar Lúðvíksson.

Gullbrúðkaup

eiga í dag hjónin

Jón Þorleifsson

og

Unnur Halldórsdóttir

í dag til heimilis að Reykási í Reykjavík. Þau halda upp á daginn í faðmi barna og barnabarna.

†

Málmfríður Jóhannsdóttir
Austurgötu 25, Hafnarfirði,

sem lést 22. desember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 3. janúar kl. 15.00.

Aðstandendur.

†

Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Maríu Sigurðardóttur
viðskiptafræðings.

Rannveig Rist **Jón Heiðar Ríkharðsson**
Guðbjörg Rist Jónsdóttir
María Rist Jónsdóttir
Hólmfríður Vigdís Rist Jónsdóttir
Bergljót Rist **Sveinn Atli Gunnarsson**
Hekla Rist
Kolka Rist

GLEÐILEGT NÝÁR, GÖFUGA ÞJÓÐ!
GLEÐILEGT NÝÁR, MENN OG FLJÓÐ!
SÓLBJART ÁR YFIR FÖGUR FJÖLL
FRJÓSAMT ÁR YFIR BLÓMSTURVÖLL
YNDISÁR YFIR EY OG SKER
ARÐ OG GAGN YFIR FISKIVER
FRELSISÁR YFIR FRÆ Í JÖRÐ
FARSÆLT ÁR YFIR BÚMANNS HJÖRÐ
HEILLAÁR YFIR HEST OG SKEIÐ
HEILAGA VERND YFIR HVERJA LEIÐ
SVÁSLEGT ÁR YFIR SVANABRAUT
SÖNGBLÍTT ÁR YFIR SKÓGARLAUT
LAUSNARÁR YFIR MAÐK Í MOLD
MERKISÁR YFIR LÖG OG FOLD!

MATTHÍAS JOCHUMSSON

Exista óskar hluthöfum sínum, samstarfsfólki og landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs og þakkar samfylgdina á árinu sem er að líða.

EXISTA

TUNGLIÐ

Við lítum með stolti yfir árangur viðskiptavina okkar á árinu

Landsbankinn þakkar ánægjulegt, gjöfult og einstaklega árangursríkt samstarf á árinu 2007, jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi.
Við lítum björtum augum til ársins 2008 og horfum með tilhlökkun til verkefna, samstarfs og tækifæra sem það ber í skauti sér.

Epinion A/S

Starfsemi: Markaðs- og viðhorfs-rannsóknir
Verkefni: Kaup Capacent á félaginu
Hlutverk bankans: Ráðgjöf og fjármögnun
Umfang verkefnis: Trúnaðarmál
Land: Danmörk
Hvenær: Janúar

Pace Micro Technologies

Starfsemi: Framleiðsla á myndlyklum
Verkefni: Fjármögnun
Hlutverk bankans: Lánveiting
Umfang verkefnis: GBP 35 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: Janúar

Atlantsolía

Starfsemi: Eldsneytissala
Verkefni: Endurfjármögnun á félaginu
Hlutverk bankans: Lánveiting
Umfang verkefnis: Trúnaðarmál
Land: Ísland
Hvenær: Febrúar

Blåfall Engergi

Starfsemi: Fjárfesting í smávirkjunum í Noregi
Verkefni: Hlutafjáröflun
Hlutverk bankans: Ráðgjöf
Umfang verkefnis: EUR 20 milljónir
Land: Noregur
Hvenær: Febrúar

MFI Retail

Starfsemi: Keðja húsgagnaverslana
Verkefni: Fjármögnun
Hlutverk bankans: Lánveiting
Umfang verkefnis: GBP 50 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: Mars

Stekkjarbrekkur ehf.

Starfsemi: Byggingarstarfsemi
Verkefni: Bygging á verslunarhús-næði að Blikastöðum
Hlutverk bankans: Lánveiting
Umfang verkefnis: ISK 5 milljarðar
Land: Ísland
Hvenær: Mars

Teymi hf.

Starfsemi: Eignarhaldsfélag á sviði fjar-skipta og upplýsingatækni
Verkefni: Hlutafjárútboð
Hlutverk bankans: Ráðgjöf, sölutrygging og umsjón með útboði
Umfang verkefnis: ISK 4 milljarðar
Land: Ísland
Hvenær: Mars

Boreas Capital

Starfsemi: Fjárfestingarsjóður
Verkefni: Hlutafjáröflun
Hlutverk bankans: Ráðgjöf og sala
Umfang verkefnis: USD 130 milljónir
Land: Ísland
Hvenær: Apríl

Aer Lingus

Starfsemi: Flugfélag
Verkefni: Vörn gegn yfirtökutilraun Ryanair
Hlutverk bankans: Ráðgjöf
Umfang verkefnis: EUR 1.500 milljónir
Land: Írland
Hvenær: Júní

Azur Space Solar

Starfsemi: Framleiðsla á sólarrafhlöð-um fyrir geimiðnaðinn
Verkefni: Kaup alþjóðlegs fjármálahóps á félaginu
Hlutverk bankans: Ráðgjöf
Umfang verkefnis: Trúnaðarmál
Land: Þýskaland
Hvenær: Júní

Century Aluminium

Starfsemi: Alþjóðlegt álfyrirtæki
Verkefni: Skráning á OMX á Íslandi og hlutafjárútboð
Hlutverk bankans: Ráðgjöf, sölutrygging og um-sjón með skráningu og útboði
Umfang verkefnis: USD 100 milljónir
Land: Ísland
Hvenær: Júní

Domstein ASA

Starfsemi: Sjávarútvegsfyrirtæki
Verkefni: Fjármögnun
Hlutverk bankans: Þátttaka í sambankaláni
Umfang verkefnis: NOK 70 milljónir
Land: Noregur
Hvenær: Júní

Neqtar Ltd.

Starfsemi: Drykkjarvöruframleiðandi
Verkefni: Fjármögnun
Hlutverk bankans: Lánveiting
Umfang verkefnis: GBP 30 milljónir
Land: Ástralía og Bretland
Hvenær: Júlí

Newave

Starfsemi: Hugbúnaðargerð fyrir orkuiðnaðinn
Verkefni: Hlutafjárútboð (IPO)
Hlutverk bankans: Umsjón og sölutrygging
Umfang verkefnis: CHF 65 milljónir
Land: Sviss
Hvenær: Júlí

ÍSLENSKA SIA.IS / LBI 40466 12/07

Meridian Technologies

Starfsemi: Framleiðsla á íhlutum í bíla
Verkefni: Fjármögnun vegna kaupa á Estatia AG
Hlutverk bankans: Ráðgjöf, sölutrygging og fjármögnun
Umfang verkefnis: CAD 150 milljónir
Land: Kanada
Hvenær: Febrúar

Austin Reed Group

Starfsemi: Keðja fataverslana
Verkefni: Fjármögnun
Hlutverk bankans: Lánveiting
Umfang verkefnis: GBP 19 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: Mars

Green Biofuels Ireland

Starfsemi: Framleiðsla lífrænna orkugjafa
Verkefni: Fjármögnun
Hlutverk bankans: Ráðgjöf og aðstoð við fjármögnun
Umfang verkefnis: EUR 25 milljónir
Land: Írland
Hvenær: Mars

Landsafl

Starfsemi: Fasteignafélag
Verkefni: Sala á félaginu til Landic Property hf.
Hlutverk bankans: Ráðgjöf og aðstoð við fjármögnun
Umfang verkefnis: Trúnaðarmál
Land: Ísland
Hvenær: Mars

Iceland Foods

Starfsemi: Keðja matvöruverslana
Verkefni: Endurfjármögnun
Hlutverk bankans: Fjármögnun, sölutrygging, sala og umsjón með sambankaláni
Umfang verkefnis: GBP 370 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: Apríl

Icepharma

Starfsemi: Heildsala með lyf og heilbrigðisvörur
Verkefni: Sala á Icepharma fyrir Atorku Group
Hlutverk bankans: Ráðgjöf
Umfang verkefnis: Trúnaðarmál
Land: Ísland
Hvenær: Apríl

Wilson Bowden

Starfsemi: Fasteignafyrirtæki
Verkefni: Kaup Barratt Developments á félaginu
Hlutverk bankans: Umsjón
Umfang verkefnis: GBP 2.200 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: Apríl

Parlogis hf.

Starfsemi: Vörustjórnun í heilbrigðis- og hjúkrunargeiranum
Verkefni: Sala á Parlogis fyrir Atorku Group
Hlutverk bankans: Ráðgjöf og fjármögnun
Umfang verkefnis: Trúnaðarmál
Land: Ísland
Hvenær: Maí

Actavis

Starfsemi: Framleiðsla samheitalyfja
Verkefni: Kaup Novator Pharma á öllu hlutafé og afskráning félagsins
Hlutverk bankans: Ráðgjöf, umsjón með yfirtökutilboði og fjármögnun
Umfang verkefnis: EUR 300 milljónir
Land: Ísland
Hvenær: Júlí

All Saints

Starfsemi: Keðja tískuvöruverslana
Verkefni: Fjármögnun
Hlutverk bankans: Lánveiting
Umfang verkefnis: GBP 19 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: Júlí

China Real Estate Opportunities Ltd.

Starfsemi: Fjárfesting í fasteignum í Kína
Verkefni: Hlutafjárútboð (IPO)
Hlutverk bankans: Ráðgjöf og miðlun
Umfang verkefnis: GBP 260 milljónir
Land: Ermasundseyjar
Hvenær: Júlí

Du Pareil au Même

Starfsemi: Stærsta barnafataverslun Frakklands
Verkefni: Kaup á ráðandi hlut
Hlutverk bankans: Markaðsviðskipti
Umfang verkefnis: EUR 58 milljónir
Land: Frakkland
Hvenær: Júlí

Venere SpA

Starfsemi: Rekstur bókunarþjónustu fyrir hótel á netinu
Verkefni: Endurfjármögnun
Hlutverk bankans: Lánveiting, sölutrygging, umsjón og sala á sambankaláni
Umfang verkefnis: Trúnaðarmál
Land: Ítalía
Hvenær: Júlí

Becromal Iceland ehf.

Starfsemi: Framleiðsla á aflþynnum í rafþétta
Verkefni: Hlutafjáröflun og fjármögnun
Hlutverk bankans: Ráðgjöf
Umfang verkefnis: Trúnaðarmál
Land: Ísland
Hvenær: Ágúst

Brim hf.

Starfsemi: Útgerð og fiskvinnsla
Verkefni: Fjármögnun á togaranum Brimnes RE 27
Hlutverk bankans: Lánveiting
Umfang verkefnis: Trúnaðarmál
Land: Ísland
Hvenær: Ágúst

CI Traders

Starfsemi: Verslunar- og hótelrekstur á Ermasundseyjum
Verkefni: Kaup Sandpiper á félaginu
Hlutverk bankans: Ráðgjöf
Umfang verkefnis: GBP 401 milljón
Land: Ermasundseyjar
Hvenær: Ágúst

Formula 1

Starfsemi: Rekstur Formúla 1 kappakstursins
Verkefni: Endurfjármögnun
Hlutverk bankans: Þátttaka í sambankaláni
Umfang verkefnis: GBP 35 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: Ágúst

Healthcare at Home

Starfsemi: Heilbrigðisþjónusta á einkaheimilum
Verkefni: Kaup Hutton Collins á félaginu
Hlutverk bankans: Lánveiting, sölutrygging, umsjón og sala á sambankaláni
Umfang verkefnis: GBP 88 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: Ágúst

Mirror Controls International

Starfsemi: Framleiðsla á rafstýringum í bíla
Verkefni: Kaup Englefield Capital á félaginu
Hlutverk bankans: Fjármögnun og sölutrygging á sambankaláni
Umfang verkefnis: USD 95 milljónir
Land: Holland
Hvenær: Ágúst

Royal Nedschroef

Starfsemi: Framleiðsla íhluta í bíla
Verkefni: Kaup Gilde Buyout Partners á félaginu
Hlutverk bankans: Lánveiting, sölutrygging, sala og umsjón með sambankaláni
Umfang verkefnis: EUR 215 milljónir
Land: Holland
Hvenær: Ágúst

Remmen Hotel Holdings

Starfsemi: Rekstur hótela og fasteigna, þ.á.m. D´Angleterre
Verkefni: Kaup NP Properties á félaginu
Hlutverk bankans: Ráðgjöf og fjármögnun
Umfang verkefnis: Trúnaðarmál
Land: Danmörk
Hvenær: September

Eimskipafélag Íslands

Starfsemi: Flutningafyrirtæki
Verkefni: Skuldabréfaútboð
Hlutverk bankans: Ráðgjöf og sala
Umfang verkefnis: ISK 9,5 milljarðar
Land: Ísland
Hvenær: Október

Flexitallic Group

Starfsemi: Framleiðsla á pakkningum fyrir vélar
Verkefni: Kaup OFI Private Equity á félaginu
Hlutverk bankans: Lánveiting, sölutrygging, umsjón og sala á sambankaláni
Umfang verkefnis: EUR 100 milljónir
Land: Frakkland
Hvenær: Október

Locatel

Starfsemi: Framleiðsla á hugbúnaði fyrir hótel- og heilbrigðisgeirann
Verkefni: Endurfjármögnun
Hlutverk bankans: Lánveiting, sölutrygging, umsjón og sala á sambankaláni
Umfang verkefnis: EUR 73 milljónir
Land: Frakkland
Hvenær: Október

Avocet Hardware Ltd.

Starfsemi: Verslun með byggingarvörur
Verkefni: Fjármögnun
Hlutverk bankans: Lánveiting
Umfang verkefnis: GBP 20 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: Nóvember

Inverland Pajares

Starfsemi: Sorphirða og þjónusta við iðnfyrirtæki
Verkefni: Kaup 3i Private Equity á félaginu
Hlutverk bankans: Lánveiting, sölutrygging, umsjón og sala á sambankaláni
Umfang verkefnis: EUR 100 milljónir
Land: Spánn
Hvenær: Nóvember

Atorka Group hf.

Starfsemi: Fjárfestingarfélag
Verkefni: Skuldabréfaútboð
Hlutverk bankans: Ráðgjöf og sala
Umfang verkefnis: ISK 9,2 milljarðar
Land: Ísland
Hvenær: Desember

Emap

Starfsemi: Breskt fjölmiðlafyrirtæki
Verkefni: Sala á hluta úr fyrirtækinu
Hlutverk bankans: Ráðgjöf
Umfang verkefnis: EUR 200 milljónir
Land: Írland
Hvenær: Desember

ÍSLENSKASÍA.IS 7181 40466 12/07

Landsbankinn óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum
öllum farsældar og velgengni á nýju ári.

Selecta

Starfsemi: Framleiðsla á ílátum, sjálfsölum og fleiru
Verkefni: Kaup Allianz Capital Partners á félaginu
Hlutverk bankans: Þátttaka í sambankaláni
Umfang verkefnis: GBP 50 milljónir
Land: Holland
Hvenær: Ágúst

Camden Corporate Fleet Services

Starfsemi: Rekstur á bílageymslum og umsýsla með bíla
Verkefni: Kaup BPE á félaginu
Hlutverk bankans: Lánveiting og sölutrygging á sambankaláni
Umfang verkefnis: GBP 42 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: September

Debenhams

Starfsemi: Keðja vöruhúsa
Verkefni: Endurfjármögnun
Hlutverk bankans: Þátttaka í sambankaláni
Umfang verkefnis: GBP 15 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: September

eircom

Starfsemi: Fjarskiptafyrirtæki
Verkefni: Kaup BCM Ireland Holdings á félaginu
Hlutverk bankans: Þátttaka í sambankaláni
Umfang verkefnis: GBP 30 milljónir
Land: Írland
Hvenær: September

Norway Pelagic AS

Starfsemi: Sjávarútvegsfyrirtæki
Verkefni: Rekstrarfjármögnun
Hlutverk bankans: Þátttaka í sambankaláni
Umfang verkefnis: NOK 100 milljónir
Land: Noregur
Hvenær: Október

Spice

Starfsemi: Upplýsingatækniþjónusta
Verkefni: Tilboð Revenue Assurance í félagið
Hlutverk bankans: Ráðgjöf
Umfang verkefnis: GBP 103 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: Október

Swets

Starfsemi: Áskriftarþjónusta
Verkefni: Kaup Gilde Buy Out Partners á félaginu
Hlutverk bankans: Umsjón með fjármögnun
Umfang verkefnis: Trúnaðarmál
Land: Holland
Hvenær: Október

Telecity Holdings

Starfsemi: Stjórnun og vistun rafrænna gagna
Verkefni: Hlutafjárútboð (IPO)
Hlutverk bankans: Ráðgjöf
Umfang verkefnis: GBP 436 milljónir
Land: Bretland
Hvenær: Október

Marel hf.

Starfsemi: Þróun og framleiðsla tækja fyrir matvælaiðnaðinn
Verkefni: Kaup á Stork Food Systems
Hlutverk bankans: Ráðgjöf, sölutrygging, umsjón og hlutafjárútboð
Umfang verkefnis: EUR 415 milljónir
Land: Ísland
Hvenær: Desember

NYOP Education Ltd.

Starfsemi: Byggingarstarfsemi
Verkefni: Endur- og nýbygging 10 skóla í Skotlandi
Hlutverk bankans: Lánveiting
Umfang verkefnis: GBP 120 milljónir
Land: Skotland
Hvenær: Desember

Samson eignarhaldsfélag hf.

Starfsemi: Fjárfestingarfélag
Verkefni: Skuldabréfaútboð
Hlutverk bankans: Ráðgjöf og sala
Umfang verkefnis: ISK 22,5 milljarðar
Land: Ísland
Hvenær: Desember

Stork N.V.

Starfsemi: Iðnfyrirtæki
Verkefni: Yfirtökutilboð LME í félagið
Hlutverk bankans: Ráðgjöf og fjármögnun
Umfang verkefnis: EUR 1.600 milljónir
Land: Holland
Hvenær: Yfirstandandi

BJARTSÝNN Á NÝJU ÁRI Forstjórinn segist stefna á að eftir fimm ár verði fyrirtækið orðið þrisvar sinnum stærra en það er í dag.

Varð mjög fljótt fullorðinn

Á einni nóttu var **Jón Sigurðsson** sestur í einn umdeildasta forstjórastól landsins í húsnæði FL Group. Viku síðar var þessi ungi forstjóri kominn á forsíður glanstímarita enda þjóðin forvitin að vita hvaðan hann kom og hvað hann ætlaði að gera við það fyrirtæki sem hvað mest hefur verið í umræðunni árið 2007. Jón sagði *Júlíu Margréti Alexandersdóttur* frá rapparaútliti í fortíð, strembnu ári og framtíð þar sem hann vonast til að vera ekki fréttamatur í viku hverri.

Hátíðin nálgast og Jón hlær að því hvort það sé ekkert farið að róast á vinnustaðnum. „Þegar ég byrjaði að vinna í fjármálageiranum var mér sagt að yfir sumartímann væri rólegt. Svo að það væri rólegur tími í desember. Ég man ekki eitt einasta sumar eða desembermánuð sem það hefur ekki verið hamagangur. Haustið hefur jú auðvitað verið mjög sérstakt.“

Stúderaði Matador

Jón hefur vakið sérstaka athygli vegna aldurs síns sem var ef til vill ekki svo ólíklegur á forstjórum í kringum miðja síðustu öld en er ekki beinlínis meðalaldur æðstu manna í fyrirtækjum í dag. Sökum þess var hann meðal annars nefndur „undrabarnið“ í tímariti fyrir stuttu síðan sem hann segir að sé fjarri sanni. Hver viti nema hann prófi þó að taka upp eitt stykki fiðlu á næstu skemmtun og athuga hvað gerist. „Þá hlýt ég nú líka að vera elsta undrabarn landsins.“ Og hann lagði þá ekki saman Ora-baunirnar í staðinn fyrir að borða þær, smíðaði uppfinningar og spilaði Matador heldur? „Jú, Matadorið. Ég spilaði það mjög mikið. Annars var ég lítill dellukarl og festist ekki í hlutum. Það voru tölvuleikir, mikill körfubolti, á tímabili tók ég myndir og í þrjá mánuði setti ég saman módel. Það var mitt slakasta svið – að gera eitthvað í höndunum – hvort sem það heitir að smíða eða mála.“ Og svo dansaðirðu – varst í samkvæmisdönsum ekki satt? „Jú, ég dansaði í ein átta ár með ekkert sérstökum árangri. Nema þegar ég fór eitt sinn til Bandaríkjanna og keppti þar með frænku minni. Við unnum fjórtán verðlaun. Við vorum reyndar einu keppendurnir í flokknum.“

Tilheyrir tíunda áratugnum

Fæddur árið 1978 elst Jón upp á hinum stórkostlega níunda áratugi, tíma Gleðibankans, neon-lita og heimilissýninga í Höllinni. Hvað pikkaði hann upp frá áratugnum? „Ég tengi mig nú frekar við þann tíunda. Maður náði ekki nema seinni hluta þess níunda og þegar maður var kominn með vit til að tileinka sér eitthvað að ráði var farið að nálgast 1990. Svona eftir á að hyggja sýnist mér það allavega. Á þeim tíma fór ég til að mynda í Vatnaskóg í fyrsta skipti og kynntist rappi – Beastie Boys – og hef síðan þá hlustað á rapp. Á sama tíma æfði ég körfubola og maður gerði heiðarlega tilraun til þess að verða að rappara í klæðaburði líka. Keypti peysur og boli í extra extra large, náði buxunum að vísu aldrei, en svo var maður að rembast við að henda einhverjum risahálsmenum utan um mig þegar maður vildi vera virkilega flottur.“ Þeir eru einmitt nokkrir Hafnfirðingarnir til vitnis um það að Jón hafi litið út eins og rappari í þó nokkurn tíma. Og þótt hipphopp-múnderingin hafi elst af Jóni hefur hann alla tíð verið trúr sjálfri tónlistinni og hlustar enn á rapp. „Ég var þannig að þegar ég var yngri hlustaði ég mikið á Elvis Presley og Bítlana og svo var það rappið. Það er fyrst í dag sem ég er farinn að hlusta á eitthvað fjölbreyttara.“ Public Enemy, Ice-T eiga allt af sinn sess og af þeim nýrri er það Nas. „Ég fór einmitt á tónleika með honum þar sem ég var staddur á Flórída í apríl síðastliðnum. Og mér finnst almennt mjög gaman að fara á tónleika, hvort sem það er Bó í Laugardalshöllinni eða Robbie Williams.“

Afinn í Straumnesi fyrirmynd

Jón vill ekki gangast við að hafa heyrt neinar voðasögur af sér sem barni. Hann ólst upp í Hafnarfirði, átti tvö systkini, var elstur í systkinahóp, faðir endurskoðandi og móðir heimavinnandi. Hann var félagslyndur, duglegur í félagslífinu og hjólaði sem óður maður um allan bæ – gjarnan á staura eða hluti sem urðu á vegi hans. Datt ofan í garða og ýmislegt. Að öðru leyti ... „var ég svoddan kórdrengur að ég hef engum voðasögum að deila“. Í stað þess að rekja ættir er Jón beðinn um að nefna frægasta ættingjann sinn. „Ég held ég eigi nú kannski ekki beinlínis náskylda mjög fræga ættingja en fyrir mér er það alnafni minn og afi, Jón Sigurðsson í Straumnesi.“ Einn af síðustu Kaupmönnunum á horninu en hann rak Straumnes í Breiðholti þar til um 1990. „Hann hafði óbein áhrif á mig og hans lífssýn finnst mér gott að geta tileinkað mér sjálfur í starfi. Ég var mikið hjá honum þegar ég var yngri, hjálpaði til við að fylla á kælinn og slíkt, og hvernig hann nálgaðist hlutina var óvenjulegt. Hann lagði sál sína alla í starfið, vann sjálfur í verkföllum og aðalatriðið hjá honum var sambandið við kúnnann sem hann tók langt fram yfir sjálfa afkomuna. Honum fannst fólkið, starfsfólkið og kúnnarnir, skipta öllu máli og sinnti því af alúð. Svo þegar hann hætti með búðina var hann allt í einu kominn á fullt í að stússast fyrir Íþróttafélag fatlaðra, safna peningum fyrir félagið og slíkt – sem enginn í fjölskyldunni skildi. En svona var hann. Kom á óvart og var atorkusamur.“ Og hvar sjást svo áhrifin frá afanum? „Viðskipti eru fyrst og fremst mannleg samskipti. Í raun er viðskiptafræði bara fimm prósent eitthvað fræðilegt en restin snýst bara um manneskjurnar. Og ég hugsa að menn vanmeti þann þátt alltaf. Sumir sjá þetta bara sem tölur á skjá, sem færðar eru á milli vasa, en til að tölurnar gangi upp þarftu að geta virkjað fólk og átt góð samskipti við það. Annars einangrastu bara og þér mistekst.“

> Skiljanlega voru alltaf einhverjir sem voru kannski ekki alveg að kaupa það að einhver sem var jafngamall og börnin þeirra væri að segja þeim hvernig haga ætti hlutunum. Á endanum er það hins vegar alltaf þannig að menn hætta að spá í slíku ef maður lætur verkin tala.

Skilningsrík eiginkona

Sem fyrr segir ólst Jón upp sem Hafnfirðingur og er lítt flokkshollur sem einn fyrrverandi slíkur. Í dag býr hann til dæmis á Seltjarnarnesinu, sem gæti flokkast sem höfuðsynd í sakramenti gaflara. „Við Hafnfirðingar skiptumst eiginlega í tvennt, það eru þeir sem fóru í í Flensborg og svo hinir sem fóru í skóla fjarri heimabyggð, eins og ég, sem fór í Versló. Ástæðan fyrir því að ég býr svo ekki þar er að konan mín bjó öll uppvaxtarár sín á Seltjarnarnesinu og það lengsta sem við höfum komist þaðan í búskap er næsta póstnúmer – Vesturbærinn.“ Eiginkonu sinni, Björgu Fenger, kynntist hann einmitt í Versló. Og það er ekki allra, á þessum síðustu og verstu tímum hjúskaparheita, að ganga svo að eiga æskuástina. Hver er lykillinn að sambandi sem lifir svo lengi? „Ég held að lykillinn sé að eiga mjög skilningsríka konu. Þetta er ekki alltaf skemmtilegt hlutskipti – að sitja uppi með mann – út af vinnuálaginu. Það er ekki hægt að stóla á mann hvað heimilisstörf varðar, matseld eða að maður sé búinn í vinnunni klukkan fjögur til að ná í börnin. Þeim verkefnum þarf hún að sinna í níutíu og níu prósentum tilfella. Auk þess reynum við alltaf að fara yfir daginn og hún er fullur þátttakandi í því sem ég er að gera en í augnablikinu er verkaskiptingin á heimilinu með þessum hætti. Ef ég legg eitthvað fram til eldamennskunnar felst það í því að pikka upp mat á heimleiðinni.“

Notaði útilokunaraðferðina á starfsferilinn

Verslunarskóli Íslands varð fyrir valinu því Jón var nokkuð viss um að hvað svo sem hann yrði – myndi það tengjast viðskiptum. Úr Versló lá leiðin því í Háskólann í Reykjavík þar sem hann lauk B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði. „Ég byrjaði snemma að fylgjast með fréttum, þjóðmálum og pólitík og finnst fátt skemmtilegra en pólitískir umræðuþættir. En ég var aldrei alveg viss um hvað ég ætlaði að verða en fór fljótlega að nota útilokunaraðferðina þegar ég byrjaði að vinna sem unglingur. Þannig var ég alltaf að finna út hvað ég ætlaði allavega ekki að gera.“ Ferilinn byrjaði í unglingavinnunni, þaðan lá hann í fiskvinnslu, byggingarvinnu, á bensínstöð og svo var Jón farinn að vinna í Kaupþingi á sumrin. „Í bakvinnslunni komst ég að því að ég ætlaði ekki vinna þar, í bókhaldinu sá ég að sá þáttur heillaði mig ekki og svo endaði ég í því sem ég er núna,“ segir Jón en líf hans fyrir FL-group lá í gegnum Kaupþing, fjárfestingafélagið Gildingu, Búnaðarbankann og Landsbankann.

Menn sem stöldruðu við ungan aldur

Og nú er hann orðinn forstjóri í milljarðaapparati með mikla ábyrgð og segist jú – í einhverjum skilningi – hafa fullorðnast fljótt. „Ég hef í gegnum tíðina sótt í ábyrgð og viljað taka hana. Það kannski gerir mann eldri en þetta snertir öll svið í lífi mínu – hvort sem það er hvernig ég keypti fyrsta bílinn minn eða íbúðina. Ég var ekkert sérstaklega gamall þegar ég fór að takast á við stór verkefni í Búnaðarbankanum og Landsbankanum.“ Var enginn af hinum eldri sem staldraði þá við og spurði hann hvað hann

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

Orkuveita Reykjavíkur

Við erum til taks um áramótin

Orkan er sjaldan mikilvægari en einmitt á gamlárskvöld og nýársnótt. Tugir starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur eru á vakt í stjórnstöð og í viðbragðsstöðu úti í hverfum á veitusvæðinu, reiðubúnir að bregðast við ef bilun verður. Við viljum tryggja ykkur birtu og yl um áramótin.



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 39972 12/07

• Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur óskar þér gleðilegs nýs árs.

www.or.is

væri eiginlega að þykjast vita? „Jú, auðvitað og skiljanlega voru alltaf einhverjir sem voru kannski ekki alveg að kaupa það að einhver sem var jafngamall og börnin þeirra væri að segja þeim hvernig haga ætti hlutunum. Á endanum er það hins vegar alltaf þannig að menn hætta að spá í slíku ef maður lætur verkin tala.“ Og velti hann aldrei sjálfur ungum aldri fyrir sér, þegar hann ákvað að takast á við stóra stóra verkefnið hjá FL Group? „Nei, ekki beint. Ekki út frá aldri allavega. Auðvitað velti ég því fyrir mér hvort ég væri rétti maðurinn í verkefnið, eins og alltaf þegar um svo stóran hlut er að ræða, en ekki út frá því að ég væri 29 ára. Með aldri kemur vitaskuld reynsla en það er kannski líka eitthvað annað sem kemur í staðinn með færri árum.“

VAR SVODDAN KÓRDRENGUR Jón Sigurðsson, forstjóri FL Group, segist hafa verið þægt barn en helstu áhugamálin voru körfubolti og rapp og hlustar hann enn þann dag í dag á hipphopp. Hann fór einmitt á tónleika með Nas í mars síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mun rasa út um fertugt

Forstjórinn hefur varla haft tíma í það að rasa út – fara á Interrail og í teygjustökk? Miðað við fyrri störf og tvö börn undir sex ára aldri. „Nei, ég á það sannarlega allt eftir. Það er töluvert uppsafnað. Ætli ég rasi ekki út einhvern tímann um fertugt. Ég á til dæmis eftir að læra á mótorhjól, á klárlega eftir að ferðast meira og svo ætlaði ég að reyna að fara einhvern tímann á húsbíl um öll Bandaríkin. Veit ekki alveg hvað verður um þá hugmynd. Svo held ég bara áfram að reyna að skemmta mér.“ Og ferðu mikið út á lífið? „Ég hef gaman af því þegar ég geri það, en verð seint kallaður mjög liðtækur í þeim efnum og það er ljóst að ég mun fara enn sjaldnar núna. En einn af æskuvinum mínum átti til dæmis og rak Ólíver og það var fínt að fara þangað en eftir að hann seldi hef ég verið minna á ferðinni. Öðru fremur finnst mér gaman að fara eitthvert þar sem hægt er að dansa.“ Og verður þá líkast til að passa sig á blaðamönnum sem hafa öðlast skyndilegan áhuga á einni nóttu á forstjóranum. „Eigum við ekki að orða það þannig, að ég hafi þá trú, þar til annað kemur í ljós, að maður geti stjórnað því hversu eftirsótt umfjöllunarefni maður er.“ Enginn Elton John þá í partíið? „Nei, einhvern minni spámann líkast til.“

Byrjuðum á hótelherbergjum

Meira að viðskiptum og fjármálaheiminum. FL Group er væntanlega fyrirtæki ársins, sé tekið mið af þeirri fjölmiðlaumfjöllun sem það hefur fengið. Bylturnar hafa verið margar, um tíma sögðu sögur að allt stefndi í gjaldþrot og áfram mætti telja. Hvernig lítur atburðarásin við forstjóranum – svona stuttu eftir – og hvað gerðist? „Þetta hafa verið tvö ár þar sem allt hefur gerst alveg ótrúlega hratt og mun hraðar en við gerðum ráð fyrir. Haustið 2005 var vinnuaðstaða okkar á hótelherbergjum á Loftleiðum og Nordica þar sem við lögðum línurnar að því hvernig við ætluðum að breyta flugfélagi í fjárfestingarfélag. Flugfélagið varð að alþjóðlegu fjárfestingarfélagi, með starfsemi á Íslandi og í London og við urðum að risafyrirtæki með mikilli þátttöku í viðskiptalífinu hér heima sem og erlendis. Við högnuðumst mjög mikið á fyrri part tímabilsins en á seinni hluta þessa árs fór að síga á ógæfuhliðina. Allt þetta mikla umrót á fjármálamörkuðum, sem varð alls staðar í heiminum, gerðist miklu hraðar en menn bjuggust við. Þannig að við lentum í afar sérstökum aðstæðum og það hefur alla tíð verið þannig að gangi okkur vel fylgja menn okkur vel eftir og á erfiðari tímum hafa þeir verið fljótir að pota í okkur. Í dag er alltaf hægt að segja „ef“ við hefðum gert þetta og hitt en þessar miklu lækkanir á skömmum tíma koma óvænt upp og höfðu mikil áhrif. Við stefndum hins vegar aldrei í gjaldþrot, langt frá því – staða félagsins var hinsvegar ekki nægilega sterk og því nauðsynlegt að grípa til aðgerða.“

Mikilvægt að brotna ekki

Í stöðunni sem kom upp hjá FL Group var tekin sú ákvörðun að efla félagið á ný og ná inn meiri fjármunum. Stoðirnar skyldu styrkar, eignarhlutir í American Airlines og Finnair voru seldir og stefnan er að félagið einbeiti sér að því að fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum sem og að einbeita sér að aðaleignum sínum, sem eru til að mynda Glitnir og Tryggingamiðstöðin. Útibúinu í Kaupmannahöfn var lokað og allt starf erlendis flutt til London. „Við sáum að við yrðum að einbeita okkur að því að vera minna háðir markaðssveiflum og við búum okkur meðal annars undir það með því að endurfjármagna skuldir félagsins og vinna úr þeim eignum sem við erum með. Samfara þessu gerðust þessar breytingar með mig og Hannes og kastljósið beindist að okkar fyrirtæki öðrum fremur – enda er yfirleitt eftirsóttara að flytja fregnir af því þegar vonskuveður ganga yfir.“ En skellirnir, er virkilega hægt að benda alfarið í áttina að markaðssveiflum? Er ekki líka nauðsynlegt fyrir fyrirtæki eins og FL Group að líta í eigin barm? „Jú, auðvitað. Eftir á að hyggja vorum við meðal annars með of stóran hlut í American Airlines og Commerzbank. Og það var veigamikið atriði í þeirri dýfu sem fyrirtækið tók. Í það heila tókum við of mikla markaðsáhættu miðað við stærð fyrirtækisins og í því liggja mistökin. Aðstæðurnar þarna voru samt mjög öfgafullar en til að glíma við þær hefðum við þurft að vera betur í stakk búnir. En við komum standandi út úr þessu og geri maður það gefst tækifæri til að njóta ávaxtanna þegar öldur taka að lægja. Mikilvægast er að brotna ekki einhvers staðar á leiðinni.“

> Aðstæðurnar voru samt mjög öfgafullar en til að glíma við þær hefðum við þurft að vera betur í stakk búnir. En við komum standandi út úr þessu og geri maður það gefst tækifæri til að njóta ávaxtanna þegar öldur taka að lægja.

Hefðum þurft að skýra rekstrarkostnaðinn

Talsverð gagnrýni hefur verið á rekstrarkostnað FL Group, jafnvel talað um bruðl og þá sérstaklega hjá æðstu stjórnendum fyrirtækisins. Hverju svarar nýr forstjóri gagnrýninni? „Ég held að gagnrýnin á háan rekstrarkostnað sé réttmæt að einhverjum hluta en að að mestu leyti byggir hún á því að við vorum ekki nógu duglegir við það að sundurliða og útskýra í hverju rekstrarkostnaðurinn lá. Rekstrarkostnaðurinn var birtur sem hér um bil ein tala en á bak við þá tölu er svo margt. Fyrir það fyrsta kostar alltaf mikið að byggja upp nýtt fyrirtæki, við höfum ráðið til okkar mikið af hæfu starfsfólki frá bönkum úti í heimi sem hér heima og að sama skapi höfum við setið uppi með skuldbindingar frá fyrri tíð í tengslum við gömlu Flugleiðir því FL Group er rekið á þeirri gömlu kennitölu. Og henni fylgdu eftirlaunaskuldbindingar og starfslokasamningar sem hafa í för með sér mikinn kostnað. Einnig eru inni í þessari tölu alls kyns kostnaður við fjárfestingaverkefni og sá kostnaður er fljótur að hlaupa á hundruðum milljóna þegar inn í þau eru komnir erlendir sérfræðingar, lögfræðingar og svo framvegis. Mistökin felast í því að við vorum ekki nógu duglegir að útskýra kostnaðarliði.“ Og hefðuð þið gert það – hefðuð þið þá komist undan gagnrýninni? „Það hefði allavega verið ljóst að þetta var allt með eðlilegum hætti. Vel má vera að samt hefðu einhverjir gagnrýnt en ég hugsa að flestir hefðu skilið þessar tölur og hvað lá að baki. Stefna mín er að útlista þessa hluti enn betur en hefur verið gert. Þegar vel gengur spyrja menn færri spurninga og þegar blæs á móti verða þær fleiri og við brugðumst ekki nógu skjótt og vel við í að svara þegar þeim fjölgaði.“

Blaðaskrif koma í veg fyrir fjárfestingar

Fjölmiðlar úti í heimi, og þá kannski sérstaklega Danir, þreytast seint á því að spyrða íslenska athafnamenn saman við glæpamafíur og hafa jafnvel gengið svo langt að telja íslensku útrásina styrkta af óþjóðalýð. Hvernig horfir umræðan við Jóni og hefur hún haft áhrif? „Ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei almennilega skilið hvað liggur að baki. Í 95 prósentum tilfella hefur umfjöllunin verið neikvæð í Danmörku og mikið til fabúleringar, sérstaklega samsæriskenningarnar um tengsl íslensks viðskiptalífs við rússneska mafíu. Hingað til hef ég ekki fundið neinn sem getur útskýrt skrifin fyrir mér. Kannski að hluta til er það einhver minnimáttarkennd, líka tortryggni og svo misskilningur. Þetta virðist bundið við fjölmiðlana þar í landi og ég tel að þetta endurspegli ekki almenningsálitið þó að vissulega hafi fjölmiðlaumfjöllun áhrif á það. Þar af leiðandi hefur þetta haft einhver áhrif.“ Hafði þetta áhrif á lokunina í Kaupmannahöfn? „Nei, ekki beint. London nægði okkur. En vissulega hefur þetta haft þau áhrif að sá fjöldi verkefna sem við reiknuðum með að fara í í Danmörku og á Norðurlöndunum í upphafi eru klárlega orðin færri en við lögðum upp með.“

Jón er viss um að FL Group verði gildandi í Evrópu og jafnvel heiminum og fyrirtækið sé nú þegar vel þekkt nafn á alþjóðavettvangi. „Eftir fimm ár vonast ég til að fyrirtækið verði orðið verulega stærra en það er í dag auk þess að vera búið að hasla sér völl erlendis með afgerandi hætti.“ Þú ert sem sagt með fimm ára markmið? „Já, að vísu vinn ég persónulega alltaf eftir þriggja ára markmiðum. Og það er reyndar kominn tími til að endurstilla þá þriggja ára klukku eftir atburði liðinna vikna. En hvað fyrirtækið varðar þá held ég að okkur hafi tekist að laga þá stemningu sem var í kringum félagið. Og við sjáum strax teikn um það á lofti. Eftirspurn á útboði fagfjárfesta var til að mynda langt umfram væntingar.“ Mun takast að bæta ímyndina? „Já, ég er bjartsýnn maður og við erum með einhver tuttugu fyrirtæki í eignasafninu svo það eru næg verkefni fyrir okkur. Svo koma klárlega ný tækifæri inn á borðið á nýju ári. Aðaldraumurinn nú er sá að mér takist vel upp með FL Group.“

➜ HVAÐ SEGIR FÉLAGINN?

LÁRUS WELDING

Jón er einn af mínum betri vinum en við kynntumst í gegnum atvinnulífið árið 2002 og kynntumst náið þegar ég byrjaði í Landsbankanum. Og við sitjum saman í stjórn og höfum unnið í ýmsu saman.

Jón er með eindæmum klár maður og örugglega sá skarpasti sem ég hef kynnst. Hann er mjög vinnusamur og hefur mikla hæfileika til þess að komast yfir mikið efni og er vel að sér í öllum málum er tengjast viðskiptum og er fljótur að tileinka sér hlutina. Hann er mjög klár samningamaður og svo er hann mjög fínn og traustur maður. Gallar hans geta verið þeir að hann ber oft svolítið heiminn á herðum sér og ætlar sér stundum um of og að leysa allt í gær. Svo mætti hann alveg eiga fleiri áhugamál, enda er hann mjög fókuseraður í því sem hann er að gera. Enda tekur hann ábyrgð á öllu sem hann getur og mætti dreifa ábyrgðinni þess vegna meira.

➜ HVAÐ SEGIR FAÐIRINN?

SIGURÐUR JÓNSSON

Ég verð auðvitað að koma því að strax að það var móðir hans sem lagði grunninn að drengnum – ég get ekki hælt mér af uppeldinu – og hans karaktereinkenni sem kom mjög snemma fram er mikil nákvæmni og hún hefur fylgt honum alla tíð síðan. Seinna kom svo annað einkenni fram sem er metnaður og hann hefur gjarnan haft einhverja sýn, sett sér markmið og stefnt að því.

Sem krakki var hann afskaplega hlýðinn og mjög meðfærilegur líkt og systkini hans voru líka. Til að mynda gátum við foreldrarnir strengt band í metra fjarlægð frá jólatrénu og sagt þeim mjög litlum að standa fyrir utan bandið á meðan við skreyttum tréð. Hann er snyrtipinni að eðlisfari og varð það mjög snemma. Snyrtimennskan er partur af nákvæmninni í honum og þegar hann var til dæmis þriggja ára gamall, sem ég lofaði reyndar að segja ekki frá en geri það samt, að þá mátti skyrtan til dæmis alls ekki koma upp úr buxnastrengnum. Þannig að það var mikið mál að klæða hann rétt, strax frá byrjun.

Ætt Jóns hefur fáa galla en í hans tilviki eru það helst hve mikill antisportisti hann er en á heimili hans er afar takmarkað framboð af íþróttaefni í sjónvarpinu. En jákvæðu þættirnir hafa stundum neikvæða hlið og vinnusemi hans fylgja gjarnan tíðar fjarvistir – þannig að vinnusemin hefur tvær hliðar.

Gleðileg jól
og farsælt
komandi ár
Við þökkum samstarfið á liðnu ári.
Hlökkum til að takast á við ný verkefni með viðskiptavinum okkar á nýju ári.
ICEBANK
H2 hönnun

EINAR SCHEVING „Ég sakna þess kannski að spila ekki meiri djass, sem er kannski að mörgu leyti það sem ég geri best. Djasssenan hér er mjög lítil.“

Ekki bara djass

Einar Scheving mætir glerfínn í jakkafötum í viðtal við *Hönnu Björk Valsdóttur* á 101 hótel, ástæðan er reyndar sú að hann er að koma úr upptökum fyrir Kastljósið þar sem hátíðleikinn var í fyrirrúmi. Einar hefur lengi verið talinn einn besti trommuleikari landsins en hann gaf út fyrstu sólóplötu sína fyrir skömmu sem ber heitið Cycles.

Í dómi Morgunblaðsins gefur Vernharður Linnet plötunni Cycles fimm stjörnur. Tónlist Einars er þannig lýst: „draumkennd og svífandi og gædd innri fegurð sem sífellt kemur á óvart, eins konar Sigur Rós í æðra veldi.“ Einar er að sjálfsögðu ánægður með viðtökurnar og dóminn sem tónlistin hans hefur fengið. „Þetta er tær list,“ segir Vernharður enn fremur í dómnum og ekki annað hægt en að vera ánægður með þau ummæli. „Vernharður kemst ágætlega að því að lýsa tónlistinni. Þetta er nefnilega ekki beint djass. Ég var ferlega sáttur við hvernig hann hitti naglann á höfuðið og fattaði hvert ég var að fara með tónlistinni. Ég segi stundum að þetta sé djass fyrir þá sem þola ekki djass.“

Platan rennur líka ljúflega í gegn, ofurfalleg, mjúk og þægileg. Ekkert að óttast fyrir þá sem þekkja ekki djass. Djasssenan á Íslandi er fámenn en góðmenn og þar eru mjög hæfileikaríkir tónlistarmenn til staðar eins og sjá má á plötu Einars. Á henni fékk hann með sér eins konar landslið Íslands í hljóðfæraleik, Skúla Sverrisson á bassa, Eyþór Gunnarsson á píanó, Óskar Guðjónsson á saxófón, og sjálfur spilar Einar auðvitað á trommurnar.

Kominn heim

„Ég flutti heim fyrir ári og hálfu. Bjó í Miami í átta ár en var í New York í eitt ár áður en ég flutti heim. Ég tók upp plötuna þar áður en ég kom heim. Svo kom ég heim og datt strax í íslenska harkið þannig að platan sat aðeins á hakanum en svo dreif ég mig til Ósló og hljóðblandaði hana hjá einum merkasta hljóðmanni í djassbransanum, Jan Erik Kongshaug. Hann er einn af toppunum. Platan var líka tekin upp af öðrum eins toppi vestanhafs, James Farber heitir hann og hefur unnið með annarri hvorri stjörnunni í djassinum. Við tókum líka upp í Avatar sem er æðislegt stúdíó og sögufrægt. Ég ákvað að fara bara alla leið.“

Ísland togaði í Einar og hann staldraði ekki eins lengi við í New York og hann hafði ætlað sér. „Stefnan var alltaf frá því ég flutti til Bandaríkjanna að flytja til New York og enda þar. Svo flutti strákurinn minn heim með móður sinni og þá datt botninn úr því fyrir mig að vera úti, ég dreif mig heim til að vera nálægt honum og er auðvitað mjög sáttur við það.“

Platan Cycles er einmitt tileinkuð syninum Pétri Bjarna og látnum vini Einars, Pétri Inga Þorgilssyni. „Hann var mjög góður vinur minn í Hagaskóla, hann var myndlistar- og tónlistarmaður og við vorum saman í hljómsveit þegar við vorum unglingar. Tónlistarlega hafði hann mikil áhrif á mig en lést langt fyrir aldur fram, tvítugur, af slysförum. Svo skírði ég son minn í höfuðið á honum og platan er tileinkuð þeim nöfnum.“

Í sólinni á Miami

Einar kláraði Tónlistarskóla FÍH hérna heima og dreif sig svo út í framhaldsnám við Háskólann á Miami þar sem hann bjó í átta ár.

„Ég ætlaði alltaf út í framhaldsnám og mig langaði að prófa eitthvað nýtt. Veigar Margeirsson, vinur minn sem er að gera það gott í kvikmyndatónlist í LA núna, var þarna í námi og mælti með þessum skóla. Svo fannst mér fínt að komast í smá sól. En ég staldraði kannski fulllengi við þarna, ég tók bachelor- og meistaragráðu og fór svo eftir það að kenna við þennan háskóla. En stefnan var alltaf New York. Þó að það sé mikið af frábærum spilurum í Miami þá er þetta nettur túristabær og smá menningarlegt eyðiland.“

Hvað með latnesku straumana. Áhrifin frá spænskumælandi fólkinu og Litla Havana á Miami? „Já, ég hef alltaf verið veikur fyrir suðuramerískri tónlist og ég græddi mikið á því að vera í Miami. Kúbversk tónlist hefur alltaf höfðað mikið til mín. Svo spilaði ég til dæmis mikið með einum gæja frá Venesúela og þá kynntist ég alveg nýjum stíl og það er einn venesúelskur ryþmi sem ég nota í laginu Rebirth á plötunni. Ég var mikið að vasast í mismunandi tónlistarstílum þegar ég var á Miami og það er kannski það sem er líkt með bransanum hérna heima, þó að ég sé kannski ekki að spila mikið af salsa giggum á Íslandi, en það stendur allt til bóta.“

Djass eitt kvöld, R&B næsta

Einar var ekki bara fastur í háskólasamfélaginu á Miami heldur tók þátt í spilamennsku.

„Ég var að spila „freelance“ í Miami og Suður-Flórída. Það var brjálað að gera þegar ég datt inn í bransann. Maður var að vesenast í öllu. Spila kannski djass eitt kvöld og R&B það næsta. Hér á Íslandi spila ég djass eitt kvöldið, fönk með Jagúar það næsta, svo Bó í Höllinni og George Michael sýningu á Broadway. Þetta er mjög fjölbreytt. Ég var mjög fljótur að detta aftur í bransann hérna heima. Það er að mörgu leyti gaman að því að vera að vasast í svona mismunandi tónlistarstílum allan ársins hring, en það væri náttúrlega frábært að geta dottið í „djassdjammsession“ hvaða kvöld sem er eins og víða í Bandaríkjunum. Ég sakna þess kannski að spila ekki meiri djass, sem er kannski að mörgu leyti það sem ég geri best. Djasssenan hér er mjög lítil. En FÍH ungar út nýjum talentum og það er enginn hörgull á hæfileikafólki. Svo er margt mjög spennandi að gerast í alls kyns tónlist hérna. Mér finnst til dæmis Sigur Rós mjög áhugaverð. Einhver í New York lýsti tónlistinni minni sem „Sigur Rós hittir djass“ og Vernharður kom líka inn á það í dóminum sínum.

Byrjaði ferilinn í Stundinni okkar

Einar hefur átt langan feril sem trommuleikari og hefur verið í fremstu röð íslenskra trommuleikara frá því að hann var unglingur.

„Það má eiginlega segja að mitt fyrsta gigg hafi verið með Röggu Gísla og Jakobi Frímanni. Ragga var tónmenntakennari í Vesturbæjarskóla og var í rauninni minn fyrsti tónlistarkennari. Þetta var eitthvað atriði fyrir Stundina okkar. Um svipað leyti vann ég með bróður mínum og vini okkar, hljómsveitarkeppni í Stundinni okkar. Þannig að það má segja að ferillinn hafi byrjað í Stundinni okkar. Ég lærði í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og spilaði í tvö ár á píanó og lenti svo á trommum í Lúðrasveit og Léttsveit Tónmenntaskólans undir stjórn Sæbjarnar Jónssonar sem endaði svo með að stofna Stórsveit Reykjavíkur. Ég lærði mikið af Sæbirni heitnum og var með honum í stórsveitinni áður en ég flutti út. Um sextán ára aldur fór ég að hafa tónlistina að atvinnu, og spilaði meðal annars töluvert með pabba, Árna Scheving. Ég spilaði með honum í nokkur ár í Súlnasal, Hótel Sögu, auk þess að við spiluðum oft djass saman. Ég spilaði líka með Eyþóri sem er með mér á plötunni, Sigga Flosa og Tómasi R. Þessi mannskapur skipaði reyndar Djasskvartett Reykjavíkur, sem var nokkuð virkur á sínum tíma og túraði töluvert í Evrópu.“

Af hverju varstu farinn að spila með þeim svona ungur?

„Ég var í Tónlistarskóla FÍH; þetta er lítil sena og menn pikka þá ungu upp.“

En varstu ekki týpískur rokkari þegar þú varst unglingur?

„Jú jú, ég hlustaði mikið á U2 og ég er alveg jafn mikill rokkari eins og hvað annað. Ég spila til dæmis núna með fönksveitinni Jagúar. Ég er ekki sérstaklega hrifinn af því þegar verið er að skjóta mönnum inn í kategóríur, og þó að ég hafi oft verið flokkaður sem djasstrommari þá er ég ekkert síður rokktrommari.“

Cycles: Fyrsta sólóplatan

Einar hafði lengi getið sér gott orð fyrir tónsmíðar þótt það tæki hann langan tíma að koma fyrstu plötunni frá sér. „Ég hef líklega byrjað að semja tónlist um ellefu ára aldur en ekkert fyrir alvöru fyrr en ég kem til Miami. Elsta lagið á plötunni er því frá 1993 og það yngsta frá 2005. Ég hafði lengi verið með það í bígerð að gera þessa plötu og var alltaf að spá í að fá einhverja erlenda menn með mér. En því meira sem ég fór að pæla í þessum tónsmíðum þá kölluðu þær á þennan mannskap sem endaði á plötunni; ég þurfti íslenskan mannskap og þá sérstaklega þessa menn.“

Eru útgáfutónleikar á dagskrá?

„Það er reyndar nýafstaðin sameiginleg útgáfuhátíð þar sem kynntar voru plötur sem tengdust Jagúar-meðlimum á einn eða annan hátt. En eiginlegir útgáfutónleikar á Cycles eru fyrirhugaðir í byrjun næsta árs, svo ætla ég að vera duglegur við að koma plötunni áfram sem víðast erlendis og spila sem mest í framhaldinu.“

Fylgist með Einari á: www.myspace.com/einarscheving

Eftir að viðtalið var tekið bárust fregnir af andláti föður Einars, Árna Scheving. Vill Einar nota tækifærið og þakka föður sínum fyrir ómetanlegan stuðning og hvatningu á tónlistarsviðinu, sem og allar kærar minningar.

Öryggisgleraugun eru nauðsynleg bæði ungum og öldnum um áramót. Ekki aðeins þeir sem skjóta eiga að vera með slíkan búnað heldur einnig þeir sem á horfa.

Sprengingar geta vakið ótta hjá ungum börnum. Best er að skilja barnið ekki eitt eftir í augnablik heldur vera með það í fanginu allan tímann sem sprengingarnar eru.

Hávaðinn sem fylgir flugeldunum getur valdið óbætanlegum heyrnarskaða og því er ráð að nota eyrnatappa. Ekki má gleyma að setja eyrnatappa í eyrun á litlu börnunum.

Ótrúlegt tilboð - 14 nátta ferð - með allt innifalið

Dóminíska lýðveldið

18. janúar

frá kr. 73.560

Takmörkuð gisting í boði!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 14 nátta ferð til Dóminíska lýðveldisins 18. janúar. Njóttu lífsins við ótrúlegar aðstæður í Karíbahafinu á þessari fögru paradísareyju sem býður frábærar aðstæður fyrir ferðananninn. Heimsferðir bjóða einstakt tækifæri til að upplifa stórkostlegar strendur, frábæra tónlistarmenningu, fjölbreytta afþreyingu og einstakt mannlíf. Athugið mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og gistingar í boði!

Verð kr. 89.790
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 14 nætur á Tropical Casa Laguna *** með "allt innifalið", 18. janúar.

Verð kr. 73.560
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11 ára) í 14 nætur á Tropical Casa Laguna *** með "allt innifalið", 18. janúar.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Dísa er þakklát fyrir gott heilsufar fjölskyldunnar og heitir því ár hvert að bæta sig í hverju því sem hún tekur sér fyrir hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Áramót í Afríku

Þegar litið er um öxl á áramótum er oft margs að minnast. Hafdís Jónsdóttir, eða Dísa í World Class eins og flestir þekkja hana, hefur til dæmis opnað fjórar nýjar líkamsræktarstöðvar með eiginmanni sínum.

„Það sem stendur helst upp úr núna er að World Class hefur opnað fjórar nýjar stöðvar. Við höfum unnið að undirbúningi allt árið og nú í lok árs er þetta loksins að klárast," segir Dísa ánægð. Þrjár af stöðvunum opnuðu í desember og sú fjórða opnar í janúar. „Þetta er það sem stendur upp úr viðskiptalegs eðlis en það sem er hvað markverðast persónulega er góð heilsa allra í fjölskyldunni sem skiptir mestu máli," segir Dísa einlæg. Aðspurð hvort hún leggi það í vana sinn að strengja áramótheit segir Dísa: „Já, ég lofa sjálfri mér alltaf að reyna að gera betur og verða betri manneskja. Bæta sjálfa mig og verk mín."

Síðustu áramót eru Dísu afar minnisstæð þar sem hún eyddi þeim í Suður-Afríku með fjölskyldunni. „Það var mjög ólíkt því að vera heima. Þar var hiti og sól og við fórum í safaríferð að skoða dýrin, þessi stóru sem við sjáum ekki á Íslandi eins og gíraffa, ljón, flóðhesta og svoleiðis," segir Dísa sællar minningar. „Um kvöldið borðuðum við góðan mat og nutum þess að vera saman. Það voru engir flugeldar eða neitt slíkt heldur var einfaldlega setið úti í léttum klæðnaði og borðað." Það sem skiptir Dísu einna mestu máli er í raun ekki hvar áramótin eru haldin heldur með hverjum og þá er gott að vera í faðmi fjölskyldunnar. *hrefna@frettabladid.is*

NÚ ER KOMIÐ AÐ ÞÉR AÐ STANDA MEÐ ÞEIM...

ÚTKALL

ÞEIR STANDA VAKTINA FYRIR ÞIG...

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK

Bílabúð Benna

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK - FLUGELDASALA HJÁ BÍLABÚÐ BENNA - VAGNHÖFÐA 23

Álfar flytja búferlum um áramót og ekki alltaf gott að verða á þeirra leið. Þá er gott að fara með þessa þulu: Komi þeir sem koma vilja, fari þeir sem fara vilja, veri þeir sem vera vilja, mér og mínum að meinalausu.

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Náðu betri árangri 2008

PhotoReading
öflug lestrar- og námstækni
fyrir námsfólk á öllum aldri
www.photoreading.is 8. jan.

Blómstraðu! 12. jan.
Njóttu þess að vera þú!
meiri vellíðan - velgengni og auðlegð
www.blomstradu.net

Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Hörður Áskelsson eru löngu orðnir landsþekktir tónlistarmenn. Ásgeir og Eiríkur leika báðir með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess að vera virkir í tónlistarlífinu almennt, meðal annars með Hljómsveit Íslensku óperunnar, Kammersveit Reykjavíkur og Caput-hópnum. Þá hafa þeir leikið einleik bæði með Sinfóníuhljómsveitinni og Kammersveitinni.

Hörður Áskelsson hefur gegnt starfi organista og kantors Hallgrímskirkju síðan árið 1982. Hann stjórnar Mótettukór Hallgrímskirkju og Schola cantorum og er listrænn stjórnandi Kirkjulistahátíðar og Sumarkvölds við orgelið. Hörður var borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2002, hefur hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin og tvisvar verið valinn tónlistarmaður ársins af DV. Þá hefur hann komið fram á fjölmörgum geisladiskum ýmist sem organisti eða sem stjórnandi. Auk starfa sinna við Hallgrímskirkju er Hörður jafnframt söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar. vigdis@frettabladid.is

Mygla í verkum meistarans

Stórt safn af teikningum og textum eftir einn helsta snilling mannkynssögunnar, sjálfan Leonardo da Vinci, er í hættu vegna myglu. Skjölin eru geymd í bókasafninu Biblioteca Ambrosiana í ítölsku borginni Mílanó.

Skjölin eru frá árunum 1478-1519 og í þeim fjallar Leonardo um sum sín helstu hugðarefni, þar á meðal flugvélar, vopn, stærðfræði og grasafræði.

Vinnan við að bjarga skjölunum frá mygluvánni verður óhjákvæmilega afar dýr og forstöðumenn Ambrosiana-bókasafnsins segja að því miður sé ekki mögulegt að hefjast þegar handa við viðgerðir þar sem nægt fjármagn sé einfaldlega ekki til staðar. Það verður þó að teljast bót í máli að myglan er bundin við lítinn hluta skjalanna og virðist ekki dreifa hratt úr sér. Því þarf ekki að hafa bráðar áhyggjur af ástandinu sem stendur, þó að sjálfsögðu væri best að lagfæra skemmdirnar sem fyrst.

Skjölin eru geymd í sérstökum skáp þar sem hita- og rakastigi er stjórnað af tölvu, en þrátt fyrir þessa tæknivæddu geymsluaðferð hefur varðveislan farið á versta veg. Bandarískur fræðimaður varð myglunnar fyrstur var í fyrra, en skemmdirnar hafa síðan verið staðfestar af ítölskum sérfræðingum. Þeir telja að myglan sé hugsanlega afleiðing af viðgerðastarfi sem unnið var á árunum 1968-1972. Þá voru skjölin líklega lökkuð með límí til að auka á gljáa þeirra og gera pappírinn meira aðlaðandi. Þessi meðferð gæti hafa leitt til myglunnar sem nú herjar á viðkvæmar minjarnar.

Ambrosiana-bókasafnið hafði skjölin síðast til sýnis árið 1998 og hlaut sýningin mikla aðsókn, enda Leonardo da Vinci gríðarlega vinsæll í heimalandi sínu. Ólíklegt verður að teljast að skjölin verði aftur til sýnis í bráð vegna skemmdanna og því verður almenningur að bíða og vona að viðgerðunum verði sem fyrst komið við. **- vþ**

LEONARDO DA VINCI Mikilvæg skjöl sem hann samdi á fimmtándu og sextándu öld liggja nú undir skemmdum af völdum myglu.

Þeir sem eru í stjörnumerki
fá ókeypis aðgang
að Listasafni Reykjavíkur
frá og með áramótum.
Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum
og Ásmundarsafni.

Aðgangur ókeypis

Free admission

VATNSBERI

Árið 2008 verður ákaflega gleðiríkt fyrir vatnsberann. Sérstaklega taka ástamálin kipp, einkum hjá konum í merki vatnsberans en þar verður einfættur maður úr fortíðinni í aðalhlutverki. Atvinnumálin taka kipp um mitt ár. Í desember lítur vatnsberinn yfir farinn veg og sér að hann hefur aldrei farið jafn oft í Listasafn Reykjavíkur áður. Kannski það hafi haft áhrif að aðgangur að Listasafni Reykjavíkur er ókeypis frá 1. janúar 2008.

FISKUR

Það er gott að vera stór fiskur í lítilli tjörn árið 2008. Strax í janúar verður aðgangur að Listasafni Reykjavíkur ókeypis og munu fjölmargar heimsóknir þangað auðga líf þitt verulega. Eftir að hafa í mars gert upp við nákominn ættingja í lok mars er eins og losni um einhver listræn höft og fiskurinn fer að skapa. Ástarsambönd styrkjast mjög eða kvikna á árinu og tengist sterkt keramíknámskeiðum.

HRÚTUR

Hrúturinn verður nær ær af gleði í byrjun árs þegar hann fer á Kjarvalsstaði og þarf ekki að borga inn því aðgangur að Listasafni Reykjavíkur er ókeypis frá 1. janúar 2008. Atvinnumál eru mjög í brennideplinum hjá hrútnum þetta ár og skapast það meðal annars af því að stór hluti dagsins mest alla vikuna fer í vinnu. Þar fyrir utan helgar hrúturinn sig fjölskyldu og vinum. 16. maí fær hrúturinn símtal frá frænku sinni sem segir honum að hún sé á leiðinni til Benidorm í sumarfrí.

NAUT

Nautið byrjar árið með höfuðverk og er þar fyrir utan hundóánægt með skaupið. Í janúar og febrúar gerist lítið hjá nautinu. Það reynir að rífa sig upp úr hversdagsleikanum með því að leggja mikla áherslu á líkamsrækt. 9. mars á það leið um miðbæinn og rekst inn í Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi og þarf ekki að greiða aðgangseyri þar sem aðgangur að Listasafni Reykjavíkur er ókeypis frá 1. janúar 2008. Fyrir peningana sem nautið ætlaði að greiða fyrir aðganginn kaupir það sér lottómiða og fær nokkra rétta.

TVÍBURI

Tvíburinn áttar sig í kringum afmælið sitt að hann er í raun ekki tvíburi, það er: hann fæddist einn. Tvíburinn er samt ekki af baki dottinn og heldur veglega afmælisveislu. Gleðst hann sérstaklega yfir gjöf frá frænda sínum sem er ársmiði í Listasafn Reykjavíkur. Gleðin verður blandin þegar hann uppgötvar að frá 1. janúar 2008 hefur aðgangur að Listasafni Reykjavíkur verið ókeypis. Upp úr miðju ári verða nokkrar væringar í ættinni sem lýkur með sáttum 10. september þegar frændinn og tvíburinn hittast við eitt af þekktustu verkum Kjarvals á Kjarvalsstöðum.

KRABBI

Krabbinn kann vel við sig í sundi enda getur maður þekkt krabbann á króníska rúsínutám. Árið 2008 heldur velgengni krabbans áfram en hann hefur verið á mikilli siglingu undanfarin ár. Velgengnin verður ekki minni á tilfinningasviðinu því eftir að krabbinn fer á Listasafn Reykjavíkur þar sem hann fær frían aðgang eins og aðrir frá 1. janúar 2008 og verður fyrir vitrun fyrir framan eitt af verkum Errós þá gengur hann frá sér numinn og innblásinn í flasið á þeim sem á eftir að hafa mikil áhrif á líf hans næstu misserin. Nýja þulan í Sjónvarpinu mun ekki muna eftir þessum atburði, enda er hún ekki krabbi.

LJÓN

Ljónið er í essinu sínu árið 2008. Hann mun einbeita sér að umhverfisvernd á róttækari hátt en hingað til og skilar öllum dagblöðunum í endurvinnslugáma. Ljónið verður frekar grimmt fyrstu vikuna í febrúar en það rjátlast af því þegar það fær tölvupóst þar sem því er tilkynnt að það hafi unnið 2 milljónir evra í suður-þýsku lottói. Sú gleði er skammvinn því þegar ljónið bankar upp á í tilkynntu heimilisfangi í München kemur gömul heyrnarlaus kona til dyra og kannast ekki við neitt og þá meina ég: ekki neitt. Á heimleiðinni tekur ljónið þó gleði sína þegar það situr við hliðina á Steingrími Eyfjörð sem segir honum frá því að lóan sé komin frá Feneyjatvíæringnum á Listasafn Reykjavíkur og það kosti ekkert inn því aðgangur sé ókeypis frá 1. janúar 2008.

MEYJA

Meyjan er skipulögð. Það gerir þó ekkert til því árið 2008 slakar hún aðeins á og finnur aftur barnið í sjálfri sér. Barnið hafði verið í gamalli barnabók eftir Ármann Kr. Einarsson og var bara í góðu stuði. Tilfinningalíf meyjunnar hefur lengi einkennst af mikilli skipulagningu en fundur barnsins kemur róti á tilfinningarnar sem leiðir til þess að ný sambönd myndast eða eldri styrkjast. Við sögu koma smámæltur maður með dökkt hár og rauðhærð söngkona. 15. september er meyjunni boðið í kaffi á Kjarvalsstöðum og á eftir skoðar hún sýningarnar því aðgangur að Listasafni Reykjavíkur er ókeypis frá 1. janúar 2008.

VOG

Vogin er stemningsmanneskja fram í fingurgóma. Því er hætt við því að hún fari líka í nýárspartí þótt hún sé ekki alveg búin að jafna sig eftir áramótapartíið. Hvað um það þá gerist ekkert í nýárspartíinu sem breytir lífi hennar. Hins vegar hittir hún manneskju í ræktinni daginn eftir sem er með ótrúlega lágan púls miðað við hvað hún er í ömurlegu formi. Meyjan heillast af þessari týpu og býður henni í listamaraþon þar sem hún þræðir söfn Listasafns Reykjavíkur, byrjar í Hafnarhúsinu, fer á Ásmundarsafn og endar á Kjarvalsstöðum. Þú þarft ekkert að borga, segir Vogin sem þarf heldur ekkert að borga því aðgangur að Listasafni Reykjavíkur er ókeypis frá 1. janúar 2008.

SPORÐDREKI

Sporðdrekinn er yndislegur. Ekki aðeins er hann fallegur og greindur heldur hefur hann líka góðan smekk. Allan fyrri hluta ársins heldur hann að miklu leyti til á Listasafni Reykjavíkur þar sem aðgangur að safninu er ókeypis frá 1. janúar 2008. Ástalífið tekur kipp um miðjan júlí þegar sporðdrekinn stendur á sundfötunum í Laugardalslauginni og ókunnug manneskja ávarpar hann og spyr hvar salernið sé. Að öðru leyti verður ástalífið dauft árið 2008.

BOGMAÐUR

Bogmaðurinn hefur átt við líkamleg vandræði að stríða sem stafa af því að hann er bogmaður. Því verður ekki breytt þar sem hann er bogmaður og líkamsstaðan er sérstök ef ekki undarleg. Bogmaðurinn er listrænn og skapandi í sér og leitar því huggunar í listinni. Hann gleðst því mikið yfir því að aðgangur að Listasafni Reykjavíkur er ókeypis frá 1. janúar 2008. Þar fær hann innblástur til góðra verka enda verða atvinnumál bogmannsins í góðu standi allt árið, sérstaklega eftir að yfirmaður hans kynnist smámæltum manni með dökkt hár, en yfirmaður hans er meyja.

STEINGEIT

Frægasta steingeitin er eflaust Jesús en hann fæddist í merki steingeitarinnar árið 1. Steingeitin byrjar árið með miklum látum þegar hún tilkynnir fjölskyldu sinni að hún sé ástfangin, ætli að flytja til framandi landa og breyta um lífsstíl. Skömmu síðar uppgötvar hún að manneskjan sem hún hafði kynnst er ekkert sérstök, það er dýrt að fara til útlanda og lífsstílinn allt í lagi. Í uppbyggingarskyni tekur vinur steingeitarinnar hana með sér á sýningu á Kjarvalsstöðum sem kostar ekkert inn á enda hefur verið ókeypis aðgangur að Listasafni Reykjavíkur frá 1. janúar 2008. Steingeitin heldur smá stund að hún sé ástfangin af vininum en finnur svo að það er bara botnlaust svartnætti ástarsorgarinnar sem hafði þessi áhrif. Eftir það líður henni betur.

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavik Art Museum

www.listasafnreykjavikur.is
listasafn@reykjavik.is
S 590 1200
F 590 1201

> VISSIR ÞÚ?

Friends-leikkonan **Courteney Cox** og eiginmaður hennar **David Arquette** eru með heldur óvenjulega áletrun inni í giftingarhringum sínum. Þar stendur „A deal is a deal“ eða „Samningur er samningur“.

fólk

folk@frettabladid.is

Fékk velskt ljóð í afmælisgjöf

Leikkonan Sienna Miller varð 26 ára gömul í gær, og samkvæmt heimildum Femalefirst.co.uk átti hún von á eðalgóðum afmælisgjöfum. Kærasti Siennu, velski leikarinn Rhys Ifans, ku hafa lagt mikið á sig til að gleðja stúlkuna á afmælisdeginum.

Fyrir utan alla pinklana hefur Ifans einnig skrifað ástarljóð á velsku fyrir kærustuna, en Sienna hefur einmitt verið að læra tungumálið til að sýna honum hversu alvarlega hún tekur samband þeirra. Þá hefur einnig heyrst orðrómur um að Rhys hafi ætlað sér að biðja leikkonunnar á afmælisdaginn, en þau hafa verið saman í nokkra mánuði.

Vinur leikarans sagði í viðtali við The Sun að Ifans hefði safnað saman tíu afmælisgjöfum fyrir Siennu. Þær áttu að verða hluti af afar rómantísku kvöldi turtildúfnanna, með heilu fjalli af afmælispökkum. „Sienna er í smá aldurskrísu, og finnst eins og hún hafi ekki gert nógu mikið við líf sitt,“ segir heimildarmaður The Sun.

Lífsspeki Rhys er hins vegar að lifa og njóta hvers einasta dags. Til að rífa sína heittelskuðu upp úr þessum hugsanagangi samdi hann því ljóð á velsku. Það fjallar um glæsta framtíð þeirra saman, hversu miklu Sienna hefur áorkað í lífi sínu og um að njóta augnabliksins, að sögn vinar leikarans.

„Hann hefur ekki sagt neitt um bónorð, en ýjaði að því við mig að hann hefði fengið velskan hönnuð til að búa til sérstakan hring fyrir hana... sem getur bara þýtt eitt,“ segir heimildarmaðurinn.

GÓÐAR AFMÆLISGJAFIR Kærasti Siennu Miller keypti handa henni haug af afmælisgjöfum, en sögusagnir herma að í haugnum hafi leynst trúlofunarhringur.

Einmana söngkona

Söngkonan Rihanna segir að velgengni sín undanfarin misseri og frægðin sem henni fylgir hafi gert sig einmana og óhamingjusama. Söngkonan unga viðurkennir að hún eigi erfitt með að vera stöðugt í sviðsljósinu og segir að frægðinni fylgi ekki eintómt sældarlíf, þvert á það sem margir kunni að halda. Þá segist Rihanna einnig eiga mjög erfitt að treysta því fólki sem hún vinnur með í tónlistarbransanum.

„Frægðin er einmanaleg. Í fyrstu líkaði mér mjög vel við athyglina sem ég fékk en með tímanum verður þetta verra. Lífið er einhæft og það eru sannarlega dökkar hliðar í frægðarlífinu. Á bak við velgengnina liggja vandamál sem valda óhamingju,“ segir Rihanna.

ÓHAMINGJUSÖM Hin 19 ára gamla Rihanna líkir tónlistarbransanum við leik sem hún sé nokkuð góð í að leika.

Bloggþór enn í súrefnistjaldi

Aðdáendur Ágústs Borgþórs Sverrissonar bíða með öndina í hálsinum eftir því að komast að hvort hann sé endanlega hættur að blogga. Útgefandi hans telur líklegt að hann snúi aftur innan tíðar.

„Ég get ekki svarað því. En það fóru miklu fleiri eintök en 350 frá okkur þannig að líkur eru á að hann hafi náð þessu lágmarki sínu,“ segir Steingrímur Steinþórsson, útgefandi hjá Skruddu.

Ágúst Borgþór Sverrisson, rithöfundur og einn af vinsælli bloggurum landsins – og sem slíkur oft nefndur Bloggþór – sendi frá sér sérkennilega tilkynningu í miðju jólabókaflóði í tengslum við nýja „novellu“ sína Hliðarspor. Ef bókin myndi ekki seljast í meira en 350 eintökum þá ætlaði Ágúst Borgþór að hætta að blogga. Hann hefur nú látið af bloggskrifum og bloggsíða hans liggur í dvala. Þessi yfirlýsing olli nokkru uppnámi meðal velunnara og aðdáenda síðu Ágústs sem von er. Og ríkir spenna í herbúðum þeirra með hvað verður. Þeirri spennu verður ekki aflétt í bráð.

Steingrímur telur þó ekki ástæðu til að örvænta. En óvissa ríkir um sölutölur meðal útgefenda því ómögulegt er að segja fyrir um það hversu mikið af útgefnum bókum skilar sér aftur úr búðum. Það muni ekki liggja fyrir fyrr en einhvern tíma í janúar á næsta ári.

„Ég þori því ekkert um það að segja. Ég er ekki alveg klár á því hversu mikið var prentað af þessari tilteknu bók. Það var eitthvað vel á annað þúsund. Og það er lítið eftir á brettinu.“

Að sögn Steingríms var Skrudda ekki með neinar metsölubækur þetta árið. Engin þeirra bóka sem forlagið gaf út fór í stórum upplögum. Hins vegar hafi salan verið jöfn og gott hljóð sé í útgefendum. „Morðið á Laugalæk seldist vel sem og Morðgáta og unglingabókin Skelmir Gottskálks. Ein bókanna seldist upp en hún var reyndar ekki prentuð í stóru upplagi. Danska frúin á Kleppi,“ segir Steingrímur. - jbg

ÁGÚST BORGÞÓR Leggur bloggferil sinn að veði fyrir sölutölur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ekki upptekin af útlitinu

Söngkonan Lily Allen virðist ekki of upptekin af útlitinu. Hún sagðist nýlega aldrei ætla að flytja til Bandaríkjanna, þar sem konurnar þar hefðu allt of miklar áhyggjur af útlitinu. „Manni líður eins og algjöru hrói í Bandaríkjunum ef maður leggur sig ekki fram. Ég man eftir einu skipti þegar ég fór í handsnyrtingu í New York og það var kona við hliðina á mér að láta vaxa á sér handleggina, sem ég hafði aldrei heyrt um áður. Hún snéri sér að mér og sagði „Þú þarft að láta gera þetta bráðum.“ Ég sagði bara, „Nei! Hvað ertu að tala um?“,“ segir söngkonan.

„Þar fer manni að líða illa með sjálfan sig nema maður sé algjörlega snyrtur alls staðar. Ég hata þessa nútímalegu hugsun að maður verði að fara í líkamsrækt tíu sinnum í viku, megi ekki borða hitt og þetta og verði að fara í brúnkusprautun. Maður lítur bara verr út af allri þessari snyrtingu hvort sem er,“ segir Allen.

Söngkonan er sem stendur andlit hársnyrtivara að nafni Satin, sem fyrirtækið Braun framleiðir. Hún segist þó vera ánægðust með eigið hár þegar það er óhreint. „Stundum nota ég líka ákveðinn úða því mér finnst hárið á mér betra þegar það lítur út fyrir að vera dálítið skítugt – eins og daginn-eftir-hár,“ segir söngkonan.

ALDREI TIL BANDARÍKJANNA Lily Allen segist aldrei ætla að flytja til Bandaríkjanna þar sem konur þar séu of uppteknar af útlitinu.

Frá 27.795 kr.*

Ótrúlegt verð

Vikuferð frá kr. 39.795

Netverð á mann með 15.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku á Castle Beach, 22. og 29. maí, 19. og 26. júní, 28. ágúst og allar brottfarir í sept..

Frá 52.595 – 2 vikur

Netverð á mann með 15.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 2 vikur á Castle Beach, 22. og 29. maí, 19. og 26. júní, 28. ágúst og allar brottfarir í sept..

Costa del Sol

Bókaðu strax!

Fyrstu **800** sætin

15.000 kr.

afsláttur á mann ef þú bókar núna.

Bókaðu strax og tryggðu þér lægsta verðið

Takmarkaður sætafjöldi í boði í hverju flugi með afslætti.
Gildir ekki um flugsæti eingöngu.

Vinsælasti sólarstaður Evrópu – beint morgunflug

Bókaðu núna á www.heimsferdir.is

Bjóðum alla okkar vinsælu gististaði á Costa del Sol

Castle Beach – frábærar íbúðir fyrir fjölskyldur

Frábærir flugtímar!

Frá Íslandi að morgni kl. 9.00.
Þú nærð að koma þér vel fyrir strax á fyrsta degi.

Síðdegisflug heim frá Spáni kl.16.40.
Þú nærð að sofa út fyrir heimflugið og ert kominn til Íslands um kvöldmatarleitið.

Beint morgunflug
með íslensku flugfélagi í allt sumar.
Betri þjónusta og betri flugtímar
– fyrir þig!

Aguamarina

Melia Costa del Sol

Timor Sol

Principito Sol

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri • Sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
THE GOLDEN COMPASS	kl. 12.30 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30	10
THE GOLDEN COMPASS LÚXUS	kl. 12.30 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
ENCHANTED ÍSLENSKT TAL	kl. 1 - 3.20 - 5.40	
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 2 - 4 - 6 ÍSLENSKT TAL	
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 8 - 10 ENSKT TAL	
HITMAN	kl. 8 - 10.10	16
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 2 - 4 - 6	7
DAN IN REAL LIFE	kl. 8 - 10.15	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó! — 5%		
THE GOLDEN COMPASS	kl. 2.30 - 5 - 7.30 - 10	10
I AM LEGEND	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	16
WE OWN THE NIGHT	kl. 8 - 10.30	14
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 4 - 6 ÍSL. TAL	12
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 4 - 6 - 8 - 10	16
BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 10.40	14
ACROSS THE UNIVERSE	kl. 2.40 - 5.20 - 8	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! — 5%		
THE GOLDEN COMPASS	kl. 3.30 - 6 - 8.30 - 11	10
WE OWN THE NIGHT	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
RUN FAT BOY RUN	kl. 8 - 10.10	14
BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 8 - 10.10	
DAN IN REAL LIFE	kl. 3 - 5.45	14
LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR	kl. 5	

SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! — 5%		
THE GOLDEN COMPASS	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	10
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 4 - 8 ÍSL. TAL	
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 6	
SAW 4	kl. 10	16

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

„Bara að vera með fjölskyldunni, vera hamingjusöm og kannski að finna mér einhvern góðan kærasta.“

SAMKVÆMISLJÓNIÐ PARIS HILTON

„Að vera ekki svona dómhörð þegar kemur að sjálfri mér. Mér dettur það fyrst í hug þótt ég hafi ekki hugsað mikið um þetta.“

LEIKKONAN JESSICA ALBA

Áramótaheit STJARNANNA Í ÁR

Stjörnurnar í Hollywood eiga við sín vandamál að stríða líkt og almúginn. Margar þeirra strengja áramótaheit og ákveða að reyna að snúa sínum málum til betri vegar. Tímaritið People spurði nokkrar stjörnur hvert áramótaheit þeirra væri og fékk meðfylgjandi svör.

„Ég er nýbúinn að kaupa mér kort í líkamsræktarstöð. Ég ætla að gefa mér tíma í að hugsa vel um líkama minn.“

LEIKARINN JACK BLACK

„Ég ætla ekki að strengja neitt sérstakt áramótaheit. Mig langar bara að lifa lengi og hugsa vel um sjálfa mig og fólkið í kringum mig.“

SÖNGKONAN MARY J. BLIGE

SPRENGJA

LOKA DAGUR!!
OPIÐ Í DAG Á MILLI
9:00 OG 12:00
EKKI MISSA AF ÞESSU!!

LOKA DAGUR

ACE MEST SELDU HEIMILISTÖLVURNAR Á ÍSLANDI

AÐEINS 2.497 KR. Á MÁNUÐI

ACE SPRENGJA 1

- Intel Core 2 Duo E6750 2.66GHz
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 500GB WD Caviar SE16
- 20xDVD±/12xDL skrifari
- 256MB MSI Geforce8 NX8600GT
- Windows Vista Home Premium

74.900

500GB HARÐUR DISKUR

5 ÁRA ÁBYRGÐ

500GB SATA2 Special Edition frá WD 7200RPM, 16MB buffer. Fluid Dynamic Bearing tækni skilar hljóðlátari og endingabetri hörðum diskum. 5 ára ábyrgð

7.990

VÍRUSVÖRN

BITDEFENDER ER MEST SELDA VÍRUSVÖRNIN Á ÍSLANDI

Fullkomin vírusvörn • Bætt vörn gegn Spyware • Stöðvar upplýsingaþjófnað Vörn gegn netinnbroti • Öflugur eldveggur • Sjálfvirkt öryggismat

1.290

19" BREIÐTJALDSSKJÁR

FRÁ 697 KR. MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

19" Acer LCD AL1916WA breiðtjaldsskjár með 5ms viðbragðstíma • 1440x900 upplausn • 700:1 í skerpu • VGA tengi Flottur svartur og silfurlitaður skjár

14.900

AÐEINS EITT EINTAK Á MANN

Öll verð og tilboð eru gefin upp með afslætti og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Tilboðin gilda til og með 31. desember eða á meðan birgðir endast. * Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 19,5%.

TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ

REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | **AKUREYRI** • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | **EGILSSTAÐIR** • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
REYKJANESBÆR • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | **KÓPAVOGUR** • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | **AKRANES** • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

> Grétar tryggði AZ Alkmaar sigur

Grétar Rafn Steinsson skoraði sigurmark AZ Alkmaar gegn Heracles Almelo í hollensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær. Grétar lék allan leikinn í vörn AZ og skoraði sigurmarkið á 71. mínútu við mikinn fögnuð sextán þúsund áhorfenda á heimavelli Alkmaar. Þetta var fyrsta mark Grétars á tímabilinu en liðinu hefur ekki gengið sem skyldi undanfarið. Með sigrinum komst það þó upp í níunda sæti deildarinnar og á nú tvo leiki til góða á liðin í næstu sætum fyrir ofan.

sport
sport@frettabladid.is

HANDKNATTLEIKSDEILD HAUKA: KÆRIR FRAMKVÆMD ÚRSLITALEIKSINS Í DEILDARBIKARNUM GEGN FRAM

Magnað að ekkert skuli vera aðhafst í málinu

Handknattleiksdeild Hauka lagði í gær inn kæru á borð HSÍ á framkvæmd úrslitaleiks félagsins gegn Fram í N1-deildarbikar karla í handbolta. Leikurinn fór fram á laugardaginn og þau mistök voru gerð að eitt marka Framara í fyrri hálfleik var tvískráð á stöðutöflunni. Fram vann leikinn 30-28.

„Framkvæmd leiksins er ekki í lagi og einfaldlega ólögleg. Þetta er grátlegt fyrir bæði félög og HSÍ þar sem mótið var glæsilegt í alla staði," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, við Fréttablaðið í gær. Framarar fengu auk heiðursins 500 þúsund krónur og sæti í Evrópukeppni á næstu leiktíð fyrir sigurinn. Haukar fengu 250 þúsund krónur fyrir annað sætið.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði að málið færi nú fyrir dómstól HSÍ og sína leið í gegnum kerfið. „Það eiga sér stað mannleg mistök og þetta er leiðindaatvik. Auðvitað hörmum við það og þetta skyggir á hversu vel mótið heppnaðist. Þetta fer nú sína leið í gegnum dómstólana," sagði Einar og bætti við að ef kæmi til þess að spila þyrfti leikinn aftur yrði erfitt að finna tíma til þess fyrr en í vor.

Aron er mjög ósáttur við að ekkert skyldi vera aðhafst í málinu á meðan á leiknum stóð. „Ábyrgðin liggur hjá framkvæmdaraðila leiksins. Það eru dómarar, eftirlitsmaður og tímavörður til staðar svo það er nóg af mönnum þarna. Hlutlausir aðilar gerðu athugasemdir við þetta og það er magnað að ekkert sé viðhafst í málinu," sagði Aron sem er ekki í vafa um að leikurinn hefði þróast á annan veg ef mistökin hefðu verið leiðrétt.

„Leikurinn er í járnum í lokin. Þegar við erum að jafna í síðari hálfleik erum við í raun að komast yfir og það hefur sálræn áhrif á alla leikmenn. Menn taka ákvarðanir út frá stöðu leiksins og þetta hefur gríðarleg áhrif á leikinn," sagði Aron sem segir eðlilegt að spila þurfi leikinn aftur.

„Það segir sig sjálft að það þurfi að spila leikinn aftur. Það er ekki hægt að útdeila titli, peningaverðlaunum og Evrópusæti á þessu. Dómarar og fleiri gera mistök í hita leiksins en þetta er út fyrir þann ramma," sagði Aron.

MAGNAÐUR Brady býr sig undir að kasta í lokaleik deildarkeppninnar um helgina.
NORDICPHOTOS/GETTY

New England Patriots:

Tapaði ekki leik

NFL New England Patriots varð um helgina annað liðið í sögu NFL-deildarinnar til að vinna alla leiki sína í deildarkeppninni. Patriots lagði New York Giants 38-35 í lokaleik sínum og fullkomnaði þar tímabil sitt með sextánda sigurleiknum. Miami Dolphins vann alla fjórtán leiki sína árið 1972 áður en fyrirkomulagi deildarinnar var breytt 1978.

Leikstjórnandi Patriots, Tom Brady, bætti einnig met yfir flestar snertimarkssendingar á einu tímabili en þær urðu 50 talsins. Peyton Manning sendi 49 slíkar fyrir Indianapolis Colts árið 2004. Þá bætti Randy Moss 20 ára gamalt met Jerry Rice yfir flest snertimörk útherja. Moss skoraði 23 snertimörk á tímabilinu og bætti metið um eitt mark.

Úrslitakeppnin í NFL hefst í janúar. - hþh

José Mourinho:

Á leið til Milan ásamt Drogba?

FÓTBOLTI Franska dagblaðið L'Equipe greindi frá því í gær að Jose Mourinho hefði samþykkt að taka við AC Milan eftir tímabilið. Mourinho hætti sem stjóri Chelsea í september og hefur enn ekki fundið sér nýtt starf en hefur lýst yfir áhuga á því að stýra liði á Ítalíu. Fyrstu kaup Mourinho yrðu svo endurfundir við Didier Drogba sem lýsti yfir óánægju með að missa stjórann frá Chelsea.

Blaðið segir einnig að Carlo Ancelotti, sem stýrir nú AC Milan, muni taka við Barcelona af Frank Rijkaard sem er undir mikilli pressu þessa dagana. - hþh

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

Manchester City-Liverpool	**0-0**
Derby - Blackburn	**1-2**

1-0 Matt Oakley (27,) 1-1 Roque Santa Cruz (39.), 1-2 David Bentley (42.).

Iceland Express-deild karla:

Leik Snæfells og Þórs Akureyri sem fara átti fram í gær var frestað vegna veðurs. Hann hefur verið settur á að nýju 2. janúar.

Ég er alfarið kominn heim

Framherjinn Marel Baldvinsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við uppeldisfélag sitt, Breiðablik. Hvalreki á fjörur Blika sem ætla sér stóra hluti næsta sumar. „Það eru spennandi tímar framundan hjá Blikum," segir Marel.

FÓTBOLTI Marel Baldvinsson byrjaði að mæta fimm ára gamall á æfingar hjá Blikum og eftir nokkurra ára flakk í atvinnumennsku er hann nú alfarið kominn heim. Hann skrifaði undir þriggja ára samning við Breiðablik í gær og er ánægður með vistaskiptin.

„Það er ljúft að vera kominn heim í Blikana. Það eru spennandi tímar framundan hér, það er allt í kringum þetta sem mælir með því. Hér er besta aðstaðan á landinu, góður þjálfari, flottur heimavöllur, líflegir stuðningsmenn og góður leikmannahópur," sagði hinn 27 ára gamli framherji.

Hann var í tvö og hálft ár hjá Stabæk í Noregi áður en hann gekk í raðir Lokeren í Belgíu. Þaðan lá leiðin heim 2006 áður en hann fór til Molde. Þar fann hvorki hann né fjölskylda hans sig og ákvað því að koma aftur heim. Þrátt fyrir áhuga annarra liða ákvað Marel að krota undir í Kópavoginum.

„Ég skoðaði það sem bauðst og hvort að þeir kostir væru spennandi knattspyrnulega séð. Sumir voru það en ég leit svo á að það væru ekki síður spennandi hlutir í gangi hér. Svo er ég auðvitað upp-

KOMINN AFTUR Í BLIKATREYJUNA Marel handsalar samninginn í gær með Einari Jónssyni, formanni knattspyrnudeildar Breiðabliks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SÍÐASTA YFIRFERÐ Marel skoðar samninginn áður en hann skrifar undir. Samningurinn er til þriggja ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

alinn hér," sagði Marel sem fór rólega í yfirlýsingar um markmiðin í Kópavoginum.

„Við skulum fara rólega í yfirlýsingar um titla en ég sé ekki af hverju við ættum ekki að geta blandað okkur í toppbaráttuna. Það ætti að vera hægt að byggja á því sem var gert vel síðasta sumar," sagði Marel.

Marel lék síðast með Blikum sumarið 2006 þegar hann fór á kostum. Hann skoraði þá ellefu mörk í þrettán leikjum og varð markakóngur deildarinnar. Hann hefur alls leikið 28 leiki með Blikum í efstu deild á Íslandi og skorað í þeim sautján mörk.

Hann segist kominn til að vera og hyggst koma sér fyrir á Íslandi. „Gámurinn með dótinu er á leiðinni og ég er alfarið kominn heim. Ég held að þetta sé komið ágætt í atvinnumennskunni núna og ég muni bara einbeita mér að Blikunum," sagði Marel sem er ánægður með uppganginn í knattspyrnunni á Íslandi.

„Umgjörðin hér heima hefur breyst og ég lít ekkert á það sem skref niður á við að koma heim. Fótboltinn er í uppgangi og svo líður manni alltaf best heima, þrátt fyrir veðurfarið," sagði Marel brosmildur.

Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, lýsti yfir mikilli ánægju með að fá Marel aftur í sínar raðir. Hann staðfesti einnig að Magnús Páll Gunnarsson myndi að öllum líkindum framlengja samning sinn við Blika en viðræður við hann eru á lokastigi. - hþh

GUÐNÝ Stóð sig vel úti í Bandaríkjunum.

Guðný Björk Óðinsdóttir:

Skoraði tvö gegn strákunum

FÓTBOLTI Guðný Björk Óðinsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir og Guðbjörg Gunnarsdóttir fóru til reynslu hjá bandarískra úrvalsdeildarliðinu FC Indiana rétt fyrir jól. Valsstúlkurnar tóku tvær æfingar með þessi feikisterka félagsliði þar sem þær æfðu þó aðallega með strákum vegna fría. Guðný skoraði tvö mörk í 8-4 tapi í æfingaleik gegn strákunum en henni leist ágætlega á félagið.

„Þeir eru reyndar ekkert svo góðir," sagði Guðný kímin um meistaraflokk karlaliðs FC Indiana. „Þetta var mjög fínt annars og aðstæðurnar eru góðar. Mér skilst að félagið vilji semja við okkur en ég er ekki viss um að ég myndi gera það ef það byðist. Mig langar eiginlega bara til að vera í Val," sagði Guðný sem ætlar þó ekki að útiloka neitt eins og er. - hþh

Liverpool og Manchester City gerðu markalaust jafntefli í ensku úrvalsdeildinni í gær:

Leikmenn Liverpool gleymdu skotskónum

FÓTBOLTI Liverpool og Manchester City gerðu markalaust jafntefli í ensku úrvalsdeildinni í gær. Liverpool mistókst þar með að minnka forystu toppliðanna en leikmenn liðsins geta sjálfum sér um kennt.

Þeir fengu urmul marktækifæra en engu líkara er að þeir hafi geymt skotskóna heima á Anfield. Liverpool átti um tuttugu skot að marki City en miðvarðarparið Richard Dunne og Micah Richards átti stórleik auk Joe Hart markmanns. Það varð til þess að gestirnir náðu ekki að skora, ekki frekar en baráttuglaðir heimamenn.

City átti aðeins fjögur skot að marki og fór vart yfir miðju í síðari hálfleik en barðist vel fyrir stiginu. Jamie Carragher fór fyrir vörn Liverpool og stöðvaði margar sóknarlotur heimamanna sem eru líklega sáttari með stigið en gestirnir.

„Við erum ögn pirraðir yfir þessu. Við sköpuðum okkur mörg marktækifæri, spiluðum vel og héldum boltanum innan liðsins á löngum stundum. Ég er ánægður með liðið mitt en óánægður með úrslitin," sagði Rafael Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool.

„Við fengum nógu mörg tækifæri til að vinna leikinn gegn mjög góðu liði sem er erfitt heim að sækja. Leikmennirnir lögðu sig alla fram í verkefnið en það dugði ekki til að þessu sinni. Það er gott að halda hreinu á útivelli en eftir svona mörg skot á markið átti að klára leikinn," sagði Benítez.

Dunne var að öðrum ólöstuðum maður leiksins en hann bjargaði sínum mönnum hvað eftir annað á ögurstundu. „Þetta var mjög erfitt. Liverpool hefur verið gagnrýnt fyrir að spila ekki nógu vel en það sýndi í dag hvað í því býr. Sem betur fer stóðum við okkar plikt í vörninni og það skiladi sér í þessum leik," sagði Dunne.

Blackburn lagði Derby

Derby endaði árið á tapi og situr sem fastast á botni deildarinnar með aðeins sjö stig. Árið 2008 verður erfitt fyrir Paul Jewell, stjóra liðsins, en Steve Howard brenndi af vítaspyrnu fyrir Derby eftir að liðið komst í 1-0. Leikmenn Blackburn nýttu sér það og skoruðu tvö mörk í fyrri hálfleiknum og unnu að lokum 2-1.

„Við sýndum mikinn dug í að koma sterkir til baka og ef við hefðum nýtt eitthvert af þessum færum hefðum við unnið stærra," sagði Mark Hughes, stjóri Blackburn, eftir sigurinn. Blakcburn er í níunda sæti deildarinnar, stutt frá baráttunni um Evrópusæti. - hþh

STERKUR Richard Dunne er hér á undan Fernando Torres í boltann, eins og svo oft í leiknum í gær.
NORDICPHOTOS/GETTY



Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu. Bragðbesta leiðin til að hætta! Hvað ert þú tilbúin að ganga langt? Fáðu ráðgjöf í apótekinu eða kynntu þér málið á www.nicorette.is

Þín ákvörðun, þín leið,
þitt Nicorette

Nicorette® Fruitmint. 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

TUTTUGU ÁRA BIÐ Á ENDA Valsmenn urðu Íslandsmeistarar í Landsbankadeild karla 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SKIN OG SKÚRIR Guðjón Valur Sigurðsson varð markakóngur á HM en meiddist síðan á öxl í deildarleik með Gummersbach.

MEISTARAR Á FERÐ Valsmenn urðu Íslandsmeistarar í handbolta karla eftir sigur á Haukum á Ásvöllum. Þeir keyrðu síðan með bikarinn niður á Hlíðarenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HEIMAMAÐUR Björgvin Sigurbergsson vann Íslandsmótið í höggleik á heimavelli í Hvaleyrinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

VANN ALLA TITLA Pálína Gunnlaugsdóttir vann alla titla ársins í kvennakörfunni, þrjá með Haukum í vor og tvo með Keflavík í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FYRIR ÁSGEIR Eiður Smári Guðjohnsen og félagar í íslenska landsliðinu tileinkuðu Ásgeiri heitnum Elíassyni sigurinn á Norður-Írum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

INNLENDUR ÍÞRÓTTAANNÁLL ÁRSINS 2007

HETJAN Tyson Patterson var maðurinn á bak við sigur KR-inga á Íslandsmóti karla í körfubolta. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

GULLSTELPAN Ragna Ingólfsdóttir vann tvö alþjóðlegmót, b-deild Evrópukeppninnar og þrefaldan sigur á Íslandsmótinu í badminton. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

ÖXLIN HANS ÓLA Ólafur Stefánsson átti mjög gott ár að venju og fór fyrir íslenska landsliðinu sem og spænsku meisturunum í Ciudad Real. Hann átti samt við erfið meiðsli að stríða á öxl. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SJÖ GULL Fríður Rún Einarsdóttir varð sexfaldur Norðurlandameistari í fimleikum unglinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HEIMSFLAKKARI Birgir Leifur Hafþórsson tryggði sér aftur þátttökurétt á Evrópumótaröðinni í golfi.

FRÁBÆRAR Kvennalandsliðið í fótbolta náði frábærum úrslitum í júní þegar liðið vann Frakkland og Serbíu með fimm daga millibili. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

STÓÐ UNDIR NAFNI Margrét Lára Viðarsdóttir fagnar einu af 38 mörkum sínum með Íslandsmeistaraliði Vals. Auglýsingin á bak við getur ekki átt betur við en á þessari stundu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SIGURSTURTAN Aðalsteinn Eyjólfsson stýrði Stjörnukonum til sigurs á Íslandsmóti kvenna í handbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

DRAMATÍK Erla Dögg Haraldsdóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir settu ófá Íslandsmet á árinu. Hér voru þar báðar undir gamla metinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

8. SÆTIÐ Íslenska handboltalandsliðið endaði í 8. sæti á HM undir stjórn Alfreðs Gíslasonar en liðið var aðeins hársbreidd frá því að komast í undanúrslitaleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

BUBBI
OG STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
Í LAUGARDALSHÖLL
NÝÁRSTÓNLEIKAR
4. OG 5. JANÚAR 2008
4 DAGAR Í TÓNLEIKA
AUKATÓNLEIKAR
4. JANÚAR KL. 20
Á föstudaginn kl. 20:00
stíga á stokk í Laugardalshöllinni;
Bubbi Morthens, Stórsveit Reykjavíkur,
Garðar Thór Cortes og Raggi Bjarna.
Hvar verður þú?
- Fimmtugasti hver sem kaupir miða á midi.is fær geisladisk með Bubba að eigin vali.
- Allir geisladiskar Bubba á tónleikatilboði í verslunum Skífunnar.
TUBORG
LÉTTÖL
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.borgun.is/klubbar
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR
Einnig í verslunum BT á landsbyggðinni
CONCERT
WWW.CONCERT.IS

MANCHESTER UNITED ENGLANDSMEISTARI Rauðu djöflarnir endurheimtu titilinn eftir fjögurra ára bið.

SVIPTINGAR HJÁ REAL MADRID Þrátt fyrir Spánarmeistaratitilinn fékk Fabio Capello að fjúka.

DAVID BECKHAM Á FARALDSFÆTI Frægasti knattspyrnumaður heims fór frá Real Madrid til LA Galaxy í Bandaríkjunum til að ljúka ferlinum.



VIÐURKENNDI LYFJAMISNOTKUN Frjálsíþróttadrottningin Marion Jones viðurkenndi tárvot að hafa neytt ólöglegra lyfja fyrir ÓL í Sydney árið 2000. Hún var svipt öllum verðlaunum sínum og dæmd í keppnisbann.

EVRÓPUMEISTARI Kaká fagnar Evrópumeistaratitli með AC Milan á táknrænan hátt. Kaká þótti bera af öðrum knattspyrnumönnum á árinu og hlaut hann meðal annars Gullknöttinn frá FIFA. Evrópumeistaratitillinn fullkomnaði frábært ár hjá honum en AC Milan vann þá Liverpool í Grikklandi. NORDICPHOTOS/AFP

STANDA SAMAN Í STRÖNGU Eiður Smári og Ronaldinho hafa báðir gengið í gegnum erfiða tíma hjá Barcelona. Félagarnir hafa sýnt hvor öðrum góða samstöðu á hinum erfiðu tímum.

ERLENDUR ÍÞRÓTTAANNÁLL ÁRSINS 2007

SÁ SÉRSTAKI HÆTTI José Mourinho hætti með Chelsea, öllum að óvörum. Var orðaður við enska landsliðið sem einnig skipti um þjálfara þegar Fabio Capello tók við af Steve McClaren. Mourinho er enn ekki búinn að finna sér nýtt starf.

WEST HAM ÆVINTÝRIÐ Eggert Magnússon hætti sem stjórnarformaður West Ham eftir ævintýralegt ár. Félaginu tókst að bjarga sér frá falli og seldi svo stjörnuna Carlos Tevez. Eggert og aðaleigandinn Björgólfur Guðmundsson tókust á í fjölmiðlum. Björgólfur átti langstærstan hlut í félaginu en var mun minna í brennidepli en Eggert sem síðan seldi honum sinn hlut á haustmánuðum.

FRÁBÆR Tony Parker fór fyrir NBA-meisturum San Antonio Spurs. Frakkinn varð fyrsti Evrópubúinn til að vera valinn verðmætasti leikmaður úrslitakeppninnar.

ÞÝSKALAND HEIMSMEISTARI Þjóðverjar hrepptu gullið á HM kvenna. Þær unnu brasilíska liðið í úrslitaleiknum í Kína, 2-0.

WOODS GÓÐUR Tiger Woods vann meðal annars PGA-meistaramótið, varð í öðru sæti á Masters-mótinu og opna bandaríska. Hann vann svo fjölda móta á PGA-mótaröðinni.

RAIKKONEN MEISTARI Kimi Raikkonen ók Ferrari-fák sínum til heimsmeistaratitils ökuþóra á skemmtilegu og spennandi Formúlu-1 ári.

HVER ER BESTUR? Tveir bestu tenniskappar heims mættust í einstökum leik í maí. Roger Federer hafði unnið 48 leiki í röð á grasi og Rafael Nadal 72 leiki í röð á leir. Sérstakur völlur var útbúinn fyrir kappana með báðum yfirborðum þar sem Nadal vann að lokum í frábærum leik, 7-5, 4-6 og 7-6 (12-10).

Gott og gleðilegt nýtt ár!

2008

Þökkum ánægjuleg viðskipti
á átttugasta og fimmta starfsári fyrirtækisins.

ORMSSON

FRAMSÝNI OG METNAÐUR SÍÐAN 1922

KVIKA

> Gwyneth Paltrow

Paltrow er gift Chris Martin, söngvara Coldplay, en saman eiga þau tvö börn. Það eldra hefur oft lent á listum yfir skrýtnustu nöfn barna þekktra einstaklinga en fullu nafni heitir hún Apple Blythe Alison Martin. Apple verður hins vegar fjarri góðu gamni í myndinni The Royal Tenenbaums sem Stöð 2 Bíó sýnir í í kvöld en þar leikur móðir hennar eitt aðalhlutverkið.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON SAKNAR FYRRVERANDI ÚTVARPSSTJÓRA

Tíminn er eins og grænlenskt gamalmenni

Kannski er það tímanna tákn að sjónvarpsefni er orðið stór hluti af helstu hátíðum ársins. Þegar mannheimar eru sveipaðir helgi trúarhátíðanna þá svara dagskrárgerðarmenn því með gæðaefni hvers konar. Sjónvarpið breytist að vissu leyti í altari. Þetta kemur þó aldrei eins skýrt fram og á síðasta degi ársins. Ég held að ég tali fyrir munn margra þegar ég segi að áramót séu ekki síður hátíð en páskar og jólin sjálf; það er bara annar bragur yfir þessu öllu saman. Allt er þetta bundið hefðum og í hugum margra er óhugsandi að sleppa því að horfa á annála liðins árs og ekki þarf að fjölyrða um skaupið. Ætli Flosi Ólafsson hafi vitað að hann væri að koma sér í sögubækurnar sem einn áhrifamesti einstaklingur Íslandssögunnar þegar hann byrjaði með þennan skemmtiþátt á sínum tíma? Örugglega ekki, en það er staðreynd engu að síður.



Talandi um hefðir. Heima var það heilög stund að fylgjast með því þegar gamla árið kvaddi og hið nýja tók við. Þetta hefur um ómunatíð verið gert á mjög grafískan hátt hjá Ríkissjónvarpinu. Gamla árið siglir inn í tómið og mætir þar hinu nýja. Máttarvöldin einhvern veginn senda nýtt eintak og leiða hið gamla til aftöku. Eins og grænlenskt gamalmenni er það sett á ísjaka og stjakað út á haf aldanna til að deyja drottni sínum.

Á meðan á þessari dramatík stóð vildi mamma alltaf hafa okkur krakkana í fanginu. Sú gamla vatnaði músum á meðan, en í hennar huga er það heilög stund þegar tíminn kastar hamnum og birtist nýr með loforðum um betri tíma. Ég hafði ekki sérstakan skilning á þessari tilfinningasemi. Mér leiddist ávarp útvarpsstjóra; Andrés Björnsson var að mínu mati eins og grænlenskt gamalmenni og átti að fá sömu örlög. En ég veit núna hvernig henni leið. Þetta andartak er engu líkt.

EKKI MISSA AF

14.45 Arsenal-West Ham SÝN 2

19.25 Pétur Pan SJÓNVARPIÐ

22.00 Post Impact SKJÁREINN

22.00 Ren & Stimpy SIRKUS

22.05 War of the Worlds STÖÐ 2

1. JANÚAR

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunsjónvarp barnanna Bubbi byggir, Sammi brunavörður, Magga og furðudýrið, Trillurnar, Stormynd Grísla og Stormur sigranna

10.50 Stuart litli 2

12.10 Gamla brýnið

13.00 Ávarp forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar

13.50 Svipmyndir af innlendum vettvangi 2007

14.50 Svipmyndir af erlendum vettvangi 2007

15.40 Nýárstónleikar í Vínarborg

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Skoppa og Skrítla í Tógó (2:2)

18.22 Óskabrunnur Leikin íslensk barnamynd eftir handriti Yrsu Sigurðardóttur.

18.40 Hestastelpan

19.00 Fréttir

19.20 Veður

19.25 Pétur Pan Bandarísk bíómynd frá 2003. Systkini í London fá í heimsókn Pétur Pan, drenginn sem neitar að verða fullorðinn, og hann fer með þau á slóðir sjóræningjaforingjans Króks kafteins.

21.20 Syndir feðranna Heimildamynd eftir Ara Alexander Ergis Magnússon og Bergstein Björgúlfsson um Breiðavíkurhneykslið sem skók þjóðina.

22.55 Sólkonungurinn (Solkongen) Dönsk bíómynd frá 2005.

00.20 Dagatalsdömur (Calendar Girls)

02.05 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Lemony Snicket´s A Series of Unfortunate Events

08.00 Be Cool

10.00 Two Family House

12.00 Fjölskyldubíó-Doctor Dolittle 3

14.00 Lemony Snicket´s A Series of Unfortunate Events

16.00 Be Cool Framhald hinnar geysivinsælu gáskafullu glæpamyndar Get Shorty.

18.00 Two Family House

20.00 Fjölskyldubíó-Doctor Dolittle 3

22.00 The Royal Tenenbaums

00.00 The Singing Detective

02.00 The 40 Year Old Virgin

04.00 The Royal Tenenbaums

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir

07.25 Kalli á þakinu

07.50 Dora the Explorer - Special 1

08.40 Kalli kanína og félagar

09.05 Lotta flytur að heiman

10.30 Ice Age. The Meltdown

12.00 Hádegisfréttir

12.20 Fréttaannáll 2007

13.35 Kryddsíld 2007

15.30 Wallace & Gromit. The Curse of the Were-Rabbit

16.55 Björgvin og Sinfónían Það er hinn ástsæli söngvari, Björgvin Halldórsson, sem prýðir skjáinn á nýárskvöld ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Um er að ræða upptöku af tónleikum sem fram fóru fyrr á árinu og sýndi hinn goðsagnakenndi Bó allar sínar bestu hliðar.

18.30 Fréttir

18.50 Anna og skapsveiflurnar Frumsýning í sjónvarpi á nýrri íslenskri tölvuteiknimynd eftir Gunnar Karlsson sem gerðu verðlaunamyndina Litlu lirfuna ljótu. Myndin er fyrst sýnd á íslensku tali og síðan með upprunalegu tali. Leyfð öllum aldurshópum.

19.15 Anna og skapsveiflurnar

19.45 Chronicles of Narnia. The Lion, The Witch and the Wardrobe (Ljónið, nornin og skápurinn) Aðalhlutverk. Georgie Henley, Skandar Keynes, William Moseley. Leikstjóri. Andrew Adamson. 2005. Leyfð öllum aldurshópum.

22.05 War of the Worlds (Innrásin frá Mars) Stórmynd frá Steven Spielberg, byggð á margfrægri vísindaskáldsögu H.G. Wells, með Tom Cruise í aðalhlutverki. Versta martröð mannkynsins er orðin að veruleika. Hafin er innrás geimvera frá Mars, sem ætla sér að útrýma öllu lífi á jörðinni með ógnarskjótum hætti. Cruise leikur föður sem er staðráðinn í að bjarga lífi fjölskyldu sinnar en þar er við ramman reip að draga. Aðalhlutverk: Tom Cruise, Miranda Otto, Dakota Fanning, Justin Chatwin. Leikstjóri. Steven Spielberg. 2005. Stranglega bönnuð börnum.

00.00 Ray

02.30 Thanksgiving Family Reunion

04.00 Chronicles of Narnia

06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

11.15 Hefnd nördanna (KF Nörd - FC Z)

12.10 PGA Tour 2007 - Árið gert upp PGA mótaröðin gerð upp og öll helstu tilþrifin sýnd.

13.05 Sumarmótin 2007 (Annáll) Sumarmótin 2007 gerð upp en að vanda voru fjölmörg frábær mót þar sem æska landsins lét mikið að sér kveða.

13.55 Kraftasport - 2007 Kraftasportið árið 2007 gert upp með pompi og prakt.

14.40 Íþróttaárið 2007 Íþróttadeild Sýnar gerir upp árið 2007 af sinni alkunnu snilld. Allt það helsta sem gerðist í íþróttunum á árinu sem leið tekið fyrir. Þáttur sem fólk má ekki missa af.

17.10 Kaupþings mótaröðin 2007 (Annáll)

18.10 Presidents Cup 2007

19.00 Inside Sport

19.25 Tiger in the Park

20.20 Inside Sport

20.45 Skills Challenge

22.45 HM hápunktar. 20 eftirminnilegustu atvikin Tuttugu eftirminnilegustu atvikin úr sögu HM í knattspyrnu. Pelé, Cruyff, Maradona og fleiri leika listir sínar

SÝN 2

09.25 Man. City - Liverpool

11.05 4 4 2

12.30 Fulham - Chelsea Bein útsending frá leik Fulham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

14.45 Arsenal - West Ham Bein útsending frá leik Arsenal og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

17.10 Aston Villa - Tottenham Bein útsending frá leik Aston Villa og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

19.10 Man. Utd. - Birmingham Útsending frá leik Man. Utd og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.

20.50 Reading - Portsmouth Útsending frá leik Reading og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram þriðjudaginn 1. janúar.

22.30 Middlesbrough - Everton (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Middlesbrough og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram þriðjudaginn 1. janúar.

SKJÁREINN

09.30 Dýravinir (e)

10.00 Vörutorg

11.00 Dr. Phil (e)

11.45 Dýravinir (e)

14.45 Barbara Walters. 30 mistakes in 30 years (e)

16.45 Trabant tónleikar (e)

17.45 Dr. Phil

18.30 The Drew Carey Show (e)

19.00 Ertu skarpari en skólakrakki? (e)

20.00 Justin Timberlake tónleikar Upptaka frá frábærum tónleikum með hjartaknúsaranum Justin Timberlake í Madison Square Garden í New York.

22.00 Post Impact Spennumynd með Dean Cain í aðalhlutverki. Sagan gerist árið 2015 þegar heimurinn er gjörbreyttur. Risastór loftsteinn rakst á jörðina þremur árum áður og setti allt á annan endann. Jarðskjálftar og flóðbylgjur grönduðu stórum hluta jarðarinnar og það skall á ísöld á norðurhveli jarðar. Þeir sem lifðu af hafa komið sér fyrir sunnan miðbaugs. Þegar könnunarflaug sem send er yfir ísilagða Evrópu er skotin niður er ákveðið að senda út leiðangur til að komast að orsökinni og drepa hugsanlega óvini. Tom Parker, fyrrum öryggisvörður í bandarískra sendiráðinu í Berlín, fer fyrir hópnum en hann heldur enn í vonina að finna eiginkonu sína og dóttur á lífi undir ísnum í Berlín.

23.30 The Drew Carey Show

23.55 29 Palms Gamansöm spennumynd frá árinu 2002 með Chris O'Donnell, Jeremy Davies, Rachael Leigh Cook, Bill Pullman og Michael Rapaport í aðalhlutverkum. Allt er í hers höndum í litlum eyðimerkurbæ þegar svartri tösku fullri af peningum er stolið. Taskan skiptir ört um hendur og hefur áhrif á alla þá sem handleika hana.

01.25 NÁTTHRAFNAR

01.25 C.S.I. Miami

02.10 Ripley's Believe it or not!

02.55 Trailer Park Boys

03.20 Vörutorg

04.20 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Í KVÖLD

STÖÐ 2
Anna og skapsveiflurnar kl. 18.50
Chronicles of Narnia kl. 19.45
War of the Worlds kl. 22.05

Það er sannarlega glæsilegt sjónvarpskvöld á Stöð 2 í kvöld. Frumsýning verður í sjónvarpi á nýrri íslenskri tölvuteiknimynd eftir Gunnar Karlsson sem gerðu verðlaunamyndina Litlu lirfuna ljótu. Björk ljáir Önnu rödd sína en aðrir talsetjarar eru Damon Albarn, Sjón og Þórunn Lárusdóttir. Sögumaður er Terry Jones úr Monty Python og höfundur sögunnar er Sjón. Myndin er fyrst sýnd með íslensku tali og síðan með upprunalegu tali. Strax á eftir kemur svo að ævintýramyndinni Chronicles of Narnia. Seinna í kvöld leikur Tom Cruse í sannkölluðu meistaraverki eftir Steven Spielberg kl 22.05.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Enski boltinn
Sýn 2 allan daginn

Knattspyrnuáhugamönnum ætti ekki að leiðast á þessum fyrsta degi ársins. Sex leikir fara fram í deildinni í dag og hefst veislan með leik Fulham og Chelsea klukkan 12.45. Klukkan 15.00 eru síðan fjórir leikir á dagskrá og dagurinn endar loks með leik Aston Villa og Tottenham klukkan 17.20.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

09.00 Klukkur landsins
09.25 Sinfónía nr. 9 í d-moll eftir Ludwig van Beethoven
11.00 Guðsþjónusta í Dómkirkjunni í Reykjavík
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Ávarp forseta Íslands
13.25 Mozart á nýju ári
13.58 Hamlet á Íslandi
14.45 Útvarpsleikhúsið: Hamlet
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Veðurfregnir
16.07 Hvers er að vænta?
17.00 Sinfónía eitt
17.30 Næturgalinn
18.00 Kvöldfréttir
18.18 „Að finna eitthvað sem sprellar af lífi"
18.57 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Camerata Drammatica
20.15 Napóleon Bónaparti
21.10 Kampavín og kristalsglös
22.10 Veðurfregnir
22.15 Ársól
23.00 Orgelflugeldar
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks
16.30 Hollyoaks
17.00 George Lopez Show, The (5:18)
17.30 Johnny Zero (9:13)
18.15 Lovespring International (1.13) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
18.35 Big Day (1:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 George Lopez Show, The (5:18)
20.30 Johnny Zero (9:13)
21.15 Lovespring International (1:13)
21.35 Big Day (1:13)
▶ **22.00 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.
22.25 Special Unit 2 (1:19) (SU2) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
23.10 E-Ring (22:22)
23.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

iNN

20.00 Nútímafólk Randver ræðir við Bergþór Pálsson um sönglist og mannasiði.
20.30 Nútímafólk Randver ræðir við Kjartan Ólafsson tónskáld um tónsmíðar og tónlist.
21.00 Nútímafólk María Kristjánsdóttir, leikstjóri, um leikhús og útvarp.
21.30 Nútímafólk Friðrik Þór Friðriksson, kvikmyndaleikstjóri, um barnæskuna í Vogunum og íslenska kvikmyndagerð.

DR 1

10.00 Året der gik i kongehuset **11.00** Dronningens Nytårstale **11.15** Nytårskoncerten fra Wien **12.45** Syv mænd sejrer **14.50** Charles' tante **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Huset på Christianshavn **18.15** Statsministerens nytårstale **18.30** Aftenshowet med Vejret **19.00** Sommer **20.00** Adams æbler **21.30** Dante's Peak **23.10** En helt forkert sherif

NRK 1

9.35 Kjell Nupen - en odyssé mellom himmel og jord **10.25** Ville dyr i byen **11.15** Nyttårskonserten fra Wien **12.30** Hoppuka og Tour de Ski **12.45** Hoppuka **13.40** Sport i dag **13.50** Hoppuka **14.25** Tour de Ski **15.00** Tour de Ski **15.15** Sport i dag **15.25** Den siste Fleksnes **16.50** Sametingspresidentens nyttårstale **17.00** Dyrlege Due **17.10** Småspøkelsene **17.20** Snowys jul **17.30** Nøtteliten **17.35** Energikampen 2007 **18.00** Dagsrevyen **18.30** Statsministerens nyttårstale **18.45** Rytmer i samspill **19.00** Julenøtter **19.15** Godt musikkår 2008 **20.20** Bridget Jones' dagbok **21.55** Løsning julenøtter **22.00** Extra-trekning **22.10** Kveldsnytt **22.25** Keno **22.30** De dødes tjern **23.45** Spekter: Spionprogrammet Norge ikke fikk se **0.40** Autofil jukeboks **2.00** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

11.00 Rapport **11.05** Argument **13.05** Festivitetssalongen **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.30** Annes trädgård **17.00** BoliBompa **17.10** Småkryp **17.20** Krig och kakor **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Philofix **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Toppform **21.00** Snillen spekulerar **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** 28 Dagar **0.00** Grotesco

> **James Woods**

Quentin Tarantino bauð Woods að leika Mr. Orange í mynd sinni Reservoir Dogs en umboðsmaður Woods sagði hins vegar Woods ekki einu sinni frá því og hafnaði því. Woods reiddist svo að hann rak umboðsmanninn góða. Woods leikur aðalhlutverkið í myndinni Race to Space sem Skjár Einn sýnir í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ VIGNIR GUÐJÓNSSON VELTIR SAMKEPPNI ÁRAMÓTASKAUPSINS FYRIR SÉR

Mistök Barböru Walters eða Skaupið?

Hvað eiga Anchorman: The Legend of Ron Burgundy, The Island, Barbara Walters; 30 Mistakes in 30 Years, The Drew Carey Show, Sjáðu og Johnny Zero sameiginlegt? Jú, þetta eru þeir dagskrárliðir sem keppinautar RÚV á sjónvarpsafþreyingarmarkaðnum setja til höfuðs Áramótaskaupinu þetta árið. Og í ljósi þess að Skaupið mældist með 95 prósenta áhorf í fyrra er áhugavert að velta fyrir sér hvað liggur að baki þeirri ákvörðun sjónvarpsstjóra stöðvanna að setja áðurnefnda þætti og kvikmyndir á dagskrá síðasta klukkutíma þessa árs. Fyrir það fyrsta er óhætt að segja að þessir dagskrárliðir séu mjög misjafnir að gæðum. Skjár Einn sýnir tveggja klukkustunda þátt um mistök á 30 ára ferli Barböru Walters. Hljómar ekki spennandi. Drew Carey tekur reyndar við kl. 23 en ég efast um að nokkur muni taka hann fram yfir Skaupið, sama hversu vont það er. Hvað ætli auglýsingasekúndan kosti í þessum tiltekna Drew Carey þætti á gamlárskvöld? Stöð 2 Sirkus og Stöð 2 bíó halda sínu striki með endursýningum og bjóða upp á dagskrá nánast eingöngu prinsippsins vegna. Ekki einu sinni stjórnendur Sirkuss láta sér detta í hug að einhver taki Johnny Zero fram yfir Skaupið. Stöð 2 frumsýnir Anchorman með Will Ferrell, gamanmynd sem naut mikilla vinsælda í kvikmyndahúsum og myndbandaleigum. Erfiðara er að ráða úr þeirri ákvörðun en ekki er hægt að sjá annað en að Stöð 2 vilji bjóða áskrifendum sínum verðugan valkost á móti Skaupinu ef það nær ekki að kalla fram þann hlátur sem krafa er gerð um. Ekki skemmir fyrir að Will Ferrell er gríðarlega vinsæll hjá yngri kynslóðinni og allir vita að hún getur haft mikinn sannfæringarkraft þegar kemur að því að ákveða hvaða sjónvarpsstöð skal stilla á innan veggja heimilisins.

Sýn spilar líklega eðlilegasta leikinn af öllum sjónvarpsstöðvunum í ár og gerir einfaldlega hlé á dagskrá sinni. Það má þó velta því fyrir sér hvort það sé rétt ákvörðun. Miðað við samkeppnina hefði markasúpa úr ensku úrvalsdeildinni líklega orðið fyrsti valkostur margra karlmanna á eftir Skaupinu. En karlmenn ráða náttúrulega engu.

EKKI MISSA AF

▶ **13.20 Íþróttaárið 2007** SÝN

▶ **21.00 30 mistök á 30 árum** SKJÁREINN

▶ **22.30 Anchorman** STÖÐ 2

▶ **00.10 Tónleikar á Menningarnótt** SJÓNVARPIÐ

▶ **00.20 Office Space** SIRKUS

31. DESEMBER

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Gurra grís, Lítil prinsessa, Bubbi byggir, Sammi brunavörður, Magga og furðudýrið, Trillurnar og Gló magnaða.
10.35 Jólaball Stundarinnar okkar Endursýndur þáttur frá jóladegi.
11.05 Silfur Egils
12.50 Táknmálsfréttir
13.00 Fréttir
13.25 Veður
13.30 Formúluannáll 2007
14.30 Íþróttaannáll
16.30 Fyrir þá sem minna mega sín Upptaka frá tónleikum Fíladelfíukirkjunnar í Reykjavík.
17.40 Hlé
20.00 Ávarp forsætisráðherra, Geirs H. Haarde Textað á síðu 888 í Textavarpi.
20.20 Svipmyndir af innlendum vettvangi Textað á síðu 888 í Textavarpi.
21.25 Svipmyndir af erlendum vettvangi Textað á síðu 888 í Textavarpi.
22.30 Áramótaskaup Sjónvarpsins Textað á síðu 888 í Textavarpi.
23.26 Kveðja frá Ríkisútvarpinu
▶**00.10 Tónleikar á Menningarnótt** Upptaka frá tónleikum sem haldnir voru á Klambratúni á Menningarnótt í Reykjavík í ágúst. Fram koma Ljótu hálfvitarnir, Vonbrigði, Pétur Ben, Mínus, Sprengjuhöllin, Eivör, Á móti sól, Megas og Mannakorn.
01.55 Meiri sálgreining (Analyze That)
03.30 Villingagarðurinn (National Lampoon's Animal House)
05.15 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Bruce Almighty
08.00 The Truman Show
10.00 Big Momma´s House 2
12.00 The Full Monty
14.00 The Truman Show
16.00 Big Momma´s House 2
18.00 The Full Monty
20.00 Bruce Almighty Rómantísk gamanmynd með ævintýralegu ívafi.
22.00 The Island Bandarískur vísindatryllir eftir Michael Bay með Ewan McGregor og Scarlett Johannsson í aðalhlutverkum.
00.15 Psycho
02.00 Layer Cake
04.00 The Island

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stubbarnir, Litla lirfan ljóta, Firehouse Tales, Dora the Explorer - Special 1, Litlu grallararnir, Kalli kanína og félagar og W.I.T.C.H.
10.35 Good Boy! (Góður strákur!)
12.00 Hádegisfréttir
12.25 Liar Liar
13.50 Kryddsíld 2007 Árlegur áramótaþáttur sem verið hefur fastur liður á dagskrá gamlársdags á Stöð 2 allt frá árinu 1990.
15.45 A Cinderella Story
17.20 Two and a Half Men (2:24)
17.45 Bubbi - 06.06.06
20.00 Ávarp forsætisráðherra
20.20 Fréttaannáll 2007 Fréttastofa Stöðvar 2 gerir upp árið.
21.30 Sálin og Stuðmenn í Köben Sálin hans Jóns míns og Stuðmenn héldu eftirminnilega tónleika og dansleik í Kaupmannahöfn í vor. Hér er á ferð vönduð upptaka frá tónleikunum og síðar í kvöld hefst svo sannkallaður áramótadansleikur með þessum ástsælu sveitum.
▶**22.30 Anchorman . The Legend of Ron Burgundy** Geysivinsæl gamanmynd með einum eftirsóttasta gamanleikaranum í dag, Will Ferrell, í hlutverki heitasta fréttaþular í bransanum - á 8. áratugnum. Í Bandaríkjunum, líkt og hér, eru fréttaþulir aðalsjónvarpsstjörnurnar og Ron Burgundy er fullkomlega meðvitaður um það. Stærra egó hefur enda ekki sést í sjónvarpi, hvorki fyrr né síðar og hann nýtur sín að vera konungurinn í þessu mikla karlaveldi sem sjónvarpsfréttirnar voru í þá daga. En veldi hans og sjálfsmynd er ógnað verulega þegar kona er ráðin í hlutverk fréttaþulur, ung og efnileg fréttakona, gullfalleg og með bein í nefinu, sem ætlar sér alla leið á toppinn og lætur enga karlpunga stöðva það markmið sitt. Anchorman var ein vinsælasta gamanmynd síðasta árs og er mynd sem hægt er að horfa á aftur og aftur - og aftur. Aðalhlutverk. Paul Rudd, Christina Applegate, Will Ferrell. Leikstjóri. Adam McKay. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.
00.05 Sálin og Stuðmenn í Köben Sannkallaður áramótadansleikur með ástsælustu hljómsveitum þjóðarinnar, Sálinni og Stuðmönnum, en upptakan var gerð á eftirminnilegum dansleik í Köben fyrr á árinu.
02.05 Dodgeball. A True Underdog Story
03.35 Liar Liar
05.00 A Cinderella Story
06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

09.00 Presidents Cup 2007
09.50 PGA Tour 2007 - Árið gert upp
10.45 Kraftasport - 2007 (Annáll)
11.30 Kaupþings mótaröðin 2007 (Annáll)
12.30 Sumarmótin 2007 (Annáll)
▶**13.20 Íþróttaárið 2007** Íþróttadeild Sýnar gerir upp árið 2007 af sinni alkunnu snilld. Allt það helsta sem gerðist í íþróttunum á árinu sem leið tekið fyrir. Þáttur sem fólk má ekki missa af.
15.50 2006 Fifa World Cup Offical Film Þáttur um lokakeppni HM í knattspyrnu sem fram fór í Þýskalandi í sumar. Keppnin var skemmtileg og spennandi eins og við var að búast þar sem hið unga lið heimamanna kom mjög á óvart með skemmtilegum leik. Jafnframt léku Ítalir skemmtilegri knattspyrnu en oft áður og lið Frakka kom einnig á óvart þrátt fyrir að margir teldu þá tefla fram of gömlum leikmönnum.
17.20 Hefnd nördanna (KF Nörd - FC Z) Útsending frá leik íslensku nördanna og sænsku nördanna en leikurinn var sýningarleikur á Landsmóti UMFÍ í Kópavogi. Íslendingarnir voru staðráðnir í að hefna fyrir ófarir íslenska A-landsliðsins gegn Svíum.
18.15 HLÉ Á DAGSKRÁ
20.30 Íþróttaárið 2007

SÝN 2

10.00 Goals of the season (Goals of the Season 2002/2003) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
10.55 Goals of the season (Goals of the Season 2003/2004) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
11.50 Goals of the season (Goals of the Season 2004/2005)
12.45 Goals of the season (Goals of the Season 2005/2006) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
13.40 Goals of the season (Goals of the Season 2006/2007) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
14.35 Everton - Arsenal (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Everton og Arsenal sem fram fór laugardaginn 29. desember.
16.15 Man. City - Liverpool (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Man. City og Liverpool sem fram fór sunnudaginn 30. desember.

SKJÁREINN

10.00 Vörutorg
11.00 Dr. Phil (e)
13.20 The Karate Kid Frábær kvikmynd frá 1984 með Ralph Macchio, Pat Morita og Elisabeth Shue. Gamall bardagameistari kemur unglingi til bjargar þegar strákarnir í hverfinu eru að lumbra á honum. Hann fær öldunginn til að samþykkja að kenna sér karate en sá gamli beitir óhefðbundnum aðferðum.
14.50 2007 American Music Awards (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 According to Jim
19.30 30 Rock (e)
20.00 Trabant-tónleikar Upptaka frá tónleikum með hljómsveitinni Trabant sem fram fóru á NASA fyrr á árinu.
▶**21.00 Barbara Walters. 30 mistakes in 30 years** Skemmtilegur þáttur þar sem ein ástsælasta sjónvarpskona heims, Barbara Walters, fer yfir 30 stærstu mistökin og neyðarlegustu atvikin sem hún hefur gert á 30 ára ferli hjá ABC-sjónvarpsstöðinni. Meðal þess sem sýnt er í þættinum er þegar hún spyr nokkur þekkt kynþroska hvernig þau misstu sveindóminn. Hún fær líka einkakennslu hjá Demi Moore í súludansi. Í hópi þeirra sem koma fram í þættinum eru m.a. Al Pacino, Will Ferrell, Eddie Murphy, Lucille Ball, Jamie Foxx, George Clooney, Teri Hatcher, Brad Pitt, Halle Berry, Jerry Seinfeld og Ronald Reagan.
23.00 The Drew Carey Show
23.30 Race to Space Kvikmynd frá árinu 2001 sem byggð er á sönnum atburðum.
01.15 Out of Line Spennumynd frá árinu 2001 með Jennifer Beals í aðalhlutverki.
02.50 NÁTTHRAFNAR
02.50 C.S.I. Miami
03.40 Ripley's Believe it or not!
04.25 Trailer Park Boys
04.55 Vörutorg
05.55 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Útsalan
hefst 2. janúar
verðlistinn
v/laugalæk • sími: 553 3755

Í KVÖLD

STÖÐ 2

Kryddsíld kl. 13.50

Fréttaannáll kl. 20.20

Kryddsíld er árlegur áramótaþáttur sem verið hefur fastur liðir á dagskrá gamlársdags á Stöð 2 allt frá árinu 1990. Leiðtogar helstu stjórnmálaflokka landsins staldra við á gamlársdag og vega og meta árið sem er að líða, bæði á alvarlegum og léttum nótum, ásamt þeim Sigmundi Erni Rúnarssyni og Eddu Andrésardóttur. Kl 20.20 í kvöld gerir fréttastofa Stöðvar 2 upp árið í hröðum og skemmtilegum fréttaannáli þar sem jöfnum höndum er varpað áhugaverðu ljósi á hið markverðasta sem gerðist á árinu, sem hið minna markverða en kómíska.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Áramótaskaupinu

Sjónvarpið kl. 22.30

Atburðir og persónur ársins 2007 í spéspegli. Hvað bar hæst á liðnu ári, hvað var „hitamál" hjá þjóðinni, um hvað var bloggað, hverjir gerðu upp á bak og hverjir ekki? Ástir, átök, spenna og dularfullir atburðir í fyrsta fjölþjóðlega Áramótaskaupinu. Helstu leikarar eru Charlotte Böving, Dimitra Drakopoulou, Jón Gnarr og Þorsteinn Guðmundsson en leikstjóri þetta árið er Ragnar Bragason.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Okkar á milli
10.03 Veðurfregnir
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Hver vegur að heiman...
13.50 Þið þekkið fold með blíðri brá
14.40 Nýárskveðjur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Veðurfregnir
16.07 Hvað gerðist á árinu?
17.50 HLÉ
18.00 Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju
19.00 Þjóðlagakvöld
20.00 Ávarp forsætisráðherra
20.15 Áramótalög
20.20 Hundur í útvarpssal
21.20 Deleríum Búbónis
21.50 Dansað í stofunni
22.10 Veðurfregnir
22.15 Örlagatangó
22.50 Hundrað klukkur og allar vitlausar
23.45 Máninn hátt á himni skín
23.54 Brennið þið vitar
23.59 Kveðja frá Ríkisútvarpinu
00.05 Gleðilegt ár!
01.00 Nýárstónlist til morguns, m.a. gamalt efni úr segulbandasafninu

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks
16.30 Hollyoaks
17.00 Totally Frank
17.25 Footballer´s Wives - Extra Time
17.50 Footballer´s Wives - Extra Time
18.15 X-Files (e)
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 Totally Frank
20.25 Footballer´s Wives - Extra Time
20.50 Footballer´s Wives - Extra Time
21.15 X-Files (e)
22.00 Pressa (1.6) Ný rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. Í þáttaröðinni fylgjumst við með Láru, nýgræðingi í blaðamennsku, sem tekur að sér að rannsaka dularfullt mannshvarf, sem brátt breytist í morðrannsókn. 2007.
22.45 Sjáðu
23.10 Johnny Zero (8:13)
23.55 Ren & Stimpy
▶ **00.20 Office Space** Skrifstofublókin Peter Gibbons er búinn að fá nóg af starfi sínu og ákveður að gera allt til þess að verða rekinn. Hann tekur upp á því að mæta alltof seint í vinnuna og suma daga heldur hann sig bara heima. En fyrirætlanir hans fara út um þúfur því að hegðun hans er ræki lega misskilin og það lítur ekki út fyrir annað en hann sé á hraðri uppleið innan fyrirtækisins. Aðalhlutverk. Jennifer Aniston, Ron Livingston, David Herman. Leikstjóri. Mike Judge.
01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

iNN

20.00 Mér finnst Ólína Þorvarðardóttir fær þær Silju Aðalsteinsdóttur ritstjóra og Soffíu Auði Birgisdóttur bókmenntafræðing í heimsókn.
21.00 Mér finnst Kristín Atladóttir framleiðandi og Soffía Vagnsdóttir, bæjarráðsmaður í Bolungarvík, setjast hjá Maríönnu Friðjónsdóttur.

DR 1

10.15 Magiske Ella **11.50** Happy Gilmore **13.25** Hjerteflimmers Nytårsbal **14.25** Nytårsfandango **14.55** Olsen-banden over alle bjerge **16.30** Før Dronningens nytårstale **17.00** Dronningens Nytårstale **17.15** Efter Dronningens nytårstale **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Godt Nytår Mr. Bean **18.30** Far til fire og onkel Sofus **20.00** Revy Danmark 2007 **21.00** Olsen-banden går i krig **22.45** 90 års fødselsdagen **23.00** Rådhusklokker 2007/2008 **23.05** Vær velkommen **23.10** Nytårsgudstjeneste **0.00** Kim Larsen på tur **0.55** Lis Sørensen på Kronborg **1.25** Jerry Lee Lewis - Last Man Standing

NRK 1

10.00 Med Grimm og Gru **11.25** Sportsåret 2007 **12.30** Hoppuka **14.05** Den spanske flue **16.00** Festens dronning **16.30** Tid for tegn **16.45** Månáid-TV - Samisk barne-tv **17.00** Det første snøfallet **17.30** Energikampen 2007 **18.00** Dagsrevyen 1**8.20** Den lille piken med svovelstikkene **18.30** H.M. Kongens nyttårstale **18.50** Fyrverkerikonsert på Slottsplassen **19.00** Julenøtter **19.15** Eventyret om ærfuglen **20.05** Teppefall **21.35** Løsning julenøtter **21.40** Underholdningsåret 2007 **22.55** Ord ved årsskiftet **23.00** På kongelig varieté i Liverpool **0.30** Stjerneskudd jukeboks med chat

SVT 1

10.45 Hundhotellet **11.50** Martirios flamenco **13.00** Sportspegeln **13.30** Julsånger med Sissel Kyrkjebø **14.30** Andra Avenyn **15.00** Gomorron Sverige **15.50** Far och dotter **16.00** Rösten från St Anna - Peter Johansson **17.00** BoliBompa **17.25** Räkna med skägg **17.30** Var är lilla Nyår? **18.00** Bobster **18.30** Rapport **18.45** Grevinnan och betjänten **19.00** Andra Avenyn **19.30** Povel a la carte **21.00** David Blaine under vatten **21.45** Tyst, han kan höra dig **22.15** Rapport **22.20** Tolvslaget **23.05** Rush Hour **0.40** Vita huset



LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Ég er nú ekki mikið með kveikt á útvarpinu í vinnunni. Ég er með snyrtistofu þannig að ég hlusta yfirleitt á einhverja rólega slökunartónlist. Ef ég hlusta á útvarpið er það hins vegar Rás 2.“

Inga Louise Stefánsdóttir snyrtifræðingur.

Erum ekki að breyta stjórnarskránni

„Ég er ekki búinn að sjá skaupið en Ragnar [Bragason leikstjóri] er búinn að sjá það og hann segir að það sé frábært. Og ég verð að treysta honum,“ segir Jón Gnarr, leikari og einn þriggja handritshöfunda Áramótaskaupsins í ár. Miðað við reynslu síðustu ára er nokkuð ljóst að þorri landsmanna verður límdur fyrir framan skjáinn kl. 22.30 í kvöld þegar Áramótaskaupið verður sýnt. Lítið hefur verið látið uppi um efnistök Skaupsins í ár en eins og von og vísa er munu landsmenn allir hafa sterkar skoðanir á útkomunni. „Sem er mjög undarlegt. Það er ekki eins og við séum að breyta stjórnarskránni, þetta er bara þriggja kortera skemmtiþáttur um árið sem er að líða,“ segir Jón.

Í kynningu RÚV fyrir Skaupið í ár segir meðal annars að um sé að ræða fyrsta fjölþjóðlega Skaupið frá upphafi og vekur athygli að erlendir ríkisborgarar eru í stórum hlutverkum. Hin danska Charlotte Böving er ein þeirra, en henni hafa Íslendingar fengið að kynnast að mestu í gegnum leiksviðið hingað til, auk þess sem hún fór með hlutverk barnsmóður Georgs Bjarnfreðarsonar í Næturvaktinni.

FRÁ TÖKUM Ragnar Bragason er við stjórnvölinn í ár og ber því ábyrgð á útkomunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Þetta var ofsalega skemmtilegur tími og það var sérstaklega gaman að vinna með öllum þessum útlendingum. Ég fékk að kynnast ýmsum menningarheimum á þeim tíma sem tökur stóðu yfir,“ segir Charlotte, en hún fer með hlutverk hinnar dönsku Gitte sem er nokkuð fyrirferðarmikil í Skaupinu að þessu sinni. „Það var mjög skemmtilegt að fá að leika sér með tungumálið og blanda saman dönsku og íslensku á eins vitlausan hátt og mögulegt var,“ segir Charlotte. - vig

JÁKVÆÐUR Í ÁR Jón Gnarr var í stóru hlutverki í Skaupi síðasta árs eins og nú.



LÁRÉTT
2. löngun **6.** kusk **8.** arinn **9.** gerast **11.** í röð **12.** sjúga **14.** sáldur **16.** tveir eins **17.** dvelja **18.** for **20.** bardagi **21.** slabb.

LÓÐRÉTT
1. fyrst fædd **3.** þys **4.** hnöttur **5.** stal **7.** galli **10.** skammstöfun **13.** efni **15.** skjóla **16.** hald **19.** guð.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. lyst, **6.** ló, **8.** stó, **9.** ske, **11.** já, **12.** totta, **14.** svarf, **16.** tt, **17.** una, **18.** aur, **20.** at, **21.** krap.
LÓÐRÉTT: 1. elst, **3.** ys, **4.** stjarna, **5.** tók, **7.** ókostur, **10.** ætv, **13.** tau, **15.** fata, **16.** tak, **19.** ra.

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

BIRGIR NIELSEN: FARSÆLL ENDIR Á STÓRA-KLAUFAMÁLINU

Klaufapeningar renna til krabbameinssjúkra barna

„Já, það gustaði um okkur kobbojana frá Selfossi. Heldur betur,“ segir Birgir Nielsen, trymbill Klaufa og ein lykilpersónan í því sem kallað var Stóra Klaufamálið og var mjög á döfinni í upphafi þessa mánaðar.

Rétt til upprifjunar snerist Stóra Klaufamálið um reikninga sem hin góðkunna kántríhljómsveit Klaufar frá Selfossi sendi inn til RÚV vegna útsendingar frá dansleik þar sem Klaufar spiluðu. RÚV taldi hins vegar engin efni til að greiða þá reikninga – að samkomulag væri um annað. Lyktir málsins urðu svo þær að RÚV greiddi Klaufum helming uppsettrar upphæðar. Nú hafa Klaufar ákveðið að láta þá upphæð, um 140 þúsund krónur, renna til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna. Stóð til að Klaufar afhentu upphæðina á árlegum styrktartónleikum Einars Bárðarsonar sem halda átti í Háskólabíói í gær. Þeim var hins vegar aflýst vegna veðurs.

Að sögn Birgis hlaut Stóra Klaufamálið farsælan endi þótt það hafi verið stormasamt á tímabili. „Rosaleg umræða. Engu logið með það. Þetta snerti greinilega gríðarlega margan manninn. Við heyrðum frá mörgum kollegum í bransanum sem sýndu okkur stuðning. En þetta mál á eftir að leiða gott eitt af sér, til dæmis hins góða fundar milli þeirra Jakobs Frímanns og Páls Magnússonar, þar sem kom fram vilji að gera betur í þessum efnum sem er vel. Vonandi geta menn unnið saman í þessum bransa í sátt og samlyndi,“ segir Birgir.

Ekki er að sjá að Stóra Klaufamálið hafi slegið þá Klaufa út af laginu né að eftirspurn hafi minnkað nema síður sé. Klaufar eru bókaðir langt fram á næsta ár en aðdáendur þeirra geta séð hljómsveitina í kvöld. „Við komum fram ásamt Bjórbandinu í Hvíta húsinu á Selfossi. Á heimaslóðum,“ segir Birgir.

Þá eru Klaufar að undirbúa efni á aðra plötu sína en hún verður tekin upp í Nashville líkt og sú fyrsta, Hamingjan er björt. „Af því konan mín er svört er vinnuheiti hennar. Við förum vestur í júní,“ segir Birgir Nielsen.

jakob@frettabladid.is

KLAUFAR FRÁ SELFOSSI Það gustaði um kobbojana í Stóra Klaufamálinu en eftirspurnin er nú meiri en nokkru sinni.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Landsliðsfyrirliðinn **Eiður Smári Guðjohnsen** vakti athygli á skemmtistöðum bæjarins síðustu daga. Á annan í jólum skemmti hann sér með **Auðuni Blöndal** sjónvarpsmanni og **Agli „Gillzenegger“ Einarssyni** á Rex í Austurstræti. Var eftir því tekið að knattspyrnumaðurinn knái var í miklum skemmtanagír. Á föstudagskvöldið var Eiður síðan aftur mættur á Rex og aftur var Auðunn Blöndal með í för. Þá þótti rólegra yfir þeim köppunum.

Annað tvíeyki hefur farið mikinn á skemmtistöðunum síðustu daga. Kvikmyndaleikstjórarnir **Quentin Tarantino** og **Eli Roth** hafa látið sjá sig á B5, Rex og Óliver auk þess að bíða með almúganum í leigubílaröð bæjarins. Nærvera þeirra hefur vakið lukku hjá kvenpeningnum og yfirgnæfðu skrækir ungmeyja á stundum tónlistina á Óliver á föstudagskvöldið. Tarantino og Roth eru hvergi nærri hættir og hafa bókað komu sína á Rex eftir miðnætti í kvöld.

- hdm

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
STÓR HUMAR HÖRPUSKEL
PILLAÐUR HUMAR RÆKJUR
TÚNFISKUR OG HUMARSÚPA
opið
Gamlársdag 10-13
Auglýsingasími
512 50 50

Stóð fyrir jólasveinagöngu í Kína

„Á meðan sumir útlendingar í Peking eru enn kvartandi yfir því að geta ekki farið heim um jólin hafa aðrir ákveðið að gera þessi jól eftirminnileg,“ segir í frétt sem birtist í dagblaðinu China Daily á jóladag. Umfjöllunarefnið er hópur sem undir stjórn hins alíslenska Jóns Bjarka Magnússonar gekk um stræti borgarinnar í jólasveinabúningum til þess að skemmta gestum og gangandi.

„Þetta er hópur sem kallar sig Practical Fun in the Now og varð til þegar ég og félagi minn ferðuðumst um Asíu fyrir tveimur árum. Hagkvæm skemmtun í núinu er þessi eina, sanna gleði sem sprettur aðeins upp í núinu sem er núna,“ segir Jón Bjarki en hann hefur starfað sem enskukennari í Peking undanfarna fjóra mánuði. „Nútíminn er fullur af allskyns bulli og við sitjum bara og gerum ekki baun í bala. Þess vegna grípur fólk hugmyndina og gerir eitthvað sem það myndi annars ekki gera. Þess vegna komu 30 manns út á lestarstöð og hittu okkur. Við gengum um borgina allan jóladag, sungum jólasöngva og leyfðum Kínverjum að taka myndir af okkur. Við fengum mikla athygli og fólkið á Torgi hins himneska friðar tók okkur virkilega vel. Konur hlógu og karlar gláptu, sum börnin voru hálf skelkuð en jöfnuðu sig fljótt.“

HAGKVÆM SKEMMTUN Jóni Bjarka Magnússyni er mikið í mun að fólk læri að skemmta sér í núinu. Áhugasamir geta kynnt sér hugmyndafræði hans á myspace.com/practicalfun.

KÍNVERSKIR JÓLASVEINAR Jón Bjarki hreif 30 manns með sér sem gengu um í jólasveinabúningum í Peking á jóladag og skemmtu sér og öðrum.

Jón Bjarki og breskur meðleigjandi hans keyptu 40 jólasveinabúninga fyrir gönguna. „Við keyptum þá á Fuchengmen-stöð en þar var líka hægt að kaupa jólatré og jólaskraut eins og á næstum hverju götuhorni í Peking fyrir jólin. Kínverjar fagna fæðingu fjármagnsins sem flæðir inn í landið með jólasveinahúfum og ameríska jólavísum.“ Á aðfangadag segist Jón Bjarki hafa borðað kalkún á kaffihúsi. „Þeir buðu upp á jólahlaðborð með öllu tilheyrandi og kór þjónanna söng jólalög fyrir okkur. Svo opnaði ég pakkana um kvöldið með kærustunni.“ - sók

Vátryggingarfélag Íslands óskar viðskiptavinum sínum
og landsmönnum öllum farsældar og öryggis á komandi ári.

Fíton/SÍA F1024235

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

„...fyrst á visir.is“

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

BAKÞANKAR
Þráins Bertelssonar

Spáð í 2008

Veður á árinu 2008 verður svipað og undanfarin ár nema heldur vætusamara á 17da júní og um verslunarmannahelgina. Afkomumöguleikar halda áfram að vera góðir hjá þeim sem skilja að lífið er ekkert annað eitt allsherjar guðdómlegt viðskiptatækifæri. Árangur kvótakerfisins kemur endanlega í ljós á árinu þegar íslenski þorskurinn verður skráður á heimsminjaskrá yfir dýr í útrýmingarhættu við hlið íslensku krónunnar.

KJARASAMNINGAR munu ganga fljótt og vel nema hjá þeim óábyrgu stéttum sem hafa einsett sér að kollvarpa stöðugleikanum með því að krefjast launahækkana að fordæmi Kjararáðs. Mikilvægur árangur næst í málefnum öryrkja og eldri borgara þegar felldur verður niður virðisaukaskattur á svefn- og þunglyndislyfjum. Í jafnréttismálum verða þær framfarir að einstaklingum verður nú leyft að giftast sjálfum sér til að fara ekki á mis við hjónaafslátt.

EMBÆTTAVEITINGAR verða óskeikular þegar deCode setur á markað uppfinningu sem nefnist „genometer“. Þetta mælitæki er svo hárnákvæmt að jafnvel gömul og uppþornuð munnvatnssýni á afturendum stjórnmálamanna duga til að gefa nákvæmar upplýsingar um genamengi og ættartengsl þeirra sem óhætt er að treysta fyrir opinberum embættum.

LANDSVIRKJUN verður einkavædd og mun Þjóðbankinn kaupa öll hlutabréf í fyrirtækinu og fá RUV ofh. í kaupbæti. Seinna á árinu kemur svo í ljós að rússneska mannúðarfyrirtækið GAZPROM í samvinnu við RIO TINTO fjármagnaði viðskiptin og fær í sinn hlut 90% eignaraðild. Íslandsvinurinn Vladimir Zhirinovskí tekur við af Friðriki Sófussyni sem forstjóri Landsvirkjunar. Arnold Schwarzenegger mun leika aðalhlutverkið í sjónvarpsseríunni „Bjöggi Rússabani“ sem RUV ohf. lætur framleiða og fjallar um útrásarvíkinga. Tveir þekktir Íslendingar munu látast á árinu og verður annar þeirra þekktari en hinn. Útför þess þekktari verður gerð á kostnað tímaritsins *Séð og heyrt*. Forseti Íslands mun skýra frá því að hann hyggist bjóða sig fram aftur 2008, 2012, 2016, 2020 og 2024 en fullkomin óvissa ríkir áfram um forsetakosningarnar 2028. Að öðru leyti verða fastir liðir eins og venjulega. Sem sagt: Gott og gleðilegt nýtt ár!

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 31. desember, 365. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.20	13.31	15.41
Akureyri	11.34	13.15	14.57

Heimild: Almanak Háskólans